

gjastkíðni Horneo min!

gkumdi ad mifra a sin
fyr þat i þof þof þof þof
þessa tilkallu þess
þessum, þa þess



Ársskýrsla 2021





Ársskýrsla 2021

| Landsbókasafn Íslands
| Háskólabókasafn



Forsíða sýningarskrár.

Sett hefur verið upp sýning um Valgerði Jónsdóttur (1771-1856), oft nefnd biskupsfrú, en 250 ár eru liðin frá fæðingu hennar.

Fyrri maður Valgerðar var Hannes Jónsson biskup í Skálholti, og sá seinni var Steingrímur Jónsson biskup í Laugarnesi. Báðir eiginmennirnir söfnuðu handritum og hún einnig, auk þess að halda bréfabók. Eftir að Valgerður varð ekkja, seldi hún handritasafnið til Landsbókasafnsins, og varð það grunnurinn að handritasafninu árið 1846.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

ÁRSSKÝRSLA 2021.

ISSN 2298-8785.

Ritstjórn: Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir.

Umbrot: Íslenska auglýsingastofan og Ólafur J. Engilbertsson.

Prentun: Háskólaprent

Forsíðumynd: Bréf Valgerðar Jónsdóttur til sonar síns, Lbs 2426 4to, og samfella Valgerðar í vörslu Þjóðminjasafns Íslands.

Myndir: Ólafur J. Engilbertsson og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir.



Efnisyfirlit

Frá landsbókaverði	4
Stjórnsýsla	6
Innra starf	7
Samskipti við Háskóla Íslands	12
Innlent samstarf	13
Erlent samstarf	16
Samningar	18
Skipurit	19
Rekstur og upplýsingatækni	20
Aðföng og skráning	27
Varðveisla og stafræn endurgerð	32
Þjónusta og miðlun	40
Árstölur	46

Frá landsbókaverði

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN er þekkingarveita í allra þágu. Safnið veitir þjónustu á öllum sviðum vísinda og fræða. Það er í forystu um öflun, varðveislu og miðlun upplýsinga og eflir þannig menningu, rannsóknir og nýsköpun.

Að loknum þingkosningum í september 2021 voru lagðar fram tillögur um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Þar var gert ráð fyrir að skipta málaflökkum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, sem safnið hefur tilheyrt, á milli þriggja ráðuneyta og að ný skipan ráðuneyta tæki gildi í febrúar 2022. Lbs-Hbs myndi tilheyra nýju menningar- og viðskiptaráðuneyti. Landsbókavörður sendi inn athugasemdir, þar sem áhersla var lögð á tvöfalt hlutverk safnsins, sem þjóðbókasafn og sem háskólabókasafn, og nauðsyn þess að hafa einnig tengiliði í væntanlegu háskóla og vísindaráðuneyti.

Covid-19 hafði áfram mikil áhrif á starfsemi safnsins. Rekstur var áfram yfir áætlun og staðan var neikvæð um 67,6 m.kr. í árslok. Afkoman er erfið og er helsta skýringin sú að framlög af fjárlögum hafa verið skorin niður tvö ár í röð, og lakari innheimta vegna Landsaðgangs. Sértekjur voru nokkru hærri en ráð var fyrir gert. Ársverkum fjölgaði um tæplega 2,5. Ferðir, ráðstefnur, sýningarhald og dagskrár lögðust nánast af eða var frestað vegna Covid-19, líkt og í fyrra.

Helstu framkvæmdir ársins voru að bílastæði voru endurmálun og lóð hreinsuð. Lagnir við hitaelement í hússtjórnarkerfum 1 og 2 voru endurnýjaðar. Ljósleiðari og nettengingar voru settar upp í Reykholti og Mjódd. Frystiklefi í kjallara var aftengdur, og element í kæliborði veitingastofu á 2. h. voru endurnýjuð. Talsverðar bilanir voru í grunnvatnsdælum allt árið, en komnar í lag í árslok. Gerðar voru tilraunir með Led lýsingu á nokkrum stöðum í safninu og kom það vel út. Lokið var við breytingar á geymslunni í Mjódd, og áfram var unnið að grisjun á erlendu pappírsefni m.a. á 3. og 4. h. Jafnlaunavottun og Græn skref í ríkisrekstri eru nú hluti af daglegum rekstri. Gerð nýrrar stefnu fyrir safnið tafðist vegna Covid-19, en samfélagsmiðla-stefna og vefstefna voru samþykktar. Lítillega breytt skipurit tók gildi í september.

Úthlutað var úr Bókasafnasjóði í fyrsta skipti og 11 verkefni fengu styrk. Safnið er samstarfsaðili að verkefninu *Stafrænar endurgerðir sýningarskráa* með Listasafni Íslands og Hilma Gunnarsdóttir starfsmaður safnsins er aðili að verkefninu *Upplýsingalæsi, notkun hugtaksins á bókasöfnum*. Innleiðing bókasafns

kerfisins Alma og leitargáttarinnar PrimoVE frá Ex-Libris hélt áfram, en kerfisskiptin töfðust verulega. Innleiðing upplýsingakerfis fyrir rannsóknir á Íslandi (CRIS) tafðist einnig.

Covid-19 faraldurinn hafði áfram mikil áhrif á almenna starfsemi safnsins á árinu. Þjóðarbókhlaðan var lokað gestum 25. mars - 7. apríl, eða í 2 vikur. Eins og á síðasta ári voru fjöldatakmörkanir, auk þess sem afgreiðslutími var skertur á kvöldin og um helgar. Framkvæmdaráð fjallaði um stöðuna á hverjum tíma, en þess utan var starfandi teymi starfsfólks af öllum sviðum, sem brást við breytingum og annaðist upplýsingagjöf til starfsfólks og gesta. Mötuneyti starfsfólks og kaffistofu á 2. hæð var lokað og opnað í takt við takmarkanir sóttvarnaryfirvalda. Hluti starfsfólks vann heima og fjarfundir mikið notaðir. Áhersla var á rafræna upplýsingaþjónustu á netinu og afgreiðsla í tölvupósti og síma var stórefld. Notendur gátu sótt pappírsefni til útláns í starfsmannainngangi við Birkimel, þegar safnið var lokað. Notkun á rafrænu efni og þjónustu jókst. Líkt og á síðasta ári breyttist dagleg starfsemi í samræmi við fyrirmæli sóttvarnaryfirvalda, s.s. varðandi gestafjöldi grímuskyldu, handþvott og fjarlægðartakmarkanir. Engin alvarleg veikindi vegna Covid-19 komu upp meðal starfsfólks.

Stefna ríkisaðila 2021-23

Rekstraráætlun fyrir 2021 var unnin skv. lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF), og gerð árleg stefnumótun til næstu 3ja ára, í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Verkefni safnsins, sem áhersla verður á næstu árin, falla undir málaflökk *18.1 Safnamál* í fjárlögum, en einnig er tekið mið af málefnasviðum *7 Rannsóknir, nýsköpun og þekkingargreinar* og *21 Háskólastig*. Markmið og verkefni safnsins voru endurskoðuð á síðasta ári og vinna við þau heldur áfram. Mælanleg og aðgerðabundin markmið fyrir kjarnastarfsemi á árunum 2021-2023 eru:

Kjarnastarfsemi:

1. Bæta aðgengi að og miðlun á menningu og listum.
2. Vernda menningararf með markvissari hætti.
3. Efla rannsóknir og skráningu.

Rekstrarþættir:

1. Loftlagsmál.
2. Opinber þjónusta.
3. Mannauður.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir framgangi einstakra verkefna, en vakin er athygli á að stefnan nær til þriggja ára, og verður endurskoðuð árlega.

Kjarnastarfsemi

1. Bæta aðgengi að og miðlun á menningu og listum

Sífelld aukin áhersla er á skráningu þess efnis, sem Lbs-Hbs varðveitir, annars en prentefnis. Þannig fæst betri yfirsýn yfir safnkostinn og aðgengi m.a. á vef verður auðveldara. Áhersla var áfram á skráningu og myndun handrita og birtingu þeirra á *handrit.is*.

Vinna við verkefnið *Frumrit íslenskrar tónlistar* hófst 2019 þegar Lbs-Hbs tók að sér að varðveita hljóðrita-safn Alda Music. Verkefnið felur í sér að safna, skrá og varðveita hljóðversupptökur af íslenskri tónlist. Gögnin eru skráð í geymslu- og staðsetningarskrá og skipað eftir safndeildum og gerð. Safndeildirnar eru þrjár, Alda music (AM), Smekkleysa (SM) og Landsbókasafn (Lbs). Gögnin eru á nokkrum formum: tveggja rása segulbönd (TP), fjölrása spólur (MTR), gagnasegulbönd (DAT / ADAT) og geisladiskar (CD). Í lok árs 2021 voru skráð númer 10.379 og fjöldi eininga 24.999.

Á síðasta ári var endurnýjaður vefur *Leikminjasafns* og einnig gagnagrunns um leiksyningar og listamenn. Öll aðföng eru nú skráð í grunninn þegar þau berast, og einnig er verið að setja þar inn eldra efni.

2. Vernda menningararf þjóðarinnar með markvissari hætti

Safnkostur er í Þjóðarbókhöðu auk 11 annarra staða ef útibú og gagnageymslur eru talin. Safninu bauðst að taka við þéttiskápum úr geymslum Alþings, og voru þeir settir upp í Mjódd, auk nokkurra brettarekka. Rýmið var málað og vinnu- og kaffiaðstaða fyrir starfsfólki bætt. Öryggismál á staðnum voru eflað.

Geymslur varaeintakasafns í Reykholti eru að fyllast og því lögð áhersla á að fá nýjar geymslur á því landsvæði sem fyrst. Málið hefur verið rætt við mennta- og menningarmálaráðuneytið, sem óskaði eftir heimild í fjárlögum til að auglýsa eftir húsnæði. Ítarlegt minnisblað um stöðu mála var sent ráðuneytinu á síðasta ári. Meðal verkefna sem tengjast markmiðinu er eintakstenging dagblaða og tímarita sem eru í varaeintakasafni í Gegni. Þannig fæst heildstæðara yfirlit um safnkostinn, og varðveisla og grisjun verður markvissari. Stefnt er að því að ljúka þessum áfanga 2022.

3. Efla rannsóknir og skráningu

Lbs-Hbs tekur þátt í ýmsum rannsóknarverkefnum árlega og leggur til gögn og sérfræðipækkingu. Í samvinnu við Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista hjá HÍ, tók safnið þátt í umsókn í Innviðasjóð 2020, vegna sameiginlegrar nafnmyndaskrár og fékkst styrkur til 1. áfanga. Aftur var sótt 2021 undir hatti MSHL og voru fjögur verkefni í umsókninni, sem fékk brautargengi:

1. Sarpur, uppfærsla menningarsögulegs gagnabanka.
2. Transkribus – tölvulestur handskrifaðra skjala.
3. Sögulegt bæja- og mannanafnatal 2.
4. Talgreining Ísmús og textasafn fyrir eldra talmál.

Safnið hefur notið góðs af þessum verkefnum. Þá stýrir Lbs-Hbs innleiðingu CRIS kerfis (Current Research Information System), sem mun halda utan um íslenskar rannsókir og birtingu rannsóknaniðurstaðna. Yfir 1000 færslur voru komnar í árslok. Kerfið var keypt 2019 á vegum stjórnvalda. Innleiðing tafðist vegna Covid-19, en opnun er áætluð 2022. Upplýsingar um 1000 rannsakendur og 1.500 afurðir voru í kerfinu í árslok. Kerfið hlaut nafnið IRIS í nafnasamkeppni.

Þá fékk safnið styrk úr Bókasafnasjóði vegna rannsóknar á íslensku bókbandi og tók áfram þátt í Paper-Trails verkefninu. Þrír styrkir voru veittir úr Rannsóknasjóði Sigrúnar Ástrósar og Haraldar.

Rekstrarþættir - áhersluverkefni

1. Loftslagsmál

Unnið var að Grænu skrefi nr. 2 og var það langt komið í lok árs. Af 40 aðgerðum var vinnu við rúmlega 33 lokið, en ljúka þarf 36. Helsta verkefnið sem eftir stóð var innleiðing Græns bókhalds. Rúmlega 30 starfsmenn fá samgöngustyrk og nýta umhverfisvæna samgöngumáta. Nýjar hjólagrindur fyrir gesti voru settar við aðalinngang og von er á pumpustandi fyrir starfsfólk. Á vegum Reykjavíkurborgar er fyrirhuguð uppsetning á rafhleðslustöðvum fyrir bíla við Birkimel.

2. Opinber þjónusta

Talsverðar breytingar voru innleiddar í skjalastjórn. Nýr skjalalykill var tekinn í notkun og einnig gæðakerfið *easyQuality*. Ný mál í málaskrá 2021 voru 371 og er það aukning frá fyrra ári. Nýtt skjalavörslutímabil hófst og stofna þurfti ný mál. Skjalavistunaráætlun fyrir Lbs-Hbs var samþykkt af Þjóðskjalasafni.

3. Mannauður

Verkefninu *Betri vinnutími* er lokið bæði vegna dagvinnu- og vaktavinnufólks og er almenn ánægja með niðurstöðuna. *Fjarvinnustefna* hefur verið innleidd og nokkrir samningar gerðir. Talverðar breytingar urðu á tölvumálum og stafrænu umhverfi starfsfólks á árinu með innleiðingu M365 og áhersla var lögð á fræðslu og þjálfun á því sviði m.a. með fjarnámskeiðum.

Í ársskýrslunni er fjallað um helstu verkefni sem unnið var að, auk þess sem birtar eru lykiltölur um safnið og helstu niðurstöðutölur rekstrarreiknings.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
landsbókavörður

Stjórnslá

Stjórn

Skipunartími stjórnar er frá 1. febrúar 2019 til 31. janúar 2023. Í stjórn sitja: Fanný Gunnarsdóttir formaður, skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra, Guðmundur Hálfðánarson varaformaður og Elín Soffía Ólafsdóttir, tilnefnd af háskólaráði Háskóla Íslands, Magnús Már Halldórsson tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins, Guðmundur Jónsson tilnefndur af vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs, Ingibjörg Rögnvaldsdóttir, tilnefnd af Upplýsingu, og Erlendur Már Antonsson, tilnefndur af starfsfólki safnsins. Í varastjórn sitja Agnar Bragi Bragason, Ágústa Pálsdóttir, Guðmundur Freyr Úlfarsson, Þórný Hlynsdóttir, Karl Andersen og Óskar Þór Þráinsson. Stjórnarfundir sátu einnig landsbókavörður og fjármálastjóri safnsins. Haldnir voru átta stjórnarfundir. Fundargerðir eru birtar á *Inngangi* og sendar mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Framkvæmdaráð

Framkvæmdaráð hittist að jafnaði vikulega, en þar er miðlað upplýsingum, verkefni samhæft og fjallað um rekstur safnsins. Í framkvæmdaráði sátu landsbókavörður og sviðsstjórar, Edda G. Björgvinsdóttir, Guðrún Tryggvadóttir, Ragna Steinarsdóttir og Örn Hrafnkelsson, auk Guðrúnar Halldóru Sveinsdóttur mannauðsstjóra. Ráðið fundaði 36 sinnum á árinu og eru fundargerðir birtar á *Inngangi*.

Lagaumhverfi

Engar beinar breytingar urðu á lagaumhverfi safnsins á árinu. Í lok árs var lögð fram á Alþingi þingsályktunartillaga um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Óskað var eftir umsögn um málið eftir áramót. Skv. tillögunni var mennta- og menningarmálaráðuneytinu skipt í þrjá hluta og málefni safnsins sett undir nýtt menninga- og viðskiptaráðuneyti.

Stefnumótun

Varðandi stefnu ríkisaðila 2021-2023, sjá bls. 2. Stefnunótun innan safnsins hófst í lok árs 2019 og settur var saman sérstakur stefnumótunarhópur, en framkvæmdaráðið er rýnihópur. Auk þess var gert ráð fyrir að aðkomu stjórnar safnsins að ferlinu. Hópurinn hóf störf í byrjun árs 2020, en Covid-19 faraldurinn tafði ferlið verulega og það sett til hliðar á köflum. Í hópnum sátu Örn Hrafnkelsson sem stýrði vinnunni, Kristinn Sigurðsson og Guðrún Halldóra Sveinsdóttir frá Rekstrarsviði, Hallfríður Hrönn Kristjánsdóttir og Magný Rós Sigurðardóttir frá Aðfangasviði, Bragi Þ. Ólafsson og Kristrún Daníelsdóttir frá Varðveislusviði og Sigurbjörg Long og Sigríður Bjarnadóttir frá Þjónustusviði. Sóley Eiríksdóttir var starfsmaður verkefnisins, en hún lét af störfum í september.

Skipurit

Núverandi skipurit tók gildi 1. janúar 2018 (sjá bls. 19). Smávægilegar breytingar voru gerðar.

Innra starf

Rekstraráætlun

Framlag til safnsins á fjárlögum 2021 og vegna rannsóknarleyfa og kjarasamninga var 1.070.700 (1.070.900) millj. kr. Það er svipað og á fyrra ári, og skýrist af kröfum um aukið aðhald og minni framlögum frá samstarfsaðilum. Við þetta bætast sértekjur safnsins kr. 328.828 millj. kr., þannig að framlög og sértekjur safnsins voru 1.399.528 (1.392.805) millj. kr. Vegna hagstæðs gengis voru útgjöld vegna erlendra aðfanga hófleg, en innlend aðföng og þjónusta hækkaði. Fasteignagjöld hækkuðu og útgjöld vegna innleiðingar IRIS voru hærri en gert var ráð fyrir.

Verkefnaáætlanir

Illu gekk að koma saman verkefnaáætlunum fyrir sviðin vegna Covid-19, auk þess sem stefna safnsins, er í endurskoðun. Ekki var unnt að sinna fjölmörgum verkefnum, þau töfðust, hætt var við mörg þeirra eða þau sett í bið. Í einhverjum tilvikum var þó hægt að ljúka við áætluð verkefni.

Fræðsluáætlanir

Talsverð röskun varð á námskeiðum og fræðslu allt árið vegna Covid-19. Ekki var lögð fram formleg fræðsluáætlun haustið 2021. Í starfsþróunaráætlun safnsins er markmið um að allt starfsfólk njóti fræðslu og símenntunar í a.m.k. 8 klst. á ári. Vegna samkomutakmarkana var ekki hægt að fylgja því eftir á árinu.

Innleiðing M365

Áframhaldandi breytingar áttu sér stað á árinu 2021 varðandi tölvumál og stafrænt umhverfi starfsfólks og áhersla var lögð á fræðslu og þjálfun á því sviði með fjarnámskeiðum. Þá var starfsfólk hvatt til að nýta sér fræðslu og fjarnámskeið almennt á netinu.

Fræðsludagskrá innanhúss 2021

Í byrjun árs var kynnt fræðsludagskrá, sem að mestu leiti var kynning á stefnum og innra starfi safnsins og var ýmist í fyrirlestrasal eða á Teymi.

Guðrún H. Sveinsdóttir - jafnréttis-, jafnlauna- og starfsmannastefnur,
Sigurbjörg Long - samfélagsmiðlastefna,
Sóley Eiríksdóttir - gæðahandbók, verkferlar og stefnuskjöl,
Guðrún H. Sveinsdóttir - umhverfisstefna, samgöngustefna,
Örn Hrafnkelsson - varðveislustefna,
Kistrún Daníelsdóttir, Magný Sigurðardóttir og Sigríður Bjarnadóttir - gjafastefna og verklagsreglur um móttöku og meðferð bókgjafa,

Guðrún H. Sveinsdóttir og Edda G. Björgvinsdóttir – kynning á launagreiningu,
Arna Matthildur Eggertsdóttir – kynning á GoPro skjalakerfi.

Teams námskeið voru haldin í febrúar fyrir starfsfólk sem ætlað er að leiða notkun Teams umhverfisins, auk þess að hvetja og aðstoða annað starfsfólk við notkun hugbúnaðarins.

Vinnuaðstaða og stillingar

Valdimar Halldórsson sjúkrapjálfi var með fræðsluerindi 4. maí um vinnuaðstöðu og gekk svo á milli starfsstöðva og leiðrétti stillingu stóla og borða.

Kynning á AlmaD

Í byrjun júní var kynning á vegum Landskerfis bókasafna og ExLibris á Alma Digital kerfinu, sem er hannað til að geyma og sýsla með stafrænt efni.

Kynning á skjalavistunarkerfum

Í október voru nokkrar kynningar á skjalavistunarkerfum á markaði, fyrir þann hóp starfsfólksins sem vinnur í skjalakerfinu.

Námskeið í netöryggi

Á haustönn var starfsfólki boðið upp á netöryggisþjálfun til að geta greint og varast ýmsar hættur sem fylgja Internetinu. Þjálfunin fólst í að horfa á stutt myndbönd og svara spurningum í lokin. Tilgangurinn er að fólk verði meira vakandi fyrir hættum og árásum.

Örnámskeið í Office365

Í tengslum við innleiðingu Microsoft 365 var stuttum myndböndum með fræðsluefni komið fyrir á Inngangi.

Námsleyfi

Skv. kjarasamningum BHM frá 2011, hefur starfsfólk sem unnið hefur í fjögur ár hjá sömu stofnun rétt á leyfi til endurmenntunar eða framhaldsnáms, enda sé það í samræmi við endurmenntunar- eða starfsþróunaráætlun stofnunar eða starfsmanns. Safnið mótaði reglur um námsleyfi til að framfylgja þessu ákvæði. Enginn sótti um námsleyfi á árinu.

Rannsóknarleyfi

Félagsmenn í Félagi háskólakennara geta sótt um rannsóknarleyfi með nokkurra ára millibili. Enginn sótti um rannsóknarleyfi á árinu.

Helstu ráðstefnur, málþing og fundir

Opnun Blöndalsorðabókar

Þann 19. febrúar var haldin afmælisviðburður í safninu í tengslum við Orðabók Blöndals, en hún kom út á árunum 1920-1924. Að afmælinu og orðabókinni stóðu

Stofnun Árna Magnússonar og Íslensk-danskur orða-
bókarsjóður. Í tilefni 100 ára afmælisins var orðabókin
opnuð [á sérstökum vef](#) og er nú aðgengileg í rafrænu
formi. Einnig var sett upp lítil sýning í einum skáp í
safninu, ásamt skrifborði Sigfúsar Blöndal gegnt
fyrirlestrasalnum.

Morgunkorn Upplýsingar – bókasafn Móðurmáls

Yfirskrift Morgunkorns Upplýsingar 17. febr. var
Tungumálatöffarar, en þar kynnti Rósa Björg Jóns-
dóttir, starfsmaður á Lbs-Hbs, bókasafn Móðurmáls,
sem er fjölmeningarsafn fyrir börn og unglunga. Þar
eru barna- og unglungabækur á fjölmörgum tungu-
málum og safnið hefur verið skráð í Gegni.

Jón Múli Árnason – 100 ára minning

Í tengslum við sýningu um Jón Múla Árnason (1921-
2002), sem var þjóðþekktur fyrir störf sín sem útvarps-
maður og lagahöfundur, afhenti fjölskylda hans
safninu ýmis skjöl úr hans fórum við stutta athöfn í
fyrirlestrasal 25. maí. Þau sem afhentu gögnin voru
Birna Gunnarsdóttir, Eypór Gunnarsson, Ragnheiður
Gyða Jónsdóttir, Sólveig Anna Jónsdóttir og Oddrún
Vala Jónsdóttir. Ragnheiður Gyða flutti ávarp fyrir hönd
fjölskyldunnar og Eypór Gunnarsson og Elín Eypórs-
dóttir fluttu lag eftir Jón Múla.

Aðalfundur Landskerfis bókasafna

Aðalfundur Landskerfis bókasafna var haldinn í
fyrirlestrasal 19. maí. Fyrirtækið gengur vel fjárhags-
lega, áætlanir um innleiðingu Alma kerfisins ganga
eftir, en ýmsir hnökror hafa þó komið upp. Karl
Guðmundsson sem setið hefur í stjórn Landskerfisins
sem fulltrúi sveitarfélaga, lét af störfum en hann hefur
setið í stjórn frá stofnun félagsins árið 2001. Voru
honum þökkúð störf í þágu félagsins og fékk hann
blómvönd og viðhafnarútgáfu af Passíusálmum Hall-
gríms Péturssonar.

Maístjarnan

Ljóðabókaverðlaunin Maístjarnan voru afhent í
Þjóðarbókhöðunni 8. júní. Að verðlaununum standa
Rithöfundasamband Íslands og Landsbókasafn Íslands
– Háskólabókasafn. Maístjörnuna að þessu sinni hlaut
Halla Þórlaug Óskarsdóttir fyrir bókina *Þagnar-
bindindi*. Gjaldgengar voru allar útgefnar íslenskar
ljóðabækur ársins 2020 sem skilað var í skylduskil til
Lbs-Hbs og fékk dómnefnd þær til umfjöllunar.
Dómnefnd skipuðu Sverrir Norland fyrir hönd
Rithöfundasambandsins og María Logn Kristínardóttir
Ólafsdóttir fyrir hönd Lbs-Hbs. Sýning á verðlauna-
bókinni og fyrri verkum Höllu Þórlaugar var opnuð af
þessu tilefni.

AlmaD

Þann 9. júní var haldinn kynningarfundur á vegum
Landskerfis bókasafna og ExLibris um AlmaD eða
Alma Digital kerfinu frá ExLibris. Á fundinum var valinn
hópur starfsfólks sem vinnur með stafrænt efni í
safninu. Hópurinn hittist og fjallaði um stafrænt efni
safnsins í tengslum við stefnumótunarvinnu safnsins.

Leikminjasafn – norrænt samstarf

Norrænn samstarfshópur leikminjasafna og menning-
arstofnana (Nordisk Center for Teaterdokumentation)
fagnaði útgáfu bókarrinnar *Teatersamlingar i Norden
2021*. Bókin er yfirlitsrit um leikminjasafnkost og
sviðslistir á Norðurlöndunum, en 22 ár eru síðan
síðasta yfirlitsrit kom út. Í tilefni þess héldu ritstjórar
efnisins, þar á meðal Sigríður Jónsdóttir, stuttar kyn-
ningar á Zoom mánudaginn 21. júní um þróun mála-
flokksins síðastliðin ár.

Bókasafnsdagurinn – Lestur er bestur fyrir jörðina

Bókasafnsdagurinn var haldinn hátíðlegur 8. sept. og
morgunkorn Upplýsingar var haldið í bókasafni
Náttúrfræðistofnunar Íslands og var það sent út í
streymi. Stjórn-Sævar var með erindi og kynnt var
orðaský sem endurspeglar val starfsfólks og gesta
bókasafna varðandi leslista í tengslum við þema
dagsins. Í safninu átti að hlusta á morgunkornið í
fyrirlestrasal, en nettengingin var ólagi og hlustuðu
margir gegnum eigin tölvur. Þá var sett upp hið
sívinsæla gjafaborð með völdum gæðabókum og
ennfremur boðið upp á tertu í mótuneytinu síðdegis.
Fulltrúi safnsins vegna bókasafnsdagsins var María
Logn Kristínardóttir.

Kennsla í upplýsingafræði

Þann 14. sept. var haldinn fundur í fyrirlestrasal á
vegum Upplýsingafræði við HÍ. Fundarfolk var bæði í
eigin persónu og í fjarfundabúnaði. Rætt var um
kennslu í upplýsingafræði og hvernig þróa megi
kennsluna áfram. Einnig hvaða fletir séu á að taka
áfangi í öðrum námsgreinum s.s. tölvunarfræði,
safnafræði, skjalfræði, menningarmiðlun o.fl. Ágústa
Pálsdóttir prófessor í upplýsingafræði stýrði fundinum
og umræðum í kjölfarið.

Málþing um Þorvald Thoroddsen

Málþing um Þorvald Thoroddsen (1855-1921) frum-
kvöðuls á sviði jarð- og náttúrufræða var haldið í Lóni
28. sept. Að málþinginu stóðu Náttúruminjasafn Ís-
lands, Hið íslenska náttúrufræðifélag og Lbs-Hbs í
samstarfi við Náttúrufræðistofnun, Veðurstofu, Hið
íslenska bókmenntafélag, Jarðfræðafélagið, Líffræði-
félagið, Jöklafræðisafn og Vísindafélag Ís-
lands. Sjö erindi voru flutt og opnuð lítil sýning um
Þorvald. Sýningin stóð til 22. nóvember.

Bókafundur

Þann 19. okt. var bókakynning í fyrirlestrarsal undir yfirskriftinni „Galdradómar, dagbækur og kveðskapur kvenna á níttjándu öld.“ Þar kynntu höfundar þrjár nýjar bækur sem unnar eru úr safnkosti handritasafns. Már Jónsson, prófessor í sagnfræði við HÍ sagði frá tveggja binda verki sínu, *Galdur og guðlast á 17. öld*, Guðrún Ingólfsdóttir, gestafræðimaður á Árnastofnun, sagði frá bókinni *Skáldkona gengur laus*, og Davíð Ólafsson, lektor við Hugvísindasvið HÍ, frá bók sinni, *Frá degi til dags*, sem fjallar um dagbókarskrif á Íslandi frá 1720-1920, en þar er jafnframt að finna ítarlega skrá yfir dagbækur sem varðveittar eru í handritasafni.

200 ára afmæli Fjodors Dostojevskij

Þann 26. okt. var haldið málþing í safninu í tilefni af 200 ára afmæli rithöfundarins Fjodors Dostojevskij. Sett var upp ljósmyndasýningin *Rússneska norðurskauts- svæðið*, fluttir fyrirlestrar og sýnd heimildamynd. Viðburðurinn var hluti af Dögum rússneskrar menningar á Íslandi sem voru með áherslu á menningu á norðurslóðum; landfræði, sögu, bókmenntir og menningu Rússlands, Færeyja og Íslands.

Fyrsti desember

Ekki var haldið upp á 1. desember í ár vegna Covid-19.

TUMI - Upplýsingalæsi – Miðlalæsi

Fjölmiðlanefnd stóð fyrir fundi hjá nýju tengslaneti um upplýsinga- og miðlalæsi (TUMI) í fyrirlestrarsal 9. desember. Landsbókavörður bauð fundarfólk velkomið og síðan hélt Leo Pekkala frá Finnlandi erindi um hvernig Fjölmiðalstofnun Finna (kavi.fi) vinnur, auk þess sem nokkrir aðilar í tengslanetinu kynntu sína aðkomu og væntingar til netsins. Sara Stef. Hildardóttir sagði m.a frá upplýsingalæsihópi upplýsingarfræðinga og fór yfir bókasafnalög og hlutverk bókasafna, auk þess að skoða stefnumörkun á vegum stjórnvalda, og þá sérstaklega mennta- og menningarmálaráðuneytisins undanfarin ár. Á vef [Fjölmiðlanefndar](#) er fræðsluefni um miðlalæsi.

Bókafundur

Í hádeginu þann 14. desember var aftur haldinn bókafundur í Lóni undir yfirskriftinni *Mislingar, sérkennilegt fólk og William Faulkner*. Þar kynntu þrír fastagestir safnsins nýleg rit sem unnin eru úr safnkosti handritasafns: Marín Árnadóttir sagnfræðingur sagði frá greinasafninu *Þættir af sérkennilegu fólki* sem er 28. bindið í ritröðinni *Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar*, Erla Dóris Halldórsdóttir sagnfræðingur fjallaði um bók sína *Mislingar* og Haukur Ingvarsson bókmenntafræðingur sagði frá bókinni *Fulltrúi þess besta í bandarískri menningu*. Sjá nánar á [vef safnsins](#).

Jólaupplestur Hlöðvers

Hlöðver bauð upp á innræktaðann upplestur, jólaöl og smákökur í fyrirlestrarsal í hádeginu 16. des. Þá lásu tveir starfsmenn safnsins úr nýútkomnum bókum sínum, Kamilla Einarsdóttir, sem las úr bókinni *Tilfinningar eru fyrir aumingja* og Tómas Ævar Ólafsson, sem las úr sinni bók *Umframframleiðsla*. Ennfremur voru kynnt úrslit í Jólageitraun Hlöðvers, en í fyrsta sæti var Agnes Jónasdóttir.

Útgáfa

Stefnt er að því að útgáfa safnsins sé sem mest stafræn. Ársskýrslur frá 1994 og sýningarskrár frá 2007 eru á vef safnsins. Auk þessa eru *Árbók Landsbókasafns* 1945-1994 og *Ritmennt* 1996-2005 á [timarit.is](#).

Bæklingar Þjónustusviðs

Bæklingar þjónustusviðs eru endurskoðaðir reglulega. Þeir bæklingar sem eru ætlaðir almennum notendum verða áfram á pappír, en verið er að færa bæklinga um einstakar fræðigreinar í Áttavitann, auk þess sem leiðarvísun hefur verið fjölgað.

Sýningarskrár

Vegleg sýningarskrá var gefin út vegna sýningarinnar *Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands 50 ára*. Einblöðungar voru gefnir út í tengslum við aðrar sýningar. Um hönnun sá Ólafur J. Engilbertsson.

Vefir og samfélagsmiðlar

Vefir og vefþjónustur

Allflestir vefir safnsins hafa fengið nýtt útlit og verið uppfærðir. Í byrjun árs náðist sá áfangi á [timarit.is](#) að heildarfjöldi myndaðra blaðsíðna fór yfir sex milljónir. Á [hljodsafn.is](#) voru komnar yfir 50.000 hljóðskrár í lok ársins. Meginhluti þess efnis er einungis aðgengilegur innan safns, en utan safns getur folk hlstað á fyrstu 25 sekúndurnar. Í safninu er tónlist, hljóðbækur og efni frá miðstöð munnlegrar sögu. Notkun vex, enda er safnið að verða ein helsta heimildin um útgáfu á íslenski tónlist.

Vefsafnið hefur nú verið starfrækt í meira en 20 ár og notkun á því er vaxandi, auk þess sem safnið stækkar verulega ár frá ári, með sífellt aukinni vefútgáfu. Kristinn Sigurðsson yfirmaður stafrænna verkefna og þróunar hefur starfað með alþjóðlegum hópi að þróun vefsafna, á vegum Internet Archive

Vefmælingar

Fylgst var með notkun á 28 vefjum á vegum safnsins á árinu. Notkunin var mæld með Google Analytics. Samanlagður fjöldi heimsóknna dróst saman um 6.3% eftir verulega aukningu árið áður. Heimsóknir voru rúmlega 5.8 millj. og síðuflettingar drógust einnig

saman og voru rúmlega 18.7 millj. á árinu, eða 6.1% fækkun. Aukningin á síðasta ári var vegna Covid-19, en hefur heldur dregist saman í ár. Heimsóknum á síðurnar *ismus.is*, *handrit.is* og *vefsafn.is* fækkaði verulega, en *islandskort.is*, *Leiðarvísasafnið*, *rafhladan.is* og *vefsafn.is* voru mikið notaðar síður.

Að meðaltali voru vefir safnsins heimsóttir um 17.000 sinnum á dag og um 54.500 síður sóttar daglega af notendum árið 2021. Rúmlega fjórðungur heimsókna eru í gengum snjalltæki, en misjafnt eftir vefjum. Eins og áður eru *timarit.is* og *skemman.is* langvinsælustu vefir safnsins. Þá kemur *ismus.is*, aðalvefurinn og *handrit.is*. *Hljódsafn.is* sækir verulega í sig veðrið, einnig *bækur.is* og *opinvisindi.is*. Sjá nánar um heim-sóknir og flettingar í töflu 2.13 í Árstölum.

Samfélagsmiðlar

Starfsfólk safnsins notar samfélagsmiðla til að koma á framfæri fréttum, viðburðum og lykilverkefnum, en einnig til að efla tengsl við notendur og samstarfsaðila. Búnir eru til viðburðir á Fésbók safnsins í tengslum við sýningar og opnanir. Samfélagsmiðlum var fækkað og innsetning efnis endurskipulögð. Fjórar síður eru nú á Fésbók, tveir reikningar á Twitter, tvær rásir á You Tube og Tónlistarsafnið er einnig með talsvert efni á Vimeo. Stofnaður var reikningur á Instagram. Sjá nánar í töflu 2.15.

Vinnan og fleiri miðlar

Samskiptamiðillinn Workplace eða *Vinnan* hefur verið notaður af starfsfólk safnsins síðan 2019. Vinnan er byggð upp á svipaðan hátt og Fésbókin og er notuð til að halda utan um samskipti starfsfólks, einstakra hópa og vegna viðburða og verkefna. Hópar reka einnig Fésbókarsíður s.s. *Starfsmenn*. *Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn* (71) og *Hlöðver – starfsmannafélag Þjóðarbókhöfðu* (45). Kristinn Sigurðsson heldur úti bloggsíðu, þar sem fjallað er um ýmislegt tengt vefsöfnun. Slóðin er <http://kris-sigur.blogspot.com/>.

Í vikulokin

Landsbókavörður sendir reglulega út pistla undir heitinu *Í vikulokin*. Pistlarnir eru sendir til starfsfólks, stjórnar safnsins og starfsfólks bókasafns Menntavísindasviðs HÍ. Tilgangurinn er að draga saman það helsta sem gerst hefur undanfarna viku og veita upplýsingar um þau verkefni sem verið er að vinna að í safninu og samskipti við aðila utan safns. Alls voru sendir út 36 (28) vikulokapistlar á árinu og er þeim jafnframt safnað á *Inngang*.

Samgöngusamningar

Samgöngusamningar hafa verið gerðir síðan 2014, en þá var gerð samgöngustefna fyrir safnið. Safnið hvetur starfsfólk til að nýta sér umhverfisvæna samgöngu-

máta. Því til stuðnings er veittur samgöngustyrkur sem felur í sér niðurgreiðslu á árskortu í strætó eða sambærilegur styrkur til þeirra sem skuldbinda sig til að sleppa einkabílnum í amk 60% ferða til og frá vinnu. 33 starfsmenn nýttu sér samningana. Standur með pumpu og viðgerðaráhöldum fyrir hjól var settur upp við hjólagrindur, sem aðgerð í Grænum skerfum.

Húsnæði og rými

Rýmishópur hittist nokkrum sinnum og ræddi m.a. fyrirkomulag og breytingar sem þarf að gera á 3. og 4. hæð vegna breyttrar þjónustu.

Skipt var um rakatæki í handritasafni í byrjun árs. Ný hita-element voru tengd við loftræsikerfi safnsins.

Þá var skipt var um skjái hjá flestu starfsfólkinu í febrúar og flest starfsfólk með borðtölvur fékk fartölvur. Þá var settur upp fjarfundabúnaður frá Cisco í fundarherbergjum.

Reglulega voru settar upp og teknar niður leiðbeiningar og aðgangsstýringar í safninu vegna Covid-19 og stólum var fækkað og fjölgað á víxl.

Mjódd

Áfram var bætt vinnuástaðan í Mjódd. Öll gólf voru máluð og matar og snyrtiaðstaða bætt. Settar voru upp brettahillur og þéttiskápar, sem safninu áskotnuðust frá Alþingi, auk þess sem starfsaðstaða var lagfærð til muna og nýr netbúnaður tengdur. Talsvert af efni, sem ekki er varðveisluefni, hefur verið flutt í Mjódd.

Öryggismál og tölvakerfi

Safnið notar netöryggissíur til að koma í veg fyrir óæskilega umferð eða innbrot í kerfi safnsins, auk eftirlitsbúnaðar sem fylgist með ástandi tölvukerfisins. Þá er notaður eldveggur frá Cisco, til að fylgjast með umferðinni, vírusvarnir o.fl. Þessi töl eru uppfærð reglulega í nýjstu útgáfur. Sífellt stærri hluti af tölvurekstrinum er í sýndarumhverfi og fylgjast þarf vel með því til að gæta fyllsta öryggis.

Öryggismyndavélum var fjölgað í 52 og eru gögnin úr þeim varðveitt í ákveðinn tíma í sérstakri aðgangsstýrðri gagnageymslu. Gerðir eru þjónustusamningar vegna hýsingar gagna (EC Storage) og leigu á hýsingarplássi í vélasal.

Notendatölvur

Upplýsingatækisvið HÍ (UTS) hefur umsjón með notendatölvum og prenturum á 3. og 4. hæð. Aðeins notendur HÍ geta skráð sig á þær vélar. Ef upp koma vandamál með vélarnar og/eða prentun, sér UTS um þjónustu líkt og í öðrum tölvuverum Háskólans. Við hlið tón- og myndsafns, er sérstök tölvuástaða fyrir nema úr öðrum skólum en HÍ, og aðra gesti. Í þeim vélum er aðgengi að helstu forritum til ritvinnslu, en án inter-

nettenginga. Netíð er aðgengilegt í tölvum á 2. hæð og einnig geta allir tengst Netinu í gegnum WiFi.

Öryggisnefnd

Rannver H. Hannesson og Sigríður Bjarnadóttir eru fulltrúar starfsfólks í öryggisnefnd sbr. lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Af hálfu safnsins sitja Edda G. Björgvinsdóttir og Jón Ingimar Jónsson í nefndinni.

Starfsmannafundir

Á starfsmannafundi 10. sept. voru kynnt tvö ný verkefni sem hafa verið í vinnslu undanfarið og eru við það að springa út. Það er rannsóknagagnasafnið IRIS, sem kemur til með að halda utan um rannsóknir á Íslandi, sem Sigurgeir Finnsson kynnti, og easyQuality, glænýtt gæðakerfi safnsins, sem Sóley Eiríksdóttir kynnti.

Starfsmannafundur með morgunkaffi var haldinn 8. okt. Þar var farið yfir helstu áfanga varðandi Græn skref og hvernig starfsfólk getur stuðlað að auknum árangri, m.a. með vistvænum samgögnum, fjarfundum o.fl. Umgengni á sameiginlegum svæðum starfsfólks var einnig rædd.

Mötuneyti, kaffistofa og sjálfsalar

Í samræmi við kjarasamninga eru tveir starfsmenn tilnefndir til að fylgjast með rekstri mötuneytis, en það eru Guðrún Laufey Guðmundsdóttir frá Félagi háskólakennara og Arnar Óðinn Arnþórsson frá Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga. Félagsstofnun stúdenta tók við rekstri mötuneytis fyrir starfsfólk í september. Tveir sjálfsalar frá Ölgerðinni eru í kaffistofunni, sem var lokað eftir að Cesar veitingar hættu.

Starfsmannafélagið Hlöðver

Í stjórn Hlövers voru kosin: Arnar Óðinn Arnþórsson, Gunnar Marel Hinriksson, María Logn Kristínardóttir, Sóley Eiríksdóttir og Sólveig Lind Ásgeirsdóttir. Varamenn eru Berglind Hanna Jónsdóttir og Daði Hall. Aðalfundur var haldinn í 26. maí, en ekki tókst að halda hann í fyrra. Á fundinum var samþykkt að Hlöðver sjái um gjafir til starfsfólks á stórafmælum. Félagið stóð fyrir ýmsum uppákomum sem voru sniðnar að Covid-19, m.a. lautarferðum, heimsókn matarvagnsins Bumbuborgarar, hamingjustund á veitingahúsi, veglegri árshátíð í Kornhlöðunni Lækjarekku, jóla-skreytingum, auk upplesturs úr jólabókum.



Framkvæmdaráð í skoðunarferð í Mjódd.

Samskipti við Háskóla Íslands

Samstarfssamningur og samstarfsnefnd

Samstarfssamningur Háskóla Íslands og safnsins er frá 2015. Í samstarfsnefnd voru af hálfu HÍ, Halldór Jónsson sviðsstjóri Vísinda- og nýsköpunarsviðs, Róbert Haraldsson sviðsstjóri Kennslusviðs, og Jenný Bára Jensdóttir fjármálastjóri. Frá safninu voru Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður og Guðrún Tryggvadóttir sviðsstjóri Þjónustusviðs. Endurskoðun samstarfssamnings hófst á síðasta ári og var langt komin í árslok. Nefndin hittist hittist ekki á árinu, en talsverð samskipti voru á milli aðila vegna innleiðingar CRIS kerfisins.

Háskólaþing

27. háskólaþing var haldið með rafrænum hætti 25. maí. Rektor reifaði mál sem voru efst á baugi, og kynnti nýja heildarstefnu skólans 2021-2026. Yfirskrift hennar er *Betri háskóli – betra samfélag*. Leiðarljós eru *Snerpa, gæði og traust*. Meðal verkefna er að skólinn móti skýra sýn um opin vísindi. Auk þess var Aurora samstarfið kynnt sérstaklega. 28. háskólaþing var einnig haldið rafrænt þann 11. nóvember. Rektor reifaði helstu mál, en síðan var kynnt ný heildarsýn fyrir háskólasvæðið, þar sem m.a. var fjallað um skipulagsmál, framtíðarsýn, borgarlínu, samgöngu- og bílastæðamál o.fl.

Ritver og verkefnavaka

Samstarf við ritver hélt áfram eins og unnt var, en eins og á síðasta ári, var ekki hægt að halda verkefnavöku vegna Covid-19.

Turnitin ritfærniþing

Safnið hefur haft umsjón með samningum og rekstri Turnitin frá 2017. Mennta- og menningarmálaráðuneytið tryggir miðlæga greiðslu fyrir aðgang allra háskóla og framhaldsskóla á landinu. Samningurinn var endurnýjaður og gildir 2021-2023.

Allir háskólarnir hafa tekið kerfið í notkun auk tveggja símenntunarstöðva. 37 framhaldsskólar voru með aðgang á árinu og 30 þeirra voru með aðgangsréttindi og í þeim skilningi virkir notendur. Notkun á kerfinu jókst á landsvísu og hafa framhaldsskólar sótt mjög í sig veðrið. Notkun á Turnitin milli sviða HÍ er afar misjöfn. Sjá töflu 2.12.

Gömul lokaverkefni frá HÍ

Haustið 2021 var skilað til Þjóðskjalasafns Íslands, lokaritgerðum frá HÍ frá árunum 1928-1990, sem hafa verið varðveittar í Lbs-Hbs. Þær teljast hluti af skjalasafni HÍ sem námsmatsgögn, en samkomulag varð um að vinna verkefnið í safninu. Lítil notkun hefur verið á þessu efni. Gengið var þannig frá, að hver ritgerð sett í sýrufria örk og í öskju. Öskjurnar voru síðan merktar og efnið skráð í geymsluskrá. Afhendingunni fylgdu einnig kassar með spjaldskrá, m.a. frá nemendum í bókasafns- og upplýsingafræði. Verkefnið hefur staðið yfir á annað ár, með aðstoð sumarvinnufólks, m.a. nema frá HÍ, og losar talsvert af hillum í kjallara.

Skemman

Allir háskólarnir taka þátt í rekstri Skemmannar og í verkefnisstjórn sitja fulltrúar þeirra og Lbs-Hbs. Fulltrúar safnsins eru Guðrún Tryggvadóttir og Kristinn Sigurðsson. Prufuskil af Skemmuni voru send til Þjóðskjalasafns í október á síðasta ári. Væntanlega verða skilin viðvarandi verkefni, þar sem sífellt bætist í gagnagrunninn. Skemman styður staðla OpenAIRE Evrópuverkefnisins.

Opin vísindi og CRIS kerfi

HÍ tekur virkan þátt í undirbúningi CRIS kerfis og á nokkra fulltrúa í stýrihópi um innleiðingu kerfisins, þá Halldór Jónsson, Guðmund Kjærsted og Baldvin Zarióh. Á vegum upplýsingatæknisviðs HÍ var unnið að s.k. forsal, þar sem gögn frá þeim stofnunum sem taka þátt í verkefninu eru samþætt áður en þau renna inn í kerfið. Starfsfólk HÍ tók einnig þátt í að fara yfir þýðingu kerfisins á íslensku. Þá hóf starfsfólk Vísinda- og nýsköpunarsviðs HÍ innsetningu á efni í kerfið.

Aurora samstarfsnetið

Háskóli Íslands er aðili að [Aurora samstarfsnetinu](#), sem níu evrópskir háskólar eiga aðild að. Þeir leggja áherslu á hágæða rannsóknir og samfélagslega ábyrgð. Samstarfsnetinu var komið á fót 2016 og Jón Atli Benediktsson rektor HÍ hefur setið í stjórn þess og er nú formaður. Heimsmarkmiðum Sp er fléttað inn í starfið og áhersla er lögð á virka þátttöku nemenda. Samstarfsnetið fékk stóran styrk frá Evrópusambandinu á árinu. Einn fjarfundur var í bókasafnahópi.

Innlent samstarf

Stjórnendur háskólabókasafna

Tveir fundir voru haldnir, en meðlimir hópsins hafa með sér margvíslegt samráð þess utan. Fyrri fundurinn var haldinn í Háskólanum í Reykjavík 8. apríl. Þar var fjallað um Leganto námsbókasafnskerfið, upplýsingalæsi og Fjölmiðlanefnd, stofnun vinnuhóps um opinn aðgang, Turnitin, rannsóknasafnið IRIS og samstarf háskólanna um aðgang að tölfraeðisafninu SciVal. Síðari fundurinn var haldinn í fjarfundakerfinu Teams, 7. okt. Á fundinum var farið yfir stöðuna varðandi rannsóknasafnið IRIS, OpenAccess vikuna, hugmyndir um íslenskt háskólanet um áskriftir, upplýsingalæsi, endurskoðun náms í upplýsingafræði, innleiðingu Alma bóksafnskerfisins og ráðstefnur framundan.

Landskerfi bókasafna

Landskerfi bókasafna hf hefur starfað frá 2001 og er hlutafélag í eigu ríkis og sveitarfélaga. Hluthafar eru um 60. Félagið rekur bókasafnskerfið *Gegni*, gagnasafnið *Sarp*, *Rafbókasafnið* og leitarvélina *Leitir*. Landsbókavörður fer með hlut ríkisins í stjórn. Viktor Jens Vigfússon er formaður stjórnar, en aðrir í stjórn eru Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, Árni Konráð Bjarnason og Pálína Magnúsdóttir. Karl Guðmundsson hætti í stjórn á árinu, en hann hefur setið í henni frá upphafi. Framkvæmdastjóri er Sveinbjörg Sveinsdóttir, en aðrir starfsmenn voru tíu. Þeim fjölgaði vegna innleiðingar nýs bókasafnskerfis.

Vegna undirbúnings á yfirfærslu gamla *Gegn*is í nýtt kerfi var mikil um tiltektir og lagfæringar í kerfinu. Í árslok voru tæplega 1.27 millj. titla skráðar í *Gegni*, sem er svipað og í fyrra, en fjöldi eintaka um 5.85 milljónir, sem er fækkun. Útlán voru rúmlega 2.8 milljónir og fjölgaði heldur frá fyrra ári þegar þeim fækkaði verulega vegna Covid-19. Skráðir lánþegar voru um 160 þús. Fjöldi færslna í *Leitir* voru um 2.63 milljónir í árslok. Þær koma m.a. frá *Gegni*, *Sarpi*, *Skemmu*, *Opnum vísindum*, *timarit.is* og námsbókasafni.

Vinna við nýtt bókasafnskerfi

Vinna við innleiðingu bókasafnskerfisins Alma og PrimoVE leitarvélinni stóð yfir allt árið. Sjá nánar í kafla um Aðföng og skráningu.

Stýrihópur vegna nýs bókasafnskerfis

Í stýrihópi vegna innleiðingar nýja bókasafnskerfisins sitja Pálína Magnúsdóttir, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir og Sveinbjörg Sveinsdóttir fyrir hönd Landskerfis, en Georg Heiming er verkefnastjóri af hálfu Ex

Libris, auk þess sem ýmsir sérfræðingar koma á fundina eftir því sem verkefninu vindur fram. Hópurinn hittist reglulega á fjarfundum.

Skráningarráð og efnisorðaráð

Fulltrúi Lbs-Hbs í skráningarráði var Helga Kristín Gunnarsdóttir og Hallfríður Hrönn Kristjánsdóttir gæðastjóri *Gegn*is sat fundi. Aðrir í ráðinu voru Áslaug Þorfinnsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir formaður og Þóra Sigurbjörnsdóttir, auk Sigrúnar Hauksdóttur frá Landskerfi. Í efnisorðaráði sátu Ragna Steinarðóttir, formaður af hálfu safnsins, Guðný Ragnarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir. Lbs-Hbs sér um alla efnisorðavinnu í *Gegni* og heldur úti *Lykilskrá* þar sem eru rúmlega 13.400 efnisorð og 84.000 mannanöfn eða nafnmyndir, sem unnin hafa verið samkvæmt stöðlum.

HASK – Handbók skrásetjara *Gegn*is

Handbók skrásetjara *Gegn*is, sem starfsfólk Lbs-Hbs sér um á vefnum, var endurhönnuð m.t.t. nýs bókasafnskerfis, en verkefninu lýkur á næsta ári, en hægt verður að tengja á milli handbókar og skráningarviðmóts og er það mikil hagræðing fyrir skrásetjara. Vefstjórar eru Berglind Hanna Jónsdóttir og Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir.

Primo Central Index (PCI) og bX ábendingar

Meginhluti þess rafræna efnis sem Lbs-Hbs og fleiri aðilar kaupa aðgang að, er aðgengilegt í *Gegni* og *Leitum* í gegnum PCI. Ábendingaþjónustan bX hjálpar notendum að finna skylt efni í PCI.

SFX krækjakerfið

SFX er tengla- eða krækjakerfi sem tengir saman bókfræðiupplýsingar og rafrænan aðgang, í gegnum Primo Central Index. Upplýsingar um áskriftir í Landsaðgangi eru í kerfinu, auk upplýsinga um séráskriftir háskólanna. Telma Sigfúsdóttir sér um að rafrænar áskriftir safnsins séu aðgengilegar í gegnum þessi kerfi. Notkun SFX verður hætt þegar nýtt bókasafnskerfi verður tekið í notkun á næsta ári, en virkniin færirist í nýja kerfið.

Tölfræði í *Gegni* og *Leitum*

Boðið er upp á mánaðarlega tölfræði, árslokátölfræði og topplánalista úr *Gegni*. Allar lánþegaskýrslur eru kyngreindar. Hægt er að sjá hvaða bækur eru vinsælastar eftir safnategundum og landshlutum. Þá er einnig hægt að sækja tölfræði einstakra safna og er hún m.a. notuð í ársskýrslu Lbs-Hbs.

VIAF (Virtual International Authority File)

Landskerfi og Lbs-Hbs taka þátt í VIAF samstarfinu á vegum OCLC. Í VIAF eru margskonar nafnmyndaskrár sameinaðar. Tilgangurinn er að auka gagnsemi þeirra

og auðvelda skráningarvinnu. Færslurnar fá alþjóðlegt auðkenni (kennitölu og permalink) og nýtast sem tengd opin gögn (Linked open data) við leit.

Rafbókasafnið

Rafbókasafnið opnaði 2017 sem samstarfsverkefni Landskerfis bókasafna og Borgarbókasafns. Um 60 almenningsbókasöfn hafa síðan gerst aðilar að verkefninu. Landskerfi sér um tæknilega þáttinn, en bókasöfnin velja og kaupa efnið. Í safninu eru bæði hljóðbækur og rafbækur og eru flestar á ensku. Erfiðlega hefur gengið að fá frumsamið og þýtt efni á íslensku til útláns í safninu. Fundað var með ráðherra um málið í byrjun árs 2022. Útlán voru rúmlega 27.379 á árinu, sem er svipað og í fyrra.

Sarpur – menningarsögulegt gagnasafn

Landskerfi sér um daglegan rekstur Sarps og er starfsmaður Sarps hluti af teymi Landskerfis. Núverandi útgáfa Sarps 3.0 er smíðuð í samvinnu við þekkingu h.f. Í Sarpi eru upplýsingar um listaverk, muni, myndir, fornleifar, hús, þjóðhætti, örnefnalýsingar o.fl. frá 58 söfnum og stofnunum. Í árslok voru skráð aðföng rúmlega 1.2 millj.

Alefli

Alefli er samstarfsvettvangur bókasafna sem eru aðilar að Gegni og njóta þjónustu Landskerfis, en þau eru rúmlega 300. Starfsemin byggist á skiptingu í safnategundir, sem velja í fulltrúaráð, sem síðan kys stjórn. Helga Kristín Gunnarsdóttir sat í ráðinu fyrir hönd safnsins og Anna María Sverrisdóttir til vara. Notendaráðstefna Aleflis var haldin 4. júní í Teymi. Sigrún Hauksdóttir og Sveinbjörg Sveinsdóttir hjá Landskerfi fóru yfir verkáætlun vegna innleiðingar nýs bókasafnskerfis og Alan Oliver frá Ex Libris var með kynningu. Vefurinn *Alefli.is* er hýstur hjá Lbs-Hbs.

Samlag um áskrift að Vef-Dewey

Lbs-Hbs heldur utan um samlagsáskrift á landsvísu að vefútgáfu Dewey flokkunarkerfisins og úthlutar aðgangsorðum. Fimmtán söfn eru í samlaginu. Áskrift að Vef-Dewey stuðlar að samræmi í flokkun og stöðugu aðgengi að nýjustu uppfærslum kerfisins. Verkefnið er gæðamál og hefur jákvæð áhrif á samræmingu og þróun starfshátta bókasafna hér á landi. Lbs-Hbs er einnig aðili að Evrópusamtökum Dewey-notenda eða EDUG (European Dewey User Group). Rósfríður Sigvaldadóttir er tengiliður vegna Vef-Dewey

Upplýsing

Starfsfólk safnsins gegnir að jafnaði einhverjum trúnaðarstörfum fyrir Upplýsingu og árið 2021 var Berglind Hanna Jónsdóttir kjörin gjaldkeri Upplýsingar. Þórný Hlynsdóttir á háskólabóksafninu í Bifröst er formaður,

en hún er fyrrum starfsmaður safnsins. Félagstarfið var að mestu rafrænt vegna Covid-19 og þar á meðal fræðslufundirnir Morgunkorn. Rósa Björg Jónsdóttir starfsmaður Lbs-Hbs kynnti þar bókasafn Móðurmáls þann 17. febrúar, en það er fjölmenningsarsafn fyrir börn og unglinga. Meðal málefna sem stjórnin vann að voru aðgangur notenda bókasafna að íslenskum raf- og hljóðbókum og opin aðgangur að rannsóknaniðurstöðum.

Bókasafnsdagurinn

Bókasafnsdagurinn var haldinn 8. sept. s.l. undir yfirskriftinni: *Lestur er bestur fyrir jörðina*. Markmið Bókasafnsdagsins er sem áður, að vekja athygli á mikilvægi bókasafna í samfélaginu og vera dagur starfsmanna safnanna. Dagurinn var með nokkuð öðrum hætti en venjulega vegna Covid-19. Morgunkorn var haldið í bókasafni Náttúrfræðistofnunar Íslands og var það sent út í streymi. Stjórn-Sævar var með erindi og kynnt var orðaský sem endurspeglar val starfsfólks og gesta bókasafna varðandi leslista í tengslum við þema dagsins. Á morgunkorninu voru afhent hvatningarverðlaun Upplýsingar og þau hlaut Rósa Björg Jónsdóttir sem starfar á Lbs-Hbs, vegna frumkvöðlastarfs við bókasafn Móðurmáls. Rósa Björg var einnig heiðruð með Fálkaorðunni fyrr á þessu ári. Fulltrúi Lbs-Hbs í undirbúningsnefnd var María Logn Kristínardóttir, en m.a. var haldið upp á daginn með kaffi og köku í safninu.

Landsfundur Upplýsingar

Landsfundur Upplýsingar var haldinn á Ísafirði dagana 23.-24. sept. Um 120 þátttakendur sóttu fundinn, og m.a. frá safninu. Fundurinn tókst í alla staði vel. Dagskrá var fjölbreytt og Sigurgeir Finnsson frá Lbs-Hbs var með erindið *Rannsóknir og ósýnilegi upplýsingafræðingurinn*.

Námsbraut í Upplýsingafræði

Nám í bókasafns- og upplýsingafræði er nú eingöngu á meistarastigi og námsbrautin nefnist Upplýsingafræði. Hallfríður Kristjánsdóttir og Magný Rós Sigurðardóttir kenndu námskeiðin *Bókfræðilega skráningu og Lýsigögn*, og *Skipulagning þekkingar*, auk þess sem nokkrir starfsmenn komu inn í einstaka tíma. Starfsfólk sem kom að kennslu í öðrum námskeiðum eru Ragna Steinarsdóttir, Birgir Björnsson, Erlendur Már Antonsson og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir. Þann 14. sept. var haldinn fundur í fyrirlestrasal safnsins á vegum námsbrautarinnar. Fundarfólk var bæði í eigin persónu og í fjarfundabúnaði. Rætt var um kennslu í upplýsingafræði og hvernig þróa megi kennsluna áfram. Einnig hvaða fletir séu á að taka áfanga í öðrum námsgreinum s.s. tölvunarfræði, safnafræði, skjalfraði, menningarmiðlun o.fl.

Heilbrigðisvísindabókasafn

Samstarf við Heilbrigðisvísindabókasafn Landspítala hefur aukist á undanförunum árum. Landsbókavörður hefur setið í stjórn safnsins frá árinu 2014 sem fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs HÍ. Samstarf safnanna er m.a. um Landsaðgang og nýtt rannsóknagagnasafn, en Anna Sigríður Guðnadóttir situr í stýrihópi þess. Stjórn hittist ekki formlega vegna Covid-19.

Bókasafnaráð og bókasafnasjóður

Bókasafnaráði var komið á fót með Bókasafnalögum nr. 150/2012. Skipað var í nýtt bókasafnaráð í júlí 2019 til fjögurra ára, en ráðið skal vinna að stefnumörkun, setja reglur um söfnun og vinnslu tölfraeðiupplýsinga, setja bókasafnasjóði úthlutunarreglur, og veita um-sagnir um styrkumsóknir í bókasafnasjóð. Formaður ráðsins var skipuð Linda Hrönn Þórisdóttir, en aðrir fulltrúar eru Sigrún Blöndal, Pálína Magnúsdóttir, Viggó Gíslason, Siggerður Ólöf Sigurðardóttir og Marín Guðrún Hrafnadóttir. Ráðið fékk loks fjárveitingu á fjárlögum árið 2020 og lögð var áhersla á að koma á verkferli vegna úthlutana úr bókasafnasjóði. Auglýst var eftir umsóknum í sjóðinn í ágúst og 18 umsóknir bárust. Úthlutað var 20 millj.kr. til 11 verkefna. Safnið er samstarfsaðili að umsókninni *Stafrænar endur-gerðir sýningarskráa* með Listasafni Íslands og Hilma Gunnarsdóttir starfsmaður safnsins er aðili að um-sókninni *Upplýsingalæsi, notkun hugtaksins á bókasöfnum*.

Landsnefnd um Minni heimsins

Landsnefnd um minni heimsins hefur það hlutverk að kynna verkefnið um Minni heimsins á Íslandi og velja mikilvæg gögn á sérstaka landsskrá og senda um-sóknir um skráningu á heimsskrá Minni heimsins hjá UNESCO. Ný nefnd var skipuð á síðasta ári og í henni sitja Guðrún Nordal forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar, sem er formaður, en aðrir í nefndinni voru Hrefna Róbertsdóttir Þjóðskjalavörður, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður, Gunnþórunn Halldórsdóttir frá Kvikmyndasafni og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður. Fulltrúi ráðuneytisins er Rúnar Leifsson. Nefndin hittist á ekki á árinu.

Sjónarhorn í Safnahúsinu

Sýningin Sjónarhorn var opnuð í Safnahúsinu í apríl 2015. Sýningarstjóri var Markús Andrésen, en með honum störfuðu verkefnisstjórn og sýningarstjórn. Sýningunni var lokað 26. apríl, en Listasafn Íslands tók við húsinu og setti upp nýja sýningu.

Handbók um varðveislu safnkosts

Lbs- Hbs tekur þátt í þýðingu og staðfæringu *Hand-bókar um varðveislu safnkosts ásamt Þjóðminjasafni*

og Þjóðskjalasafni. Bókin er gefin út rafrænt á vef Þjóðminjasafns. Smám saman er nýjum köflum bætt við, en handbókin er ætluð þeim sem starfa við varð-veislu menningararfsins. Rannver H. Hannesson for-vörður hefur tekið þátt í samstarfinu af hálfu Lbs-Hbs og m.a. skrifað kafla um varðveislu pappírsgripa.

Maístjarnan

Lbs-Hbs og Rithöfundasamband Íslands standa að ljóðaverðlauninum *Maístjarnan*, en í maí ár hvert eru veitt verðlaun fyrir útgæfna íslenska ljóðabók undan-farins árs, sem hefur skilað sér til safnsins. Rithöf-undasambandið leggur til verðlaunaféð, en báðir aðilar skipa fulltrúa í dómnefnd. Í ár var Sverrir Norland fulltrúi Rithöfundasambandsins og María Logn Krist-ínardóttir fulltrúi Lbs-Hbs. Verðlaunin voru veitt í fyrsta skipti 2017 fyrir ljóðabækur útgæfnar 2016. Í ár var það Halla Þórlaug Óskarsdóttir sem hlaut verð-launin fyrir bók sína *Þagnarbindindi* sem Benedikt bókaútgáfa gaf út. Um hundrað ljóðabækur frá árinu 2020 skiluðu sér til safnsins.

Alþjóðlegi sumarskólinn

Alþjóðlegi sumarskólinn í handritafræðum féll niður í vegna Covid-19. Að honum standa Institut for nordiske studier og sprogvidenskab, Árnastofnanirnar í Kaup-mannahöfn og Reykjavík, HÍ, auk Lbs-Hbs.

Rannsóknasjóður Sigrúnar Ástrósar

Styrkir voru veittir úr Rannsóknarsjóði Sigrúnar Ást-rósar Sigurðardóttur og Haraldar Sigurðssonar árið 2021, en veitt er úr sjóðnum annað hvert ár. Jökull Sævarsson er fulltrúi safnsins í úthlutunarnefnd. Markmið sjóðsins er að veita styrki til eflingar rann-sóknum á korta- og landfræðisögu Íslands og íslenskri bókfræði og stuðla að útgáfu um þau efni. Alls bárust 10 umsóknir, en úthlutað var rúmlega 2 millj. til þriggja verkefna:

- Þáttur í íslenskri bókfræði á erlendri grundu / Clarence Edwin Glad.
- Kortlagning örnefna í Surtsey / Birna Lárusdóttir.
- Sáttuamdæmi á Íslandi 1798-1936 / Vilhelm Vilhelmsson.

Stefnumótun um opin vísindi

Árið 2019 starfaði verkefnahópur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins að mótun stefnu um opinn aðgang að niðurstöðum rannsókna og um opinn aðgang að rannsóknagögnum. Í hópnum sátu fulltrúar Háskóla Íslands, Lbs-Hbs, Rannís og Landspítala, auk ráðuneytisins. Af hálfu safnsins sátu Ingibjörg Stein-unn Sverrisdóttir og Sigurgeir Finnsson í hópnum. Drög að stefnu um opinn aðgang að vísindarannsóknum voru sett í samráðsgátt stjórnvalda í lok árs 2020.

Erlent samstarf

Erlent samstarf var áfram að mestu á netinu vegna Covid-19 og fór fram í fjarfundum og í tölvupósti.

NORON

Norrænir lands- og ríkisbókaverðir hafa með sér óformlegt samráð, aðallega rafrænt nú seinni árin. Hópurinn hittist ekki á árinu, en var í stopulum tölvu-póstsamskiptum.

CENL

Árlegur fundur CENL var haldinn í Brussel í Belgíu 29.-30. nóvember. Á honum voru venjuleg aðalfundarstörf. Þá var þátttakendum skipt í hópa og m.a. fjallað um lífið eftir Covid-19, fjölbreytileika í safnkosti þjóðbókasafna, og aðgengi að tölfræði upplýsingum safnanna. Landsbókavörður sótti ekki fundinn.

IFLA

Vegna Covid-19 var IFLA-þingið árið 2021 haldið rafrænt dagana 17.-19. ágúst, en til stóð að halda það í Rotterdam á Hollandi. Yfirskrift þingsins var Opinn aðgangur og bókasöfn, og hvernig þróa megi áfram opinn aðgang. Enginn frá safninu sótti þingið.

CDNL

Alþjóðasamtök landsbókavarda (Conference of Directors of National Librarians) héldu ársfund sinn í netheimum (Zoom) 8. sept., en venjan er að funda á IFLA-þingum. Megin umfjöllunarefnið var að Covid-19 faraldurinn og afleiðingar hans fyrir söfnin. Flest söfnin hafa lokað tímabundið og veita skerta þjónustu. Talsvert var rætt um líðan starfsfólks og landsbókavardanna sjálfra og hvaða lærdóma megi draga af ástandinu. Landsbókavörður tók þátt í þinginu.

IIPC

Lbs-Hbs er stofnfélagi í IIPC (International Internet Preservation Consortium), en markmið samtakanna er að safna, varðveita og veita aðgang að þekkingu og upplýsingum frá Internetinu og stuðla að alþjóðlegri samvinnu og samskiptum. Aðalfundur var haldinn á netinu en stjórnað af þjóðbókasafninu í Luxembourg 14. júní 2021, en dagana 15.-16. júní var haldin ráðstefna um vefsöfnun á netinu. Kristinn Sigurðsson var kjörinn varaformaður stjórnar IIPC, en er einnig formaður Harvesting Working Group. Hópurinn vinnur að þróun á hugbúnaði fyrir vefsöfnun, í tengslum við Heritrix vefleitarvélina og WARC skrársniðið.

NNG

NNG (Nordic Networking Group on Bibliographic and Infrastructure Topics) er norrænt samstarf um kerfisleg verkefni á sviði bókfræði og bókasafnakerfa. Hópurinn hittist á netinu 15. apríl en fundinn sóttu Ragna Steinarsdóttir frá safninu og Sigrún Hauksdóttir frá Landskerfi bókasafna.

EDUG

EDUG (European Dewey User Group) er notendafélag Dewey kerfisins í Evrópu. Á vegum þess fer fram samræmingarvinna varðandi þýðingar og aðlaganir, auk þess sem hagsmuna evrópskra safna er gætt. Samstarfssamningur var endurnýjaður á árinu, en ársfundur og ráðstefna voru haldin á netinu 7. maí. Tengiliður er Rósfríður Sigvaldadóttir.

EURIG

Eurig (European RDA Interest Group) eru samtök hagsmunaaðila sem nota RDA skráningarreglurnar í Evrópu. Flestir þátttakendur eru stofnanir eða söfn sem hýsa þjóðbókaskráningu og aðrir sem nota RDA. Aðalfundur var haldinn á netinu í maí, en ráðstefna 14. september. Tengiliður er Ragna Steinarsdóttir og Hallfríður Kristjánsdóttir er í ritnefnd Eurig.

Bibframe

Bibframe er grunnur fyrir bókfræðilegar lýsingar, sem nýtir Linked Data tækni bæði á vef og í skráningarkefnum. Áhersla er á flutning gagna úr núverandi MARC-sniði í yfir í Bibframe. Verkefnið er að frumkvæði Library of Congress og fylgst var með þróun mála á árinu. Tengiliður er Ragna Steinarsdóttir

VIAF

Lbs-Hbs er þátttakandi í VIAF (Virtual International Authority File) sem er sameiginleg nafnmyndaskrá flestra þjóðbókasafna í Evrópu og N-Ameríku og er unnin er í samvinnu við OCLC, sem sér um að tengja nafnmyndir safnanna saman í klasa. Aðildarsöfnin geta síðan flutt nafnmyndir annarra í eigin nafnmyndaskrár. Árið 2019 voru bókfræði- og nafnmyndagögn Gagnis gerð aðgengileg í VIAF í samvinnu við Landskerfi bókasafna og verið er að skoða þau. Tengiliður er Ragna Steinarsdóttir.

CLARIN

Safnið er þátttakandi í evrópska rannsóknainviðnum CLARIN, í gegnum CLARIN Ísland. Markmið CLARIN er að öll stafræn málföng o.fl. verði aðgengileg til nota í rannsóknum í hug- og félagsvísindum og máltækni. Frá Lbs-Hbs eru málheildir eða textaskrár frá *timarit.is* og *bækur.is* aðgengilegar í CLARIN. Vísindafólk á Íslandi er byrjað að nota málföngin í rannsóknum sínum.

OpenAIRE

Safnið tekur nú þátt í evrópska OpenAIRE verkefninu, og er upplýsingamiðstöð fyrir opinn aðgang á Íslandi. OpenAIRE hefur verið breytt í félagasamtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni (NOAD) og tilgangurinn er að styðja við stafræn vísindi (e-science), koma á samstarfsneti í Evrópu og vinna að stefnumótun á þessu sviði. Helstu aðilar eru háskólar og bókasöfn sem eru upplýsingamiðstöðvar fyrir Open Access.



Fjölskylda Jóns Múla Árnasonar þular og tónskálds, afhenti safninu einkaskjalasafn hans á árinu. Á myndinni eru Birna Gunnarsdóttir, Eyþór Gunnarsson, Ragnheiður Gyða Jónsdóttir, Sólveig Anna Jónsdóttir og Oddrún Vala Jónsdóttir.

Samningar

Stafræn endurgerð:

- 24.01.2021 Samningur við Hinsegin dagar í Reykjavík um stafræna endurgerð dagskrárritið *Hinsegin dagar*.
- 26.01.2021 Samningur við Kópavogsblaðið um stafræna endurgerð *Kópavogsblaðsins*.
- 29.01.2021 Samningur við HIV-Ísland um stafræna endurgerð *Rauða borðans*.
- 08.02.2021 Samningur við Biskupsstofu um stafræna endurgerð á *Víðförla og Fréttabréfi Biskupstofu*.
- 18.02.2021 Samningur við Gisp útgáfufélag um stafræna endurgerð á *Gisp : myndasögublaði*.
- 15.06.2021 Samningur við Lífið á Laugum um stafræna endurgerð á *Súpan*.
- 12.08.2021 Samningur við Verkalýðsfélagið Hlíf um stafræna endurgerð tímaritsins *Hjálmur*.
- 31.08.2021 Samningur við Kaupfélag Suðurnesja um stafræna endurgerð tímaritsins *Kaupfélagsblaðið*.
- 31.08.2021 Samningur við Knattspyrnufélagið Þróttur um stafræna endurgerð tímaritsins *Þróttur*.
- 03.09.2021 Samningur við BSRB um stafræna endurgerð tímaritanna *Starfsmannblaðið*, *Ásgarður*, *Hugi*, *BSRB blaðið*, *BSRB fréttir* og *BSRB tíðindi*.
- 01.10.2021 Samningur við IBBY á Íslandi um stafræna endurgerð tímaritsins *Börn og menning*.
- 02.11.2021 Samningur við Sögufélag Austurlands um stafræna endurgerð af *Múlaping 1966-2021*.
- 03.11.2021 Samningur við Fiskifélag Íslands og Myllusetur um stafræna endurgerð af *Fiskifréttir 1983-2007*.
- 08.11.2021 Samningur við Vegagerðina um stafræna endurgerð af *Framkvæmdfréttir* til ársins 2002.
- 08.12.2021 Samningur við Náttúrulækningafélag Íslands um stafræna endurgerð af *Heilsuvernd 1946-94*.
- 09.12.2021 Samningur við Áttthagafélag Strandamanna um stafræna endurgerð af *Strandapósturinn*.
- 17.12.2001 Samningur við Skógarmenn KFUM um stafræna endurgerð af *Lindin*.
- 17.12.2001 Samningur við Salt ehf um stafræna endurgerð af *Bjarmi : tímarit um kristna trú*.
- 20.12.2021 Samningur við Sjálfsbjörgu um stafræna endurgerð af *Klifur : fréttablað Sjálfsbjargar*.

Aðrir samningar:

- 14.04.2020 Vinnslusamningur við Rannís vegna IRIS.
- 29.10.2020 Cambridge Books Online & University Publishing Online, *Cambridge Companion Online Cambridge Histories Online 2019-2021*.
- 14.10.2020 SpringerNature *My Collection – eBooks*.
- 12.11.2020 Samningur um *LOEB Classical Library*.
- 18.12.2020 *Turnitin - Master Registration Agreement*.
- 19.01.2021 Samningur við SAGE um rafbækur.
- 14.04.2021 Elsevier *First amendment to Contract on the Deilverly and Maintenance Services of Current Research Insformatin System (CRIS)* (Fjölgun notenda í Pure).
- 15.05.2020 ProQuest – *Academic Complete Online - Library Thing Book Cover Widget Package* – myndir af bókakápum fyrir Lbs-Hbs og HÍ.
- 20.09.2021 *Samningur um notkun stafrænna gagna* – tilraunaverkefni Leikminjasafns Íslands og Lista-háskóla Íslands.
- 30.11.2021 Samningur við Fotoware um leyfisáskrift að kerfinu *Fotoware og Fotostation*.

Landsaðgangur:

- 18.12.2020 Karger – *Publish and Read, 2021-2023*. Amendment to Online Subscription Agreement.
- 21.01.2021 Clarivate – *Web of Science og Journal and Highly Cited Data, 2021*.
- 21.04.2021 Encyclopaedia Britannica – *Subscription Agreement, 2021-2024*.
- 18.11.2021 SpringerNature – *Single Title Journal Subscriptions and Legacy Sets* (Nature journals), 2021.
- 22.11.2021 Emerald – *Emerald Management 120, 2021*.

Þá framlengdist samningur við *Morgunblaðið* um eitt ár.

Skipurit

Skipurit í september 2021.





Frá ársrátið Hlökkvers 2021, sem haldin var í Kornhlökkunni.

Rekstur og upplýsingatækni

Sviðið ber ábyrgð á allri innri þjónustu safnsins, þ.e. fjármálum, starfsmannamálum, skjalastjórn, kerfisumsjón, upplýsingatækni, vefumsjón, rekstri húss og lóðar, geymslusafns í Mjódd og varaeintakasafns í Reykholti, sýningar- og kynningarmálum, auk samninga um rekstur mötuneytis og veitingastofu. Sviðsstjóri rekstrarsviðs er jafnframt fjármálastjóri safnsins. Í árslok störfuðu 13 á sviðinu, í 12,8 ársverkum, níu karlar og fjórar konur. Sviðsstjóri er Edda Guðrún Björgvinsdóttir.

Hússtjórn

Hlutverk hússtjórnar er að sjá um viðhald og rekstur Þjóðarbókhléðunnar, hafa umsjón með kerfum og búnaði hússins, annast samskipti við þjónustuverktaka, vöktun, símvörslu og ýmsa þjónustu við starfsfólk. Einnig umsjón með húsakosti og búnaði í Mjódd og Reykholti.

Framkvæmdir

Bílastæði voru endurmáluð og lóð hreinsuð. Lagnir við hita-elementin í kerfum 1 og 2 voru endurnýjaðar. Settur var upp ljósleiðari og nettenging í Reykholti og í Mjódd. Frystiklefi í kjallara var aftengdur, og element í kæliborði veitingastofu voru endurnýjuð. Grunnvatns-

dælar voru að bila allt árið, en komnar í lag í árslok. Yfirdekkning stóla er stöðugt verkefni. Aðgangskort fyrir starfsfólk voru endurnýjuð, auk þess sem búa þarf til ný fyrir nýtt starfsfólk og eyða út þeim sem hættu.

Ýmislegt

Að venju var farið yfir öryggiskerfi hússins á fyrsta vinnudegi á nýju ári. Vegna Covid-19 var aðgangur safngesta ýmist takmarkaður eða enginn, í takt við fyrirmæli sóttvarnaryfirvalda. Rýmishópur safnsins hittist nokkrum sinnum, og ræddar voru margvíslegar breytingar á húsnæði, sem eru í skoðun. Þá voru gerðar tilraunir með Led lýsingu á nokkrum stöðum í safninu og kom það vel út.

Þrif

Þrifin voru með sama hætti og undanfarin ár. Ítarleg teppaþrif voru í byrjun sumars og vegna Covid-19 faraldursins voru spritt standar víða um húsið og á öllum salernum eins og í fyrra. Þá voru áfram skipulagðar sérstakar sótthreinsanir á öllum algengustu snertiflötum þegar afgreiðslutími var rýmkaður og Þjóðarbókhlaðan opnuð almenningi.

Lóð

Garðlist sá um slátt og klippingu trjáa og runna eins og undanfarin ár. Haldið var áfram vinnu við skrúðgarðinn austan við húsið. Nýjar reiðhjólgrindur voru settar upp við aðalinngang, sem hluti af Grænum skrefum.

Geymslan í Mjódd

Safnið fékk þéttiskápa frá Alþingi og voru þeir settir upp í Mjódd og einnig voru settir upp brettarekkar fyrir margvíslegt efni sem geymt er á brettum, m.a. frá öðrum stofnunum. Varðveisluefni var allt flutt í Þjóðarbókhöllu, en öðru efni komið fyrir í Mjódd. Raflagnir voru endurnýjaðar, auk múrviðgerða á veggjum og gólf máluð. Ennfremur var snyrtiaðstaða lagfærð og máluð.

Varaeintakasafn í Reykholti

Lokið var við uppfærslu öryggis- og brunakerfis í húsnæði varaeintakasafns í Reykholti. Ýmis smá viðvik voru unnin til að bæta aðstöðuna.

Fjármál og skjalastjórn

Ársreikningur safnsins fyrir árið 2021 liggur fyrir og eru helstu tölur úr honum birtar í árstölum safnsins og þar kemur einnig fram skipting rekstrargjalda (sjá töflur 6.2 og 6.3). Niðurstaða ársins er tap upp á 67,6 millj. kr. Afkoman er samt betri en reiknað var með og er helsta skýringin á því að sértekjur eru nokkru hærri en ráð var fyrir gert og hagstætt gengi.

Skjalastjórn

Alls hafa 36 starfsmenn aðgang að GoPro.net skjalastjórnarkerfinu. Það er hýst hjá kerfisveitu Hugvits, og er í útgáfu Gopro Foris 19.1.20.

Nýr málalykill, flokkunarkerfi fyrir gögn sem skráð eru í málaskrá, tók gildi 01.01.2021 og með gildistöku hans hófst nýtt skjalavörslutímabil. Lok fyrra skjalavörslutímabilsins var án aðlögunartíma og því var lokað í byrjun júní. Skráð mál 2021 voru 371 (sjá töflu 5.1).

Skjalasafni Háskólabókasafns sem kom á Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn við stofnun safnsins 1994 var skilað til baka til skjalasafns Háskóla Íslands í maí. Lokaritgerðir frá Háskóla Íslands frá árunum 1928 til 1990 voru afhentar fyrir hönd Háskóla Íslands til Þjóðskjalasafns Íslands í lok október.



Mat var lagt á geymsluaðstæður fyrir innri skjöl safnsins og beiðni um samþykki fyrir geymslu send til Þjóðskjalasafns 01.12.2021. Svar við beiðninni hefur ekki borist. Rannsóknagagnasafnið IRIS var tilkynnt til Þjóðskjalasafns í maí. Gagnasafnið var úrskurðað ekki afhendingarskyllt í vörsluútgáfu, því það er hlutverk og á ábyrgð Lbs-Hbs sjálfs að varðveita gagnasafnið og viðhalda því. Drög að skjalavistunaráætlun lágu fyrir í árslok.

Gæðastjórn

Unnið hefur verið að innleiðingu á gæðakerfi, gefin hefur verið út gæðastefna og verklagsreglur og leiðbeiningar eru í mótun. Fyrirhugað er að taka kerfið í notkun vorið 2022.


Mannauður

Hlutverk mannauðsstjóra er að halda utan um öll málefni sem tengjast starfsfólki. Í árslok störfuðu 79 starfsmenn hjá safninu í 72 ársverkum. Meðalaldur starfsmanna hækkar aðeins á milli ára og er 50 ár en var 49,1 árið 2020. Heimfaraldur Covid-19 hafði mikil áhrif á vinnumynstur og vinnutíma starfsfólks á árunum 2020-21. Hluti starfsfólks var í fjarvinnu tíma-bundið skv. tilmælum yfirvalda og eitthvað var um vinnu í sóttkví. Á árinu voru skráðar samtals 8.650 (16.175) klukkustundir í fjarvinnu/sóttkví sem er um 6% (11%) af heildarvinnutíma.



Starfsfólk eftir aldri

Meðalaldur er 50 ár



Starfsmannavelta

Níu starfsmenn hættu störfum á árinu. Þar af fjórir vegna tímabundinna ráðninga og einn sökum aldurs. Starfsmannavelta var alls 11.5% en eiginleg starfsmannavelta þegar frá eru talin starfslok vegna aldurs og tímabundinna ráðninga árið 2021 var 5,2%. Tólf starfsmenn hófu störf á safninu á árinu og þar af fjórir í tímabundin störf. Fimm störf voru auglýst laus til umsóknar. Þessu til viðbótar fengu sex námsmenn sumarvinnu á safninu, þar af þrír í gegnum átaksverkefni Vinnuálastofnunar og einn námsmaður vann tímabundið að styrktu rannsóknarverkefni.

Auglýst störf	Um-sóknir	Karlar	Konur
Sérfr. í rannsóknþjón. - Þjónustusvið	10	6	4
Starf í aðföngum - Aðfangasvið	24	12	12
Sérfr. í lýsigögnum - Aðfangasvið	16	3	13
Bókavörður - Þjónustusvið	25	9	16
Verkefnastj. ranns. og OA - Þjónustusv	11	6	5

Veikindafjarvistir

Veikindastundum fækkaði á milli ára. 66 starfsmenn voru með einn eða fleiri skráðan veikindadag eða 83%. Um 60% þeirra sem voru frá vegna veikinda einn eða fleiri daga árið 2021 voru veikir í 10 daga eða minna, en meðalfjöldi veikindadaga var 14,4. Langtímaveikindi nokkurra vega þungt í veikindatölum ársins 2021.

Veikindafjarvistir	2019	2020	2021
Veikindastundir alls	9.308	8.037	7.571
Hlutfall af vinnudögum	6.29%	5.55%	5.27%
Dagar pr. starfsmann	16,3	14,4	13,1
Fjöldi starfsmanna veikur >20 daga	14	12	15

Fjarvinna

Safnið hefur innleitt fjarvinnustefnu sem byggir á því að starfsfólk getur gert samkomulag um vikulegan fjarvinnudag ef verkefni starfsins leyfa. Þá hafði Covid faraldurinn áfram áhrif á vinnumunstur og vinnutíma starfsfólks á safninu á árinu 2021 líkt og var 2020.

Fjöldi starfsfólks vann hluta vinnu sinnar í hefðbundinni fjarvinnu eða að tilmælum yfirvalda tíma-bundið að heiman í fjarvinnu/sóttkví.

Á árinu voru skráðar samtals 8.650 klukkustundir í fjarvinnu/sóttkví sem er um 6% af heildarvinnutíma.

Fræðsla og starfsþróun

Ekki var lögð fram formleg fræðsluáætlun haustið 2021. Mikil röskun varð á námskeiðum og fræðslu vegna Covid-19 og hluti fræðslu lá niðri. Enn urðu talsverðar breytingar á tölvumálum og stafrænu umhverfi starfsfólks og lögð var áhersla á þjálfun og fræðslu á því sviði með fjarnámskeiðum eins og á síðasta ári. Þá var starfsfólk hvatt til að nýta sér fræðslu og fjarnámskeið á netinu. Í starfsþróunar-áætlun er markmið um að allir njóti fræðslu og símenntunar í a.m.k. 8 klst á ári. Vegna samkomu-takmarkana var ekki hægt að fylgja því eftir.

Teams námskeið

Haldin voru tvö námskeið í Teams fyrir það starfsfólk sem ætlað er að leiða notkun Teams umhverfisins auk þess að hvetja og aðstoða annað starfsfólk til að nota hugbúnaðinn.

Starfsþróun	2019	2020	2021
Örnámskeið og kynningar	10	0	5
Fræðsla og fyrirlestrar	1	1	3
Námskeið (fjarnámskeið)	3	10	20
Fræðsluerindi innanhúss	14	11	28
Meðalfjöldi á námskeiði / kynningu	15	*	*
Meðalfjöldi þátttakenda / starfsmfj.	19%	*	*

*Ekki eru til tölur um fjölda þeirra sem sóttu fjarnámskeið 2021

Safnið greiddi fyrir þátttöku 4 starfsmanna á málþing, námskeið eða ráðstefnur. Auk þess sótti starfsfólk fjölda ókeypis fræðsluerinda, ráðstefna og funda á fjarfundum á árinu. Einn starfsmaður fór í rannsóknaleyfi og tveir fengu námsleyfi árið 2021.

Betri vinnutími

Á síðasta ári var samþykktur styttri vinnutími hjá dagvinnufólki í takt við fyrirmæli stjórnvalda. Styttri vinnutími var einnig samþykktur hjá vaktavinnufólki á árinu.

Umhverfisvænar samgöngur

Safnið hvetur starfsfólk til að nýta sér umhverfisvænni samgöngumáta í stað þess að koma til vinnu á einkabíl. Til stuðnings er veittur samgöngustyrkur til þeirra sem skuldbinda sig til að sleppa einkabílum í a.m.k. 80% ferða til og frá vinnu.

Til að styðja enn betur við starfsfólk og grænar samgöngur var styrkurinn hækkaður úr 27.000 kr. í 72.000 kr. í ársbyrjun 2021 eða um 260%.

Samgöngustyrkir	2019	2020	2021
Fjöldi starfsfólks	29	30	33
Styrkur	25.000 kr.	27.000 kr.	72.000 kr.
Samtals	730.000 kr.	804.500 kr.	2.376.000 kr.

Sýningar og kynningarmál

Hlutverk einingarinnar er að sjá um sýningar, kynningar og útgáfumál safnsins, en margir starfsmenn leggja sýningum lið. Einingin hefur einnig umsjón með kjörgríp mánaðarins á aðalvef safnsins.

Viðurkenning Hagbenkis 2020

Viðurkenning Hagbenkis var veitt 9. mars í Þjóðarbókhöðunni og hana hlaut Pétur H. Ármannsson fyrir ritið *Guðjón Samúelsson húsameistari*, sem Hið íslenska bókmenntafélag gaf út. Örsýning var sett upp í samstarfi við Hagbenki og Bókmenntafélagið og stóð til 20. september.

Jón Múli Árnason – 100 ára minning

Jón Múli Árnason (1921-2002) var þjóðþekktur fyrir störf sín sem útvarpsmaður og lagahöfundur. Jón Múli samdi ýmsa söngleiki og revíur í félagi við Jónas bróður sinn og voru flestir söngdansar hans samdir fyrir revíur þeirra bræðra. Í tilefni af því að 100 ár voru liðin frá fæðingu Jóns Múla var sett upp sýning í safninu í samstarfi við Vopnafjarðarhrepp sem stendur að Múlastofu. Af þessu tilefni afhenti fjölskylda Jóns Múla safninu ýmis skjöl úr hans fórum þann 26. maí. Ragnheiður Gyða Jónsdóttir flutti ávarp við það tilefni og Eypór Gunnarsson og Sigríður Eypórsdóttir fluttu tónlist. Á sýningunni mátti sjá fjölbreytt úrval efnis frá ferli Jóns Múla. Sýningin stóð til 16. ágúst.

Fortíðarraddir. Handrit, prent og persónulegar heimildir

Sýningin Fortíðarraddir var opnuð 2. júní. Sýningin er samvinnuverkefni nokkurra eininga af varðveislusviði, eða Íslandssafns, handritasafns, kvennasögusafns og sérsafna. Þar mátti sjá ýmsa muni úr fórum þessara eininga: bækur, handrit, kort, skjöl, bréf og annað, ásamt stuttri umfjöllun um sögu eininganna, safnkost og hlutverk, með hliðsjón af íslenskri bóksögu.

Maístjarnan – Halla Þórlaug Óskarsdóttir

Rithöfundasamband Íslands og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn veittu verðlaunin *Maístjarnan* fyrir bestu ljóðabók undangengis árs. Tilnefningar til Maístjörnnunnar vegna ljóðabókar útgefnar 2020 voru kynntar við litla athöfn í Gunnarshúsi 27. apríl. Verðlaunin voru svo afhent við hátíðlega athöfn í safninu 26. maí. Maístjörnnuna fyrir ljóðabók ársins 2020 hlaut Halla Þórlaug Óskarsdóttir fyrir *Þagnarbindindi* og flutti hún ávarp. Ragnheiður Tryggvadóttir las úr verðlaunabókinni og María Logn Kristínardóttir og

Sverrir Norland fluttu ávarp dómnefndar. Sýning á tilnefndum ljóðabókum ásamt verðlaunabókinni og fyrri verkum höfundarins stóð í anddyri safnsins út nóvember.

Bibliotek Nordica

Bókverkasýningin *Bibliotek Nordica*, samsýning 84 norræna listamanna á 82 bókverkum í A6-broti, var opnuð 17. maí í safninu. Tólf íslenskir listamenn áttu verk á sýningunni sem hefur verið sett upp í sex löndum á síðustu tveimur árum. Verkefnið er á vegum listahópsins Codex Polaris, en sýningarstjórn var í höndum Imi Maufe í samvinnu við Megan Adie og Bent Kvisgaard. Markmiðið með Bibliotek Nordica er að búa til safn norræna bókverka sem auðvelt er að nálgast og sem hægt er að nota til viðmiðunar í bókmenntasögu samtímans og skapa um leið tengslanet milli Norðurlandanna. Sýningarskráin var á snertiskjá. Bókverkahópurinn Arkir sá um uppsetningu ásamt sýningarstjóra safnsins. Móttaka var fyrir aðstandendur sýningarinnar föstudaginn 20. ágúst. Sýningin stóð fram til sunnudagsins 22. ágúst.

Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands 50 ára

Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands fagnaði 50 ára starfsafmæli árið 2021. Í tilefni afmælisins var opnuð sýning í Þjóðarbókhöðu 2. september um sögu stofnunarinnar og starfsemi hennar. Ávörp fluttu Lilja Alfreðsdóttir menningarmálaráðherra, Jón Atli Benediktsson rektor háskóla Íslands, Guðmundur Jónsson prófessor og Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands sem opnaði sýninguna. Á sýningunni var varpað ljósi á starfssögu Sagnfræðistofnunar, rannsóknir og kennslu í sagnfræði um hálfra aldar skeið. Á sýningunni voru fjölmargar ljósmyndir úr skjalasafni Sagnfræðistofnunar, myndasafni HÍ og fleiri söfnum. Einnig voru á sýningunni myndskreið úr safni RÚV og skjalasafni HÍ og hljóðupptökur úr safni Miðstöðvar munnlegrar sögu. Sýningin var samstarfsverkefni Sagnfræðistofnunar HÍ og Lbs-Hbs. Hún stóð til 22. nóvember 2021.

Þorvaldur Thoroddsen – aldarminning frumkvöðuls

Í tilefni af því að 28. september 2021 var öld liðin frá láti Þorvaldar Thoroddsen, var opnuð sýning um Þorvald og lífsstarf hans í Þjóðarbókhöðu. Haldið var málþing við opnun. Erindi fluttu Álfheiður Ingadóttir, Gísli Már Gíslason, Helga Kress, Snæbjörn Guðmundsson, Karl Skírnisson, Trausti Jónsson og Gerður Kristný. Að sýningunni stóðu Náttúruminjasafn Íslands, Hið íslenska náttúrufræðifélag og Lbs-Hbs í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, Veðurstofu Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag, Jarðfræðafélag Íslands, Líffræðifélag Íslands, Jökklarannsóknafélag Íslands og Vísindafélag Íslands. Á sýningunni voru munir og

Ljósmyndir í eigu Þjóðminjasafns Íslands, heiðurspeningar sem eru varðveittir hjá Seðlabanka Íslands, brjóstmynd og jarðfræðikort í eigu Náttúrufræðistofnunar Íslands og bækur frá safninu. Sýningin stóð fram yfir áramót.

200 ára afmæli Fjodors Dostoevskijs

Þann 26. október var í safninu málþing í tilefni af 200 ára afmæli rithöfundarins Fjodors Dostoevskijs og formennsku Rússlands í Norðurskautsráðinu. Opnuð var ljósmyndasýningin *Rússneska Norðurskauts-svæðið*, fluttir fyrirlestrar og sýnd heimildamynd. Viðburðurinn var hluti af *Dögum rússneskrar menningar á Íslandi* sem voru með áherslu á menningu á norðurslóðum; landfræði, sögu, bókmenntum og menningu Rússlands, Færeyja og Íslands. Sýningin stóð aðeins þennan dag.

Páll Björnsson – 400 ára minning

Árið 2021 voru 400 ár liðin frá fæðingu séra Páls Björnssonar (1621–1706) prests og prófests í Selárdal við Arnarfjörð. Ævi hans verður best lýst sem harmleik þrátt fyrir að hann hafi verið í stétt forrættinda allt sitt líf. Hann var mikilvirkur fræðimaður og er mikið af handritum úr hans fórum á handritasafni, en Páls er þó einkum minnst fyrir að koma sjö manneskjum á bálið þegar brennuöld stóð sem hæst. Gunnar Marel Hinriksson sérfræðingur á handritasafni tók saman efnið á sýningunni sem var opnuð 28. október og stóð fram yfir áramót.

Valgerður Jónsdóttir – 250 ára afmæli

Þann 1. desember var opnuð í safninu sýning um Valgerði Jónsdóttur biskupsfrú, í tilefni af því að liðin voru 250 ár frá fæðingu hennar, en hún fæddist 14. desember 1771 á Seljalandi undir Vestur-Eyjafjöllum. Árið 1789 giftist hún Hannesi Finnssyni (1739–1796) biskupi í Skálholti. Þá var hún 18 ára en hann fimmtugur. Valgerður og Hannes eignuðust fjögur börn: Jón, Ólaf, Þórunni og Sigríði. Hannes lést árið 1796, eftir sjö ára hjónaband. Valgerður varð því ekkja 25 ára gömul. Árið 1806 giftist hún Steingrími Jónssyni (1769–1845), sem þá var lektor í Bessastaðaskóla. Steingrímur hafði verið ritari Hannesar biskups og kennari á heimili biskupshjónanna í Skálholti. Árið 1811 var hann vígður prestur í Odda á Rangárvöllum og fluttust þau Valgerður þá þangað. Hann tók við biskupsembætti 1825. Fyrsta árið bjuggu þau í Reykjavík en síðan í Laugarnesi. Valgerður og Steingrímur eignuðust einn son, Hannes. Valgerður missti seinni mann sinn 1845 og eftir það bjó hún hjá Sigríði dóttur sinni og tengdasyni á Görðum á Álfanesi. Valgerður lést 17. maí 1856.

Mikið handritasafn varð til á biskupsheimilunum. Hannes hafði erfð safn föður síns og afa og sjálfur hafði

hann aukið við safnið, sem Valgerður erfði við lát hans. Steingrímur jók enn við safnið og að honum látnum bauð Valgerður Landsbókasafni allt handritasafnið, alls 393 bindi, til kaups. Þann 5. júní 1846 undirritaði konungur formlegt leyfi á kaupunum og er sá dagur talinn stofndagur handritasafns Landsbókasafns. Frá þeim degi hefur handritasafnið vaxið með hverju ári og nú eru þar varðveitt um 15.000 handrit auk fjölda einkaskjalasafna. Ómögulegt er að segja hvort svo hefði orðið án sölunnar á handritum Valgerðar. Handritasafnið er því fagur og sístækkandi minnisvarði um Valgerði Jónsdóttur.

Höfundar sýningarinnar eru Halldóra Kristinsdóttir, sérfræðingur á handritasafni og Erla Hulda Halldórsdóttir, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands auk þess sem Guðrún Hildur Rosenkjær sagnfræðingur og kjólameistari hjá Annríki skrifaði texta á spjaldirinu „Tískufyrirmyndin“. Rannver H. Hannesson forvörður aðstoðaði við uppsetningu og Ólafur J. Engilbertsson sá um hönnun sýningar, sem stóð fram yfir áramót.

Jóla- og nýárskort frá fyrri hluta 20. aldar

Þann 1. desember var opnuð sýning á jólakortum og nýárskortum frá fyrri hluta 20. aldar, en fyrir um það bil einni öld, var mikil gróska í gerð jóla- og nýárskorta. Sýningin stóð fram yfir áramót.

Kjörgrípur 2021

Af kjörgrípum mánaðarins á vef safnsins voru fjórir tengdir konum og sex tengdir körlum, en tveir ótilgreindir eða tengjast báðum kynjum:

Nú árið er liðið í aldanna skaut – söngur, Einar Markan
Gripir úr fórum ... – gripir, Björg C. Þorláksson
Dimmalimm (100 ár) – bók, Muggur
Vikivaki – tónlist, Jón Múli Árnason
Lögbók Magnúsar kónigs – handrit, ÍBR 1 4to
19. júní – tímarit, Kvenréttindafélag Íslands
Auglýsingar Jörundar – handrit, Lbs 747 fol.
Sögur og þættir af fornaldarmönnum Íslendinga
Bréf til Guðrúnar Bjarnadóttur – bréf, Níels Bjarnason
Húsmæðrablaðið 1916 – tímarit, Valgerður Briem
Landfræðissaga Íslands – bók, Þorv. Thoroddsen
Bréfabók Valgerðar Jónsdóttur – handrit, Lbs 26 fol.

Yfirlit

Ellefu sýningar voru á árinu, þar af sjö stórar eða meðalstórar. Sjö voru samstarfsverkefni við aðila utan safnsins. Tvær sýningar fjölluðu um konur, fjórar um karla og fimm fjölluðu um hluti eða bæði kyn. Af kjörgrípum mánaðarins voru 4 eftir konur, 6 eftir karla, tveir tengdust báðum kynjum. Erindi í tengslum við sýningar fluttu 8 konur og 8 karlar og 1 kona flutti tónlist. Gefin var út ein vegleg sýningarskrá, *Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands 50 ára* – í samstarfi við Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. Einnig voru gerðir

fjórir minni bæklingar, þar af tveir á íslensku og ensku og prentaðar innanhúss og tveir bæklingar voru hannaðir af utanaðkomandi, þar af var annar á skjá.

Tölvurekstur

Tölvurekstur sér um að tölvur, netþjónar og netbúnaður séu í góðu lagi svo ekki verði truflun á starfsemi safnsins. Tölvurekstur ber ábyrgð á tölvu- og netkerfum (LBS / Reykholt / Mjódd / Hýsing / Verne Global) og að þau virki sem skyldi. Fylgst er með nýjungum og breytingum á þessu sviði svo fyllsta öryggis sé ávallt gætt.

Helstu verkefni eru rekstur og umsjón netþjóna, gagnageymslna, netkerfa (póstkerfa, gagnagrunna og sýndarumhverfis), aðgangsstýringar og notenda-stjórnun, afritunarlausnir og gagnaöryggi, eftirlit með vírus- og öryggisvörnum, ráðgjöf um innkaup á hverskyns búnaði, uppfærslur á hugbúnaði og stýrikerfum, rekstur IP símkerfa, auk uppsetningar og reksturs öryggismyndavélakerfis.

Uppfærslur og lagfæringar

Talsvert var um uppfærslur stýrikerfa, bæði Windows Server og Linux í nýjustu útgáfur. Einnig voru uppfærslur á kjarnakerfum safnsins, s.s. netkerfum, gagnageymslum, öryggiskerfum o.s.frv. Borðtölvum starfsfólks var skipt út fyrir fartölvur.

Viðbætur

Nýr netbúnaður og öryggismyndavélar voru sett upp í Mjódd og samræmt við net og öryggiskerfi safnsins. Einnig nýr netbúnaður í Reykholti og samræmt við net og öryggiskerfi safnsins. Safnið tók að fullu yfir rekstur Eduroam innanhúss eftir langt innleiðingarferli. Daglegur rekstur útstöðva er enn fyrirferðarmikill hluti af rekstri. Verkeiðinarnar urðu 710 talsins og fjölgaði þeim mikið á milli ára.

Lykiltölur	2020	2021
Heildargagnamagn á diskastæðum	370TB	400TB
Gagnamagn í gagnaskýi innanlands	220TB	240TB
Gagnamagn í skýjaþjónustu erlendis AWS Glacier	90TB	100TB
Netþjónar	61	60
Borðtölvur starfsfólks	105	0
Fartölvur starfsfólks	14	95
Tölvur gesta og kiosk þjónustur	21	24
Prentarar og ljósritunarvélar	16	16
Netaðgangs- og öryggisbúnaður	8	14
IP-tölur skráðar í uppflattiskrá	430	680
Annar búnaður eingöngu á innra neti		
IP símtæki	85	85
Öryggismyndavélar	50	52
Netbeinar (switch)	18	19
Þráðlausir sendar (AP)	34	36

Innleiðingar

M365 – innleiðingaferið hélt áfram í samstarfi við Advantia. Efni á skráarkerfi/drifum var greint og grisjað, sumt flutt í skjalavistunarkerfið og annað í hópvinnumlausnina Teymi (Teams). Miðlæg stjórnun vírusvarna var áfram í skýjalausn Trend Micro. Á síðasta ári var farið í útboð vegna fartölva fyrir starfsfólki en afhendingin tafðist talsvert vegna Covid-19. Flest starfsfólkið fékk fartölvu og 2-3 skjái. Á síðasta ári var tekinn í notkun Teljari, sem er lausn frá Cloud.Camlytics.com, og tengist öryggismyndavél í anddyri sem telur gesti safnsins inn og út. Rauntímatölur birtast á *Inngangi*, en Þjónustusvið sér um að halda þeim saman.

Daglegur rekstur útstöðva er fyrirferðarmikill hluti af rekstri. Verkeiðinarnar urðu 710 (474) talsins og fjölgaði þeim aftur, væntanlega vegna skiptingu yfir í fartölvur og breytinga á vinnuumhverfi.

Upplýsingatækni og vefstjórn

Upplýsingatæknihópur greinir, þróar og innleiðir upplýsingatækniverkefni í safninu í samvinnu við aðrar starfseiningar. Verkefni eru ýmist þróuð innan safnsins eða unnin í samvinnu við aðra, m.a. önnur þjóðbókasöfn. Unnið var að fjölmörgum verkefnum á árinu, sum eru ný en önnur hafa verið í vinnslu um tíma. Það er eðli verkefnanna að vinnu við þau lýkur ekki fyrr en þau eru lögð af, því eftir innleiðingu hefst viðhald og gera þarf breytingar, eða bæta við nýjum verkþáttum.

Handrit.is

Endurgerð útgáfa af vefnum *handrit.is* var opnuð í september. Eldri gerð vefjarins var orðin rúmlega 10 ára gömul og orðin úrelt. Í nýju útgáfunni eru allar hliðar vefsins uppfærðar og undirliggjandi skráningarvinna. Nýi vefurinn fékk uppfært og nútímalegra útlit, sem einnig virkar vel í snjalltækjum. Þá var leitinn bætt töluvert, opnað á möguleikann að sækja mynduð handrit í einni heild og fjöldi annarra umbóta kom með vefnum. Í fyrstu var nýi vefurinn keyrður samhliða þeim eldri, í einskona „beta“ aðgangi, en eldri vefnum verður svo lagt í byrjun 2022.

Samfélagsmiðlar

Unnið hefur verið að því að samræma notkun á samfélagsmiðlum og koma birtingu efnis á þeim í skýrari farveg. Til að ná þessu markmiði hefur vefstjóri safnsins, Daði Hall, unnið að því að setja upp útgáfuáætlun og tryggja að unnið sé eftir henni.

Tímarit.is

Þegar að leitað er á *timarit.is*, getur kerfið ljómað upp hvar á blaðsíðunni leitarorð er að finna. Þessi virkni hefur verið til staðar um hríð, en hefur ekki verið aðgengileg nema í hluta efnisins, þar sem nauðsynlegar staðsetningarupplýsingar voru ekki aðgengilegar fyrir eldra efni myndað hjá safninu fyrir 2018. Til að

gera þetta virkt á öllu efni *timarit.is* reyndist nauðsynlegt að endurvinnna allt þetta gamla efni, alls um 5 milljónir blaðsíðna. Þetta reyndist nokkuð krefjandi og þurfti t.d. fyrst að umbylta og sjálfvirknivæða allt tengt varðveislu á frumritum myndaðs efnis hjá safninu. Þegar þeirri vinnu lauk um mitt ár var svo hægt að setja endurvinnsluvélina í gang. Sökum þess hve mikið magn er um að ræða þá mun endurvinnslan taka um 2 ár og ljúka síðari hluta árs 2023, en leitarniðurstöður batna þá í hverri viku á u.þ.b. 50 þúsund blaðsíðum.

Vefsafn

Vefgáttin *vefsafn.is*, notar töluvert gamlan hugbúnað, OpenWayback, sem þróun hefur nú verið hætt á. Á árinu var bakendi kerfisins uppfærður og settur upp nýr afspilunarhugbúnaður fyrir vefsafn á léninu beta.vefsafn.is. Um er að ræða opinn hugbúnað, pywb, sem hefur verið færður í útlit safnsins. Samtökin International Internet Preservation Consortium (IIPC) styrktu viðbótarþróun á hugbúnaðinum á árunum 2020-21 m.t.t. að hann mæti betur þörfum meðlima samtakanna. Lék Lbs-Hbs þar nokkuð stórt hlutverk þar sem starfsmaður safnsins, Kristinn Sigurðsson, fór fyrir stýrihöpi samtakanna um hugbúnað þegar verkefninu var komið á. Þá var safnið einnig mjög virkt á þessu tímabili í að meta nýjar útgáfur hugbúnaðarins og leggja til æskilegar úrbætur. Reiknað er með að pywb leysi eldri hugbúnað af hólmi á *vefsafn.is* fyrir lok árs 2022.

Vefsöfnun

Framkvæmd vefsafnana gekk eðlilega á árinu, en þrjár heildarsafnanir á íslenska þjóðarléninu .is voru gerðar. Um 80 þúsund lén tilheyra þjóðarléninu og söfnuðust að meðaltali um 84 milljónir skjala í hverri söfnun. Vikulegum söfnunum á sérvöldum vefjum var einnig haldið áfram á árinu. Um var að ræða vefi sem valdir voru af starfsmönnum skylduskila m.t.t. þess að um væri að ræða vefi með efni sem skipti máli í þjóðmálaumræðu og að vefirnir væru uppfærðir ört. Haldið var áfram með sérstaka söfnun tengda Covid-19 faraldrinum sem hófst 2020, og gerð var sérsöfnun tengd alþingiskosningum á árinu. Þá var einnig haldið áfram sífelldum söfnunum á völdum vefjum í gegnum RSS fréttastauma þeirra.

IRIS (Pure)

Unnið var að innleiðingu rannsókanagagnsafnsins IRIS á árinu. Kerfið, sem er rekið af Elsevier, verður notað af öllum háskólum og helstu rannsóknastofnunum hér á landi þegar innleiðingu lýkur. Aðkoma Upplýsingatæknihóps á árinu fólst í að gera gögn úr fræðigreinasafninu *Opin vísindi* aðgengileg fyrir nýja kerfið og tryggja, að eftir innleiðingu, geti vísindagreinar flætt aftur úr IRIS og í *Opin vísindi*, þannig að ekki þurfi að tvískrá efni. Einnig var veitt aðstoð við að flytja gögn úr fræðigreinasafninu *Hirslan* sem Landsspítali rekur, í IRIS.



Halldóra Kristinsdóttir og Erla Hulda Halldórsdóttir, höfundar sýningarinnar, ásamt Guðrúnu Hildi Rosenkjær sem lagði verkefninu lið.



Málþing í fyrirlestrasal um Þorvald Thoroddsen jarðfræðing (1855-1921) þann 28. september 2021.

Aðföng og skráning

Sviðið ber ábyrgð á þaulsöfnun skilaskylds íslensks efnis og uppbyggingu ritakosts í þágu háskólanáms og rannsókna, þ.e. innkaupum og innheimtu efnis, aðfangaskráningu og utanumhald um ritakaupasjóði Háskóla Íslands og safnsins. Einnig sér sviðið um móttöku gjafa, flokkun, skráningu og efnisgreiningu þess efnis sem tekið er inn í Gegni, auk þess að ganga frá efni til útláns og notkunar. Ennfremur sér sviðið um bókfræðistjórn og gæðastjórnun í Gegni í samvinnu við Landskerfi bókasafna. Í árslok störfuðu 21 á sviðinu í 20,65 ársverkum, nítján konur og tveir karlar. Sviðsstjóri er Ragna Steinarsdóttir

Vinna við innleiðingu nýs bókasafnskerfis hjá Landskerfi bókasafna setti svip sinn á allt starf sviðsins á árinu. Starfsfólk sviðsins býr yfir gríðarlegri sérfræðipækkingu á bókfræðilegum lýsigögnum sem er nauðsynleg til að hægt sé að færa gögnin milli kerfa. Talsverðar tiltektir fylgdu kerfisskiptunum því laga þurfti handvirkt ýmislegt sem ekki var hægt að gera kerfislega forsögn fyrir.

Covid-19 hafði einnig mikil áhrif á starfsemi sviðsins. Margir starfsmenn unnu alfarið í heimavinnu, en flestir að hluta. Skráning á rafrænu efni og greiniskráning voru upplögð heimaverkefni og gengu vel. Vinna við áþreifanlegan safnkost gekk sinn vanangang á staðnum, þrátt fyrir að faraldurinn hægði á um tíma. Fjarfundir með Landskerfi bókasafna og erlendum kerfissérfræðingum voru daglegt brauð. Slíkir fundir eru ágætir upp að vissu marki. Þó er ákveðin hættu á misskilningi og stundum fór mikill tími í að útskýra

ýmislegt sem væri auðveldara að sýna eða útskýra í eigin persónu. Það var því mikill léttir að fá erlenda sérfræðing vegna Alma-bókasafnskerfisins til landsins í nokkra daga á haustmánuðum. Þá leystust mörg vandamál átakalítið á staðnum.

Árlegir samstarfsfundir við erlenda aðila, námskeið og ráðstefnur voru einnig rafræn. Sviðsstjóri sótti NNG fund (Networking Group on bibliographic and infrastructure topics) sem er samstarfsvettvangur þjóðbókasafna Norðurlandanna um bókasafnskerfi, bókfræðigögn (lýsigögn), skráningarreglur, skráningar-snið og staðla. Markmið samstarfsins er að samnýta lýsigögn og skiptast á upplýsingum.

Starfsfólk Aðfangasviðs sér um kennslu tveggja námskeiða í upplýsingafræði við HÍ, skipulagningu þekkingar (flokkun og efnisorðagjöf) og bókfræðilega skráningu og lýsigögn. Bæði námskeiðin voru kennd í

fjarkennslu. Einnig sér starfsfólk sviðsins um að kenna nýjum skrásetjum á skráningarpátt Gegnis á vegum Landskerfis bókasafna, en gæðastjóri Gegnis er þar í forsvari.

Aðföng og gjafir

Helstu verkefni aðfangahóps eru kaup á gögnum fyrir safnið og HÍ, s.s. pöntun, móttaka og aðfangaskráning. Auk þess sér faghópurinn um móttöku og aðfangaskráningu gjafa. Söfnun og greining á tölfræðigögnum er stór þáttur í starfseminni. Starfshópur um stjórnun og uppbyggingu safnkosts sér um val á bókum og öðru efni sem keypt er fyrir sjóði safnsins, t.d. bækur íslenskra höfunda sem þýddar hafa verið á erlend tungumál og annað efni sem fjallar um Ísland og Íslendinga, og sem berst ekki í skylduskilum (Islandica Extranea). Náin samvinna er við Landskerfi bókasafna um þróun og viðhald aðfangapáttar Gegnis.

Innkaup á árinu voru áfram erfið vegna Covid-19. Margir erlendir birgjar lokuðu eða voru með lágmarkspjónustu fyrir pantanir og póstflutingar frá mörgum löndum gengu afar hægt.

Rafrænt efni

Hugvísindasvið, Félagsvísindasvið og Verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ héldu áfram að nýta fjármagn sem ætlað er til uppbyggingar rannsóknarinnviða, til að auka aðgengi að rafbókum og tímaritum í samstarfi við Lbs-Hbs, sem sér um umsýslu þessa efnis. Alls veita þessir samningar aðgang að 284 þúsund rafbókum, mest á sviði hug- og félagsvísinda. Hugvísindasvið endurnýjaði einnig aðgang að *Social Sciences & Humanities Library*, eða tæplega 1500 rafrænum tímaritum. Kostnaður vegna áskriftanna var rúmar 22 millj. kr.

Gagnakaup safnsins og Háskóla Íslands

Lbs-Hbs varði til gagnakaupa á árinu 2021 um 19.9 milljónum kr. sem skiptast þannig:

Gagnakaup Lbs-Hbs m.kr.	2020	2021
Bækur	4.5	5.2
Tímarit	6.2	6.3
Tón- og myndefni	0.3	0.4
Landsaðgangur	4.3	4.5
Rafrænar séráskriftir	3.6	3.5
Alls	18.9	19.9

Fjárveiting frá fræðasviðum og/eða einstökum deildum Háskóla Íslands til safnsins vegna kaupa á bókum, tímaritum og gagnagrunnum á árinu 2021, hækkaði nokkuð og var sem hér segir:

Fjárveiting sviða HÍ m.kr.	2020	2021
Félagsvísindasvið	11.2	10.4
Heilbrigðisvísindasvið	2.2	3.5
Hugvísindasvið	7.0	7.0
Menntavísindasvið	0.7	0.7
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	15.4	18.8
Alls	36.5	40.4

Landspítali - Háskólasjúkrahús kaupir efni fyrir heilbrigðisvísindasvið, og menntavísindasvið sér um innkaup fyrir sitt bókasafn, en bæði sviðin taka þátt í greiðslu rafrænna séráskrifta sem eru í áskrift hjá Lbs.-Hbs. Heildarinnkaup safnsins fyrir HÍ voru tæpar 43 millj. kr., sem eru um 2.6 millj. kr. hærri upphæð en áætluð fjárveiting fræðasviða og/eða deilda HÍ var. Mismunurinn liggur helst í að nokkrar deildir áttu afgang frá fyrra ári, gengi krónunnar var óhagstætt, og nýjar tímaritaáskriftir í rafrænu formi voru keyptar. Þessum fjármunum var ráðstafað í náinni samvinnu við háskólakennara og/eða bókasafnsfulltrúa deildanna og skiptist í:

Gagnakaup sviða HÍ m.kr.	2020	2021
Bækur og myndefni	6.5	6.3
Tímarit	10.9	12.0
Rafrænar séráskriftir	23.2	24.7
Alls	40.7	43.0

Auk þessa greiddi Háskóli Íslands miðlægt vegna Landsaðgangs að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum og fyrir rafrænar séráskriftir að gagnasöfnunum *JSTOR*, *Science Citation Report*, *CSA* og *Scopus*.

Miðlæg gagnakaup HÍ m.kr.	2020	2021
Landsaðgangur	40.6	41.3
Rafrænar séráskriftir	12.3	12.6
Alls	52.9	53.9

Gjafir

Miklar breytingar voru gerðar í verkferlum tengdum gjöfum á árinu. Gerðir voru nýir verkferlar varðandi val á gjafabókum og móttökufertlar gerðir skýrari. Safninu bærust að vanda margar ritagjafir á árinu. Almennings- og skólabókasöfn landsins stóðu sig einna best í ritagjöfum og gáfu safninu fjölmarga titla sem voru í vantasafni. Í vantasafn er skráð það efni sem vantar í skylduskilum. Gefendur geta flett þar upp til að athuga hvort efni sem verið er að grisja vantar hjá Landsbókasafni. Vantasafn hefur reynt bæði gefendum og þiggjendum vel og hjálpað safninu við að ná efni sem ekki hefur komið í skylduskilum. Einnig bærust safninu nokkrar mjög viðamiklar gjafir frá einstaklingum.

Samkvæmt samstarfssamningi við Miðstöð íslenskra bókmennta fær safnið eintök af þeim þýðingum íslenskra bókmennta sem Miðstöðin styrkir, og barst safninu fjöldi nýrra þýðinga á árinu.

Skylduskil

Í skylduskilum er unnið að móttöku, innheimtu og ráðstöfun nýs íslensks efnis skv. lögum um skylduskil. Þá er unnið að frágangi og aðfangaskráningu eldra efnis sem berst og reynt að útvega það sem á vantar, hvort sem um er að ræða bækur, tímarit eða annað efni, áþreifanlegt eða stafrænt. Haldið er saman tölulegum upplýsingum um blöð, tímarit, ársskýrslur, smælki og fleira (sjá Árstölur 3.2.2). Ennfremur eru sendar upplýsingar til Hagstofu Íslands um blaða- og tímaritaútgáfuna, tegundir hennar og tíðni eftir efni.

Rafhlaðan og rafræn skylduskil

Rafrænn hluti skylduskila hefur vaxið gríðarlega undanfarin ár og má segja að sá hluti sé orðinn jafn mikill og hluti prentaðs efnis. Talsverð vinna fer í að fylgja eftir skilum á slíku efni og er verklag við innheimtu þess og varðveislu í stöðugri þróun. Varðveisla rafræns efnis sem ekki er varðveitt á *timarit.is* eða í *hljodsafn.is* er í Rafhlöðu (*rafhlaðan.is*), stafrænu varðveislusafni safnsins. Slíkt efni er m.a. stofnanaprent, rafbækur og sum tímarit. Lýsigögn verkanna í Rafhlöðunni eru afrituð úr Gegni með vélrænum hætti og er efnið ýmist sótt af starfsfólki safnsins eða að stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar senda inn efni. Í safninu voru 24.727 einingar í lok árs og höfðu 1.267 bæst við á árinu. Sjá töflu 3.2.2.í Árstölum.

Vefsafnanir

Íslenskum vefsíðum er safnað reglulega í *vefsafn.is*. Enn sem fyrr er safnað þrisvar á ári öllu sem er á léninu .is ásamt völdum erlendum lénum. Sömuleiðis eru gerðar vikulegar safnanir, einkum af síðum miðla sem breytast ört. Fjöldi vefja í reglulegri söfnun voru 84. Þá er og safnað efni af öðrum lénum en .is, einkum efni er varðar Ísland og Íslendinga erlendis. Slíkar slóðir voru 2.318 um áramót. Viðburðasafnanir voru tvær, vegna alþingiskosninga og áfram var haldið með Covid-19 söfnun, sem hófst 2020. Nú eru rúmlega 5.5 milljarðar skjala í safninu sem samtals nema um 138 terabæt. Fjöldi vefsetra sem tilheyra .is voru í árslok um 80 þúsund.

Innheimta og gjafir

Eins og áður voru keyrðir listar úr Gegni til að fylgjast með útgáfu sem önnur söfn eiga, en hafa ekki borist í skylduskil. Einnig er fylgst með útgáfufréttum í blöðum, *Bókatíðindum*, fréttum og á netinu m.a. samfélagsmiðlum, til að hafa upp á efni, bæði prentuðu

og á rafrænu formi, sem og hljóðefni. Þá berast oft ábendingar um rit sem vantar. Reglulega er haft samband við þá útgefendur sem prenta efni erlendis og þeir minntir á sitt hlutverk, en slík prentun er orðin mjög algeng. Símtöl og tölvupóstur eru helstu innheimtuaðferðir. Reglulega er sótt til ákveðinna prentsmiðja og útgefenda sem þess hafa óskað, til að liðka fyrir skilum. Nokkuð barst af íslensku gjafaefni frá einstaklingum og stofnunum.

Tímarit og greiniskráning

Tímaritahald sér um innkaup, skráningu og umsýslu tímarita safnsins og Háskóla Íslands. Ákvarðanir um hvaða efni er keypt fyrir skólann eru að mestu hjá kennurum og miðast við það fé sem einstakar deildir ákveða til ritakaupa. Á árinu 2021 voru 348 tímarita-áskriftir greiddar af HÍ og 240 af ritakaupafé safnsins, samtals 588 titlar. Að auki koma enn mörg tímarit að gjöf, en þeim hefur fækkað umtalsvert s.l. tvö ár. Umsjón með skráningu tímaritsgreina í Gegni er einnig í höndum faghópsins, sem og skráning og umsýsla ársskýrslna. Um 180 tímarit eru greiniskráð að staðaldri í Gegni og um skráninguna sjá 10 aðildarsöfn Gegnis, hvert eftir sínu fræða- eða áhugasviði. Af þeim sér Lbs-Hbs um greiniskráningu um 125 titla. Huga þarf að samræmi við skráningu á *timarit.is*, en greiniskráning í Gegni er forsenda þess að titlar greina birtist rétt á *timarit.is*. Unnið er að grisjun á forða eldri erlendra tímarita í geymslum safnsins.

Finna tímarit

Skráin um rafræn tímarit, *Finna tímarit* frá ExLibris, er notuð af öllum háskólasöfnum í landinu. Í skránni eru tenglar við rafræn tímarit, bæði þau sem eru í Landsaðgangi og í séráskriftum háskólanna, auk fjölda tímarita sem eru í opnum aðgangi. Samtals eru þar um 30 þúsund titlar.

Alþjóðlegt bóknúmer ISBN

Úthlutað var 81 númeraröð á árinu og 219 stökum númerum. Heildarskrá yfir íslenska útgefendur, er hluti af alþjóðlegri skrá Global Register of Publishers, sem inniheldur 5.755 færslur að meðtöldum upplýsingum um einstaklinga sem fá stök ISBN númer. Skráin er uppfærð jafnóðum og númerum er úthlutað.

Alþjóðlegt tímaritsnúmer ISSN

Úthlutað var 134 ISSN númerum á árinu, að meirihluta fyrir tímarit í stafrænni endurgerð á *timarit.is*. Heildarfjöldi færslna fyrir íslensk tímarit í ISSN skránni var um áramót 3.759 færslur.

Alþjóðlegt nótunúmer ISNM

Úthlutað var 5 númeraröðum á árinu og 14 stökum ISNM númerum á árinu. Frá upphafi hefur verið

úthlutað 32 númeraröðum og 61 stöku númeri. Skrá yfir íslenska útgefendur, sem haldið er saman fyrir alþjóðaskrifstofuna innihélt 85 færslur um áramót.

Bókaskráning

Verkefni faghópsins er að flokka, efnisgreina og skrá efni sem tekið er inn í Gegni, bæði prentað og stafrænt. Um er að ræða íslenskt efni sem berst í skylduskilum, efni sem keypt er fyrir safnið sjálft og fyrir HÍ og bækur sem berast í gjöfum. Skráning á stafrænu efni fer sífellt vaxandi. Þá eru skráðir kaflar og greinar í íslenskum safnritum og úr erlendum bókum sem innihalda efni er varðar Ísland eða er eftir Íslendinga. Allir skrasetjarar safnsins taka þátt í að greiniskrá úr tímaritum. Á síðasta ári var hætt að gefa efnisorð á lokaritgerðir frá HÍ, sem varðveittar eru í Skemmuni.

Tiltektafærni og lagfæringar

Unnið var að lagfæringum og leiðréttingum í Gegni, m.a. vegna gagnabreytinga og innleiðingar nýs bókasafnskerfis. Þá er árlega eitthvað um endurflokkun. Stafrænt efni sem hýst er í Rafhlöðunni er skráð jafnóðum. Áfram var haldið með tiltektafærni í geymslum Þjóðarboókhöðu og skiluðu þau heilmiklu efni til skráningar. Hluti af því fór í óskjur í Íslandssafni fyrir dagurprent. Þá var einnig gert átak í skráningu sérprenta. Doktoraskrá er einn af sérvefjum safnsins og inniheldur lokaritgerðir Íslendinga sem lokið hafa doktorsprófi. Markmiðið er að leggja þennan vef af og færa yfir í bókasafnskerfið. Fara þarf yfir skráningu og samræma, og skrá þær ritgerðir sem ekki eru til í safninu eða eru einungis rafrænar. Að því loknu má leggja vefinn af. Þær ritgerðir sem nú bætast við eru einungis skráðar í Gegni. Ekki er lengur gerð sérstök leit að doktorsritgerðum erlendis, en þær ritgerðir sem berast eru skráðar. Doktorsritgerðir frá HÍ eru skráðar jafnóðum.

Útgáfuskrá, bókfræðistjórn og gæðaeftirlit

Bókfræðifærslur fyrir íslenska útgáfu eru skráðar og kóðaðar í Gegni m.t.t. þess að gögnin megi draga út og endurnýta í Íslenskri útgáfuskrá. Skráin inniheldur tölulegt yfirlit um útgáfu bóka, hljóðbóka, tímarita, landakorta og hljóðritaðrar tónlistar, á Íslandi frá árinu 1999. Íslensk útgáfuskrá er birt á vefnum *utgafuskra.is* og er uppfærð vikulega með gögnum úr Gegni. Bókfræðileg stjórn Gegnis fer fram bæði í sjálfum bókfræðigrunninum og í svokölluðum nafnmyndagrunni. Meirihluti viðhaldsvinnu við báða grunna er á hendi skrasetjara Lbs-Hbs. Betrumbætur á bókfræðigrunni felast í ýmsum verkefnum sem auka gæði stakra færslna og bæta leitarheimtur. Þetta eru t.d. sameiningar á tvöföldum færslum, efnisorðavinna og kóðun færslna sem notaðar eru í öðrum kerfum.

Í nafnmyndagrunni eru vistaðar færslur með til- og frávisunum fyrir mannanöfn, landfræðiheiti, stofnananöfn og almenn efnisorð. Í nafnmyndaskrá eru alnafnar aðgreindir og nafnmyndir fyrir sígild verk eins og Biblíuna og ýmis fornrit eru samræmdar. Árið 2021 hófst vinna við að breyta reglum og stöðlum í mannanafnaskráningu í Gegni. Markmiðið er að nafnmyndir fyrir mannanöfn í Gegni séu í fullu samræmi við alþjóðlegan MARC21 lýsigagnastaðal. Með þessu verður tryggt að nafnmyndir í Gegni virki eins og best verður á kosið í nýju bókasafnskerfi. Talsverð vinna var einnig lögð í að halda áfram að skrá og vista íslensk mannanöfn með aðgreinanlegum nafnliðum í nafnmyndaskrá, til þess að tapa ekki gögnum sem mikil vinna hefur verið lögð í.

Skráningarþjónusta

Safnið býður nú upp á skráningarþjónustu gegn gjaldi fyrir söfn og stofnanir þar sem aðföng eru lítil. Í þjónustunni felst flokkun, skráning og tenging rita í Gegni. Einnig kjálmerking sé þess óskað. Nokkur söfn nýttu þessa þjónustu á árinu.

Hljóð- og myndskráning

Faghópurinn sér um skráningu efnis sem er á öðru formi en prentuðu. Meginverkefnið er skráning hljóðrita og kvikmynda, en einnig eru skráðar nótur, hljóðbækur, rafbækur, spil og margmiðlunargögn. Þá sér hópurinn um að kóða bókfræðifærslur sem birtast á *utgafuskra.is*, fara þarf yfir skráningu og leiðréttu ef þarf.

Hljóðbækur

Á árinu var lögð sérstök áhersla á að skrá rafrænar hljóðbækur sem höfðu borist í skylduskilum. Fram að þessum tíma hafði ekki legið skýrt fyrir hvernig best væri að geyma og varðveita bækurnar en úr því leystist á árinu. Því fór faghópurinn í átaksverkefni við skráningu og í lok árs höfðu verið skráðar um 1.830 hljóðbækur, sem verða varðveittar á *hljodsafn.is*.

Hljóðrit

Verkefni ársins tengd hljóðritum voru mörg á árinu. Eitt af áframhaldandi verkefnum er að yfirfara eldri skráningu hljóðrita vegna birtingar og samtengingar við *hljodsafn.is*, en stefnt er að því að varðveita rafrænt afrit af allri íslenskri tónlist og öðrum hljóðritum þar. Mikið magn af hljóðritum barst safninu að gjöf og þeirra stærst var hljóðritasafn STEF sem er nú að mestu komið inn í safnkostinn.

Kvikmyndir

Miklar breytingar hafa orðið síðustu árin á útgáfu íslenskra kvikmynda. Meiri hluti þeirra er ekki lengur gefinn út á Íslandi og því þarf safnið að kaupa meira af þeim en fyrri ár. Sem dæmi má nefna að á síðasta ári

bárust tvær kvikmyndir í skylduskilum, 55 bárust sem gjöf og 58 voru keyptar. Safnið safnar enn VHS-spólum sem ekki bárust á sínum tíma og voru almenningsbókasöfnin einn stærsti gefandinn á því sviði. Kvikmyndasafn Íslands tekur við skilaskyldum íslenskum kvikmyndum og þáttum, en Lbs-Hbs fær myndbönd og mynddiska í almennri dreifinu.

Gæðastjórn Gegnis

Gæðastjórn Gegnis er unnin í nánú samstarfi við Landskerfi bókasafna, Borgarbókasafnið og önnur bókasöfn, sem eiga hagsmuna að gæta þegar kemur að gæðum lýsigagna í kerfinu, og því hvernig þau nýtast og birtast í bókasafnskerfinu og leitargáttinni *leitir.is*. Safnið á tvo fulltrúa í skráningarráði Gegnis, Helgu Kristínu Gunnarsdóttur og Hallfríði Hr. Kristjánsdóttur. Ragna Steinarsdóttir er fulltrúi safnsins í efnisorðaráði og er jafnframt ritstjóri efnisorða. Bæði ráðin starfa á vegum Landskerfis bókasafna. Safnið á einnig tvo fulltrúa í gæðahópi Gegnis, en hann gegnir lykilhlutverki við þróun og þegar kemur að tæknilegri hliðum kerfisins, s.s. prófunum á nýjum uppfærslum og útgáfum kerfisins. Safnið heldur úti sérstöku netfangi *gegnir@landsbokasafn.is* til að taka við beiðnum um leiðréttingar og öðrum erindum sem varða skráningu í bókfræði- og nafnmyndagrunn Gegnis. Fagstjóri skráningar og sérfræðingar á fagsviðinu sjá um afgreiðslu á þeim málum sem berast þannig. Að meðaltali bárust 14 erindi á mánuði árið 2021.

Handbók skrásetjara Gegnis

Safnið heldur úti *Handbók skrásetjara Gegnis* (HASK), sem er veflægt vinnutæki allra skrásetjara í landinu og er aðgengileg á *hask.landsbokasafn.is*. Gæðastjóri er ritstjóri handbókarinnar, en í ritstjórn sitja að auki fjórir skrásetjarar Lbs-Hbs. Handbók skrásetjara er uppfærð reglulega í samræmi við alþjóðlegar skráningarreglur og staðla og ákvarðanir skráningarráðs Gegnis. Handbókin var endurhönnuð í kjölfar innleiðingar á nýjum skráningarreglum, RDA árið 2016, og hefur mikil vinna farið í að uppfæra innihald og leiðbeiningar. Á árinu hófst endurhönnun og endurskipulagning handbókarinnar m.t.t. nýs bókasafnskerfis, sem býður upp á að tengt verði beint úr skráningarviðmóti og í handbókina. Áætluð verklok og opnun nýrrar *Handbókar skrásetjara* eru í júní 2022, þegar nýtt bókasafnskerfi tekur við af því gamla. Heimsóknir

á vefinn á árinu 2021 voru rúml. 54.000 og flettingar rúmlega 40.000. Sjá töflu 2.13.

Helstu verkefni ársins

Verkefni ársins voru flest tengd innleiðingu nýs bókasafnskerfis, en innleiðingin hófst formlega í mars 2021. Í sameiginlegum verkefnahóp Landskerfis bókasafna og safnanna sem koma til með að nota kerfið, sitja tveir starfsmenn Lbs-Hbs, Hallfríður Kristjánsdóttir, gæðastjóri skráningar og Telma Rós Sigfúsdóttir, verkefnastjóri. Kortleggja þurfti bæði bókfræði- og nafnmyndagrunn ítarlega og flytja báða grunnana án teljandi gagnataps yfir í nýtt kerfi. Talsverðar breytingar þarf að gera á gögnum til að hámarka notagildi þeirra og lesanleika í nýju kerfi. Þá þarf að endurskipuleggja forðaskráningu og tengingar fyrir bæði rafrænan safnkost og fyrir eintakalausar greinifærslur. Umsýsla með rafrænum áskriftum færast yfir í Ölmú og notkun á SFX verður hætt. Sumar breytingar mátti vinna í gamla kerfinu, fyrir gagnaflutning eða í sjálfum gangaflutningunum, þannig að upplýsingar komu réttar og uppfærðar yfir í nýja kerfið. Aðrar og flóknari gagnabreytingar voru skjalaðar og bíða þess að verða unnar í nýju kerfi á næsta ári.

Samhliða vinnu við flutning gagna milli bókasafnskerfa var unnið að innleiðingu nýrrar og uppfærðrar leitargáttar fyrir notendur, *leitir.is*. Lbs-Hbs kemur til með að bjóða notendum sínum upp á sérstaka leitargátt sem inniheldur eingöngu þann safnkost sem safnið hefur aðgang að. Einnig verða byggðir sérstakir leitargrunnar fyrir bæði Íslenska útgáfuskrá og skrá um þýðingar íslenskra bókmennta.

Fræðsla og alþjóðleg samvinna

Skilyrði fyrir skráningarleyfi í Gegni er að sótt sé þriggja daga námskeið sem haldið er reglulega á vegum Landskerfis og sér gæðastjóri Gegnis um kennsluna. Árið 2021 voru ekki haldin skráningar-námskeið, enda fyrirséð að núverandi kerfi verður lagt af í júní 2022. Fræðslufundir fyrir skrásetjara eru haldnir einu sinni eða tvisvar á ári, en fundurinn féll niður 2021 vegna innleiðingarinnar og vegna samkomutakmarkana. Gæðastjóri og fleiri starfsmenn sátu fjölmarga upplýsingafundi, námskeið og vinnustofur á vegum ExLibris, vegna innleiðingar kerfisins. Öll þau samskipti fóru fram í gegnum fjarfundabúnað og veflægt samvinnutæki.



Afhending ljóðaverðlaunanna Maístjarnan 2021. Í dómnefnd sátu María Logn Kristínardóttir Ólafsdóttir og Sverrir Norland.

Varðveisla og stafræn endurgerð

Sviðið ber ábyrgð á varðveislu íslensks safnkosts, þ.e. handritum og einkaskjölum, sérsöfnum og öllu útgefnu íslensku efni skv. lögum um skylduskil, nema kvikmyndum, útvarps- og sjónvarpsefni. Sviðið hefur umsjón með forvörslu, bókbandi, umbúnaði, stafrænni endurgerð, útlánnum á lessal, ásamt annarri þjónustu við þá safngesti sem nota safnkostinn. Einingin hefur einnig umsjón með varaeyntakasafni í Reykholti. Í lok ársins voru 23 starfsmenn, en ársverk voru 19,52 ellefu karlar og tólf konur. Sviðsstjóri er Örn Hrafnkelsson.

Forvarsla og bókband

Á viðgerðarstofu er unnið að forvörslu og viðgerðum á handritum og prentuðum ritum. Forvörður er einnig til ráðuneytis um og ber ábyrgð á viðhaldi, varðveislu og umbúnaði ritakostsins. Megináhersla síðustu ára hefur verið að bæta umbúnað handrita með því að skipta út gömlum umbúðum fyrir nýjar hentugri umbúðir úr sýrufríu efni. Áfram var unnið að verkefninu PaperTrails, samstarfsverkefni sem styrkt er af Rannís.

Á undanförnum árum hefur dregið úr bókbandi á nýjum ritum en vægi viðgerða og endurbands gamalla bóka og handrita úr eigu safnsins hefur aukist til muna. Árið 2021 störfuðu við safnið tveir bókbindarar í

skertu starfshlutfalli. Bókbandsverk 2021 voru alls 16.078 (16.100) einingar, (sjá Árstölur 5.4) og fækkaði þeim verulega undanfarin tvö ár m.a. vegna Covid-19.

Myndastofa

Stafræn endurgerð er fastur liður í starfsemi safnsins og árlega bætist við, en mismunandi eftir efnisflokkum. Í myndastofu er unnið að stafrænni endurgerð bláða, tímarita, bóka, handrita og annars efnis, myndatökum að beiðni notenda og vegna sýninga og viðburða í safninu. Eins og undanfarin ár voru tímarit meginhluti þess efnis sem myndað var á árinu. Teknar voru 172.700 (176.698) myndir. Ítarlegri upplýsingar um myndað efni eru í töflu 5.5 í Árstölum.

Alls voru komnar um 5.74 milljónir mynda á *timarit.is*, en um 173 þús. bls. bættust við á árinu. Á *bækur.is* var fjöldi rita orðinn 1.850 eða um 550 þús. bls. Á vefnum *handrit.is* eru alls um 2.800 mynduð handrit og þar af á Lbs-Hbs 1.825 handrit og um 533 þús. bls. Á *islandskort.is* eru 787 kort frá árunum 1544-1951 og um 1056 útgáfur. *Íslensk bókaskrá 1534-1844* er tengd við *bækur.is*, þannig að nákvæmar bókfræðifærslur tengjast hverri bók. Á árinu hófst myndun á gjörða- og dagbókum Alþingis, en það er samstarfsverkefni safnsins og þingsins. Elstu bækurnar eru frá 1845 og hafa að geyma öll erindi sem bærust til þingsins. Að verkefninu koma handritasafn, forvörður og myndastofa. Á árinu 2021 voru mynduð 22 bindi, samtals 29.150 blaðsíður. Verkefninu lýkur 2022. Myndirnar eru aðgengilegar á *handrit.is*. Sjá Árstölur 5.5.

Handritasafn

Meginhlutverk er að annast söfnun, varðveislu, skráningu og rannsóknir íslenskra handrita og skjala sem ekki heyra undir lögbundin skil til Þjóðskjalasafns eða héraðsskjalasafna. Starfsfólk sinnir skráningu, flokkun og frágangi, annast kynningu á safninu fyrir nemendahópa og aðra gesti, heldur erindi og ritar greinar, þjónustar safngesti á lessal, sinnir upplýsingaþjónustu, vinnur að sýningum og heldur úti síðu á samfélagsmiðlum til að kynna starfsemina, ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

Útlán

Alls voru 3.312 (2.856) handrit og einkaskjöl lánuð á lessal. Vegna Covid-19 var takmarkaður fjöldi gesta og starfsfólks um nokkurra vikna skeið, sem hafði áhrif á gestafjölda og lán.

Millisafnalán

Lánuð voru úr handritasafni fjögur handrit til Árnastofnunar.

Til handritasafns komu fimm lán, fjögur frá Árnastofnun og eitt frá Þjóðminjasafni. Þá voru gögn úr tveimur einkaskjalasöfnum fengin að láni frá Héraðsskjalasafni Árnesinga. Þá bærust 22 Alþingismála-bækur í millisafnalán frá skjalasafni Alþingis vegna samstarfsverkefnis um myndun á þeim bókum.

Aðföng

Skráðar voru 83 (76) afhendingar í aðfangabók á árinu, handrit 36 (8) og einkaskjalasöfn 47 (68). Meðal þeirra voru gögn Mandólinhljómsveitar Reykjavíkur (Lbs 2021/9), bréfasafn Steinunnar H. Bjarnason (1869-1961) og Bandalags kvenna í Reykjavík (Lbs 2021/14), handskrifuð sveitablöð frá Hrunamannahreppi frá millistríðsárunum (Lbs 5735-5743 4to), bréfasafn hjónanna Eggerts Loftssonar verka- og kvæðamanns (1906-1989) og Jóhönnu Arnfinnsdóttur húsmóður (1901-1966) (Lbs 2021/32), handrit frá nitjándu öld frá

eyðibýlinu Sandnesi við Steingrímsfjörð (Lbs 5219-5226 og Lbs 5733 4to), og margt fleira.

Skráning

Skráningu í handritasafni má skipta í þrennt:

1. Skráning úr aðfangabók. Handrit og einkaskjöl

Handrit – Áfram var unnið að skráningu úr aðfangabók fyrir tímabilið eftir 1964. Á árinu var 43 (53) handritum bætt við óprentaða handritaskrá, bæði úr gömlum og nýjum aðföngum. Í árslok voru 1.726 (1.684) handrit í skránni. Þó nokkur frátekin handritsnúmer eru í skránni frá fyrri árum, sem á eftir að fylla upp í. Af þessum 1.726 handritum er búið að skrá 1.700 (1.666) á *handrit.is*, en hafa ber í huga að þar er handritum stundum skipt í hluta (a-b) sem eykur fjölda eininga sem skráðar eru.

Einkaskjöl – Áfram var unnið að skrá yfir einkaskjalasöfn (NF-skrá) og voru færðar inn upplýsingar um skjalamyndara (fæðingar- og dánarár, stöðu, aðfangadagsetningu, umfang o.fl.). Í árslok 2021 voru söfnin í skránni orðin 1.250 talsins. Í árslok voru örfá vafaatriði eftir til skoðunar, að öðru leyti er skráin nánast tilbúin.

2. Skráning úr prentuðum handritaskrá á *handrit.is*

Haldið var áfram skráningu handrita úr prentuðum skrá á *handrit.is*. Þá voru skráð og mynduð ýmis handrit vegna tilfallandi pantana fræðimanna og gesta (sjá um myndun handrita neðar).

3. Nýskráning handrita og einkaskjala

Handrit – Þau handrit sem bærust til safnsins á árinu voru skráð í óprentaða handritaskrá og á *handrit.is*. Samtals voru þá skráð 876 handrit á árinu.

Einkaskjöl – Einkaskjalasöfn sem bærust handritasafni á árinu voru skráð í aðfangabók og sum hver ítarlegri skráningu með rafrænum hætti.

Í árslok 2021 höfðu 8.823 (7.947) handrit úr söfnum Lbs-Hbs verið skráð á *handrit.is*.

4. Skráning skinnblaða

Sólveig Hilmarsdóttir sumarstarfsmaður á Árnastofnun vann að skráningu á óskráðum skinnbrotum sem varðveitt eru í Lbs-Hbs. Hún vann við skráningu á skinnblöðum í Árnastofnun og einnig skinnbrotum varðveittum í Þjóðskjalasafni og Þjóðminjasafni.

Myndun handrita

Á árinu voru mynduð 30 handrit, og 21 Alþingisbók.

Bókakynningar

Í október og desember voru haldnir tveir bókafundir í fyrirlestrarsal þar sem höfundar nýlegra bóka kynntu verk sín, sem voru að meira eða minna leyti unnar upp úr safnkosti handritasafns.

Heimsóknir, kynningar og samfélagsmiðlar

Á árinu var minna um heimsóknir og kynningar vegna Covid-19. Tekið var á móti nemum frá HÍ, Listaháskól- anum og Flóaskóla. Þá kom þýski sendiherrann í heim- sókn og starfsfólk frá Þjóðminjasafni kynnti sér skrá- ingu og myndun handrita.

Samfélagsmiðlar voru notaðir til að kynna áhugavert efni handritasafns. Á Fésbókarsíðu voru birtar ljós- myndir og kynningar á ýmsum gögnum og var síðan með 1.622 (1.600) fylgjendur í árslok 2021. Instagram reikningi handritasafns var lokað, en tekinn var upp sameiginlegur reikningur fyrir safnið í heild.

Rannsóknaverkefnið Paper Trails

Handritasafn tekur þátt í rannsóknarverkefninu *Pappírsslóð rakin* eða *Paper Trails*. sem styrkt er af Rannís og stýrt af Þórunni Sigurðardóttur hjá Árna- stofnun. Af hálfu Lbs-Hbs hafa Halldóra Kristinsdóttir og Rannver H. Hannesson tekið þátt í verkefninu, ásamt Jóni Kristni Einarssyni, sem ráðinn var sem nemi við verkefnið strax í upphafi. Hann vann að verkefninu í nokkrar vikur í upphafi árs 2021. Vinnan í ár fólst einkum í undirbúningi ráðstefnu og sýningar, sem til stóð að halda á vormánuðum en var frestað til næsta árs vegna Covid-19. Þá var unnið að greinaskrifum í tengslum við verkefnið.

Geymslumál

Handritasafn fékk nýjar hillur til afnota í kjallara Þjóðarbókhöllu undir lok árs. Þangað verða aðföng frá og með 2017 flutt í ársbyrjun 2022.

Íslandssafn

Meginhlutverk Íslandssafns er að þaulsafna gögnum útgefnum á Íslandi í prentuðu formi eða á öðrum miðlum, búa í hendur notendum og varðveita handa komandi kynslóðum, og að afla hliðstæðra gagna sem gefin eru út erlendis og varða Ísland og Íslendinga. Afgreiðsla Íslandssafns er á 1.h. Þar eru veittar upplýsingar og prentuð rit sótt fyrir notendur til afnota á lestrarsal. Meðal fastra verkefna hvers árs er að fara yfir safnkostinn og eldri ritum sem safninu hefur áskotnast bætt við. Samkvæmt eintaksupplýsingum úr Gegni voru strikamerkjaeiningar í Íslandssafni árið 2021 212.883 (208.657) og bættust við á árinu 4.226 einingar. Sjá töflu 3.2.1.

Gestir Íslandssafns

Gestir á lestrarsal 1.h. árið 2021 voru 2.811 (2.002) skv. skráningu í gestabók, en fækkun má rekja til Covid-19.

Stafræn endurgerð fyrir *tímarit.is*

Í Íslandssafni er sífellt unnið að því að bæta við titlum tímarita og dagblaða á vefinn *tímarit.is* en stefnt er að því að flest tímarit og dagblöð sem ekki eru lengur í útgáfu verði birt á vefnum. Jafnframt eru á hverju ári gerðir nokkrir samningar um stafræna endurgerð við

útgefendur tímarita sem enn eru gefin út. Árið 2021 bættust 127 (96) tímaritstitlar við vefinn eða 186.521 (181.336) bls. Heildarfjöldi blaðsíðna í árslok var 6.134.671 (5.948.150) bls.

Varaeintakasafn í Reykholti

Varaeintakasafn Íslandssafns er varðveitt í Reykholti og þar eru hýst varaeintök hvers árs af bókum, tímaritum, dagblöðum og dægurprenti. Varaeintök af tónlist, myndefni og tölvuefni eru varðveitt í Þjóðar- bókhöllu. Í Reykholti er starfsmaður í 45% starfi við að ganga frá því efni sem berst úr aðalsafni einu sinni á ári, venjulega að vori.

Þegar gengið hefur verið frá sendingu hvers árs, er unnið að því að tengja eldri ótengdan safnkost, auk umsýslu, eins og að sannreyna upplýsingar og bera saman við það efni, sem býðst í Þjóðarbókhöllu til uppfyllingar í forðann. Í varaeintakasafni liggur töluverður forði af tímaritum og skýrslum frá því fyrir 2005, en ötullega hefur verið unnið að eintaks- tengingum og hagræðingu þessa efnis síðustu árin. Vinnuhópur úr aðalsafni sinnir þessum verkefnum og segja má að allt frá árinu 2015 hafi markvisst verið unnið að þessum þætti. Ferðum í Reykholt hefur fjölgað uppá síðkastið og einnig starfsfólki sem sinnir þessu. Að jafnaði hefur starfsfólk frá aðfangasviði og skylduskilum verið með í þessum síðustu ferðum. Lokið hefur verið við að ganga frá og eintakstengja allar skýrslur, öll tímarit í 8vo stærð og nú er langt komið að ganga frá og tengja tímarit í 4to stærð. Árið 2021 bættust 6.227 (5.308) strikamerkjaeiningar við varaeintakasafnið, eða u.þ.b. 64.75 hillumetrar. Fjöldi strikamerkjaeininga í árslok 2021 var 151.117 (144.844) og lausir hillumetrar um 508. Farnar voru nokkrar vinnuferðir í Reykholt og haldið áfram við að pakka tímaritum og tengja inn eldra efni í Gegni.

Ritakaup og gjafir

Íslandssafni ber að hafa uppi á efni sem gefið er út erlendis og varðar Ísland og Íslendinga og afla þess. Á það bæði við um prent og annað útgefið efni. Oftast þarf að kaupa þessi verk og þau eru talin með öðrum rita- kaupum. Starfsmaður Íslandssafns situr í Starfshópi um stjórnun og uppbyggingu safnkosts (Suss) sem sér um val á bókum og öðru efni sem keypt er fyrir sjóði Lbs-Hbs, t.d. bækur íslenskra höfunda sem þýddar hafa verið á erlend tungumál og annað efni sem fjallar um Ísland og ekki berst í skylduskilum (Islandica Extranea). Auk þess situr fagstjóri Íslandssafns í gjafateymi safnsins og aðstoðar við að fara í gegnum allar gjafir, aðfangaskrá og tengja í bókasafnskerfið.

Annað

Þessu til viðbótar sinnti starfsfólk Íslandssafns fyrir- spurnum, útlánnum, gestum á lessal, þéttingu safn- kosts í hillum, frágangi á gögnum o.s.frv.

Seðlabanki Íslands

Ekki var unnt að halda áfram frágangi á ritunum sem safninu bárust frá Seðlabankanum þar sem ekki hefur verið skrifað undir endanlegt samkomulag þar um.

Sérsöfn

Hlutverk einingarinnar er að halda utan um ýmis sérsöfn og veita aðgang að þeim auk annarra verkefna. Skilgreind sérsöfn eru 21 og eru þau misstór, sbr. töflu sem er unnin úr Gegni um fjölda eintaka í hverju safni.

Sérsöfn	2019	2020	2021
Benediktssafn	7.570	7.573	7.281
Bókbindarasafn	366	378	439
Bókminjasafn	942	942	942
Bókverkasafn	494	567	609
Davíðssafn	892	892	892
Einarssafn	766	766	768
Erlent fágæti	10.315	11.097	10.586
Fiskesafn	1.239	1.239	1.239
Johnsenssafn	97	97	97
Steffenssafn	7.203	7.211	7.211
Kortasafn	2.154	2.178	2.191
Kristmannssafn	224	221	221
Laxnesssafn	1.083	1.093	1.080
Lárusarsafn	587	587	597
Nonnasafn	741	735	734
Ragnar Þorsteinsson	1.296	1.296	1.296
Ferðabókasafn Seðlabanka	2.805	2.807	2.807
Safnahús	54	54	30
Sænska safnið	1.785	1.785	1.785
Watsonsafn	1.285	1.285	1.285
Þorsteinssafn	1.766	1.768	1.800
Samtals	43.664	44.571	43.890

Eitt af helstu verkefnum ársins var frágangur og ítarskráning eldri íslenskra bóka til myndunar fyrir *bækur.is*. Í árslok 2021 voru 2.330 (2.190) titlar aðgengilegir í 2.826 (2.675) bindum, samtals 574.647 (545.463) bls. Ritum fjölgaði því um 140 titla. Á árinu var lokið við að mynda bækur útgefnar 1851-1855.

Önnur verkefni fólust aðallega í að yfirfara safnkost nokkurra sérsafna, endurraða og fjarlægja bækur sem ekki áttu að vera þar (t.d. í Benediktssafni, safni Jóns Steffensen og í erlendu fágæti). Einnig var aðstoðað við að fara yfir ýmislegt eldra efni og gjafir (fletta upp, aðfangaskrá eða farga).

Úthlutað var í níunda sinn úr Rannsóknarsjóði Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haraldar Sigurðssonar. Markmið sjóðsins er að veita styrki til eflingar rannsókna á korta- og landfræðisögu Íslands og íslenskrri bókfræði, og stuðla að útgáfu rita um þau efni. Styrkir úr sjóðnum eru veittir á tveggja ára fresti. Umsóknir voru tíu og hlutu þrjár styrk, samtals að upphæð 2,1 millj. kr. fyrir eftirtalin verkefni: Þáttur í

íslenskrri bókfræði á erlendri grundu: Bréfasafn Sveinbjarnar Egilssonar (1791-1852), Kortlagning örnefna og menningar í Surtsey: undirbúningur útgáfu og Landfræðileg afmörkun sáttaumdæma á Íslandi 1798-1936: tilurð og þróun.

Kvennasögusafn

Kvennasögusafn, sem var stofnað 1. janúar 1975, varð hluti af Lbs-Hbs árið 1996 og flutti í Þjóðarbókhöllu. Hlutverk kvennasögusafns er að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Þá miðlar safnið þeirri þekkingu, aðstoðar við heimildaleit og hvetur til rannsókna á sviði kvennasögu. Í stjórnarnefnd voru Ragnheiður Kristjánsdóttir af hálfu RIKK, Vilborg Eiríksdóttir af hálfu Kvenfélagsambands Íslands og Bragi Þorgrímur Ólafsson af hálfu Lbs-Hbs.

Fyrirspurnir, heimsóknir og útlán

Skráðar voru 146 (131) fyrirspurnir, sem bárust á árinu eftir ýmsum leiðum; símleiðis, í tölvupósti, heimsóknunum og gegnum samfélagsmiðla. Þar af voru 21 (15) karl og 125 (116) konur. Flestar fyrirspurnir koma frá Íslendingum, en erlendar fyrirspurnir koma yfirleitt frá fjölmiðlum í leit að upplýsingum um jafnréttissögu Íslands. Í gestabók rituðu 34 (66) einstaklingar. 23 (47) fengu gögn í lán á lestrarsal, 4 (5) karlar og 16 (42) konur, 3 ekki kyngreint. Útlán gagna á lessal voru 125 (66) samkvæmt talningu Gegnis, en nokkur einkaskjalasöfn sem ekki voru strikamerkt voru skráð í útlán. Áfram er unnið við að strikamerkja safnkostinn, svo útlán kvennasögusafns verði betur skráð.

Aðföng og skráning

Alls voru 29 einkaskjalasöfn afhent á árinu en auk þess komu aðrar gjafir s.s. bækur og tímarit. Gjöfunum er ráðstafað eftir því sem þykir henta best hverju sinni. Af nýjum aðföngum má nefna viðbót við Kvenfélagsamband Íslands (KSS 2021/15), skjöl félagsamtakanna Samskiptanet kvenna (KSS 2021/5), handskrifaðar námsbækur Arndísar Steingrímsdóttur frá því hún var í barnaskóla á árunum 1940-1946 (KSS 2021/13) og viðbót við safn Guðrúnar Jónassonar og Gunnþórunnar Halldórsdóttur (KSS 2021/19). Ítarlegri lista yfir afhendingar ásamt upplýsingum um flest skjalasöfn sem eru varðveitt á kvennasögusafni má finna á vefnum *kvennasogusafn.is*. 31 einkaskjalasafn var nýskráð á árinu, en skráning og umbúnaður 9 slíkra safna var endurbættur. Nálgast má flestar skráningararnar á vef Kvennasögusafns.

Vefir og samfélagsmiðlar

Kvennasögusafn heldur úti vefnum *kvennasogusafn.is*, sér um síðu á Fésbók og er með Twitter reikning. Í lok árs voru 2.346 (2.119) sem líkuðu við Fésbókina og Twitter fylgjendur voru 583 (507).

Sérverkefni

Á árinu var unnið að sérstökum skjala- og upplýsingavef um Rauðsokkahreyfinguna með styrkjum frá mannréttindaráði Reykjavíkur og mennta- og menningarmálaráðuneyti. Þá fékkst styrkur úr Jafnréttisráði í ár fyrir verkefnið. Emma Björk Hjálmaradóttir vann í hlutastarfi að verkefninu, en því hefur seinkað, og gert er ráð fyrir að opna vefinn 2022.

Norræn ráðstefna í kvenna- og kynjasögu

Rakel Adolphsdóttir, sótti þrettánda norrænu kvenna- og kynjasöguráðstefnuna rafrænt 19.–21. ágúst. Ráðstefnan var haldin við háskólann í Árósum. Rakel flutti þar erindið „Comrade Woman. On the Socialist Women’s Association and the political participation of women socialists in Iceland from 1938-1968” sem byggir á skjalasafni Kvenfélags sósíalista sem er varðveitt á Kvennasögusafni. Fleiri þátttakendur voru frá Íslandi, en allir tóku þátt gegnum fjarfundarbúnað að þessu sinni.

Norrænt samstarf

Kvennasögusafn Íslands er í nánum tengslum við NIKK, Nordisk Information för Kunskap om Kön, sem hefur aðsetur í Gautaborg. NIKK er ein af stofnunum Norðurlandaráðs. Það kallar saman fulltrúa kvennasögusafna og upplýsingastöðva á Norðurlöndum til árlegra funda. Söfnin hafa með sér óformlegan félagskap NING (Nordic Information Network Gender). Í ár fór fundurinn fram í gegnum fjarfundabúnað.

Hljóð- og myndsafn

Innan hljóð- og myndsafns eru starfræktar þrjár einingar: tónlistarsafn, tón- og myndsafn og miðstöð munnlegrar sögu. Þá er unnið að einu sérverkefni sem hefur yfirskriftina frumrit íslenskrar tónlistar.

Tónlistarsafn

Hlutverk tónlistarsafns er að safna, skrá og varðveita íslenskar tónminjar. Þegar safnið var stofnað í Kópavogi 2009 varð til formlegur farvegur fyrir söfnun íslenskra tónminja sem haldið hefur áfram eftir að safnið varð hluti Lbs-Hbs um mitt ár 2017.

Á árinu 2021 hófst skipuleg vinna við að skilgreina og skrá stafrænt efni safnsins, um 15 TB. Efnið tilheyrir ýmsum verkefnum, svo sem söfnun heimilda um íslenska tónmenningu í Vesturheimi, skráningu orgela í íslenskum kirkjum og myndbandsviðtöl við um 200 Íslendinga sem fæddir eru um og eftir 1930, með áherslu á menningu og sögu. Efnið er aðgengilegt á *ismus.is*.

Ísmús gagnagrunnurinn er sameiginlegt verkefni Lbs-Hbs (tónlistarsafns) og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Grunnurinn var mikið endurbættur á árinu og sá Trausti Dagsson forritari í Árna-stofnun um þá vinnu. Stefnt er á að opna nýjan Ísmús í upphafi árs 2022.

Þá vann Daði Hall, vefstjóri, að nýrri vefsíðu fyrir tónlistarsafn – *tonlistarsafn.is* – og lauk þeirri vinnu í árslok. Uppfærsla síðunnar heldur áfram á árinu 2022. Sex sýningarskápum var komið fyrir á 4. hæð undir lok árs. Þar er ætlunin að sýna gripi og gögn frá tónlistarsafni, leikminjasafni og tón- og myndsafni og er verkefnið unnið í samstarfi við Ólaf Engilbertsson sýningarstjóra.

Gott samstarf hefur komist á milli tónlistarsafns og leikminjasafns sem meðal annars varðveitir hljóð- og myndupptök frá Leikfélagi Reykjavíkur og Þjóðleikhúsinu. Tónlistarsafn vinnur við að afrita þetta efni af snældum og böndum hvers konar og er sú vinna áframhaldandi.

Síðla árs hófst frágangur og skráning gagna frá Tónlistarsögu Íslands, alls um 70 öskjur, en verkefnið var á forræði Jóns Þórarinssonar tónskálds í rúm 20 ár. Samhliða er unnið við skráningu og frágangi á persónulegum gögnum Jóns sem lágu með efni Tónlistarsögu Íslands, um 28 öskjur. Þessum verkefnum lýkur á fyrri hluta næsta árs.

Á árinu bárust safninu 19 (13) afhendingar. Þar má nefna hljóðupptök og nótur úr safni Ólafs Gauks Þórhallssonar og Svanhildar Jakobsdóttur; gögn úr búi Hauks Morthens söngvara; innbundið tónlistarbókasafn úr búi Trausta Thorberg og gögn úr búi Guðmundar Jónssonar söngvara. Til viðbótar nýjum aðföngum var gengið frá 23 eldri afhendingum og frágengin safnmörk á árinu 2021 því alls 42.

Tón- og myndsafn

Meginhlutverk tón- og myndsafns er að safna, varðveita og veita aðgang að hljóðritum og myndefni sem gefið er út á Íslandi og safna eftir megni hljóðritum og myndefni sem Íslendingar eiga aðild að og gefið er út erlendis. Safnkosturinn er að mestum hluta varðveisluefni fengið í skylduskilum, s.s. íslensk hljóðrit (tónlist og hljóðbækur) og kvikmyndir, en þó er hluti safnkostsins gjafir og keypt efni, en undir það heyra hljóðrit Íslendinga sem gefin eru út erlendis, erlendar kvikmyndir sem Íslendingar eiga aðild að og erlendar kvikmyndir ætlaðar háskólanemum. Í tón- og myndsafni er aðstaða til að hlusta á hljóðrit og skoða myndefni og einnig er úrval af nótnaheftum til útláns, auk raddskráa og handbóka til notkunar á staðnum. Efni sem berst er jafnóðum skráð í Gegni.

Hljóðsafn.is

Í Hljóðsafninu, stafrænu varðveislusafni Landsbókasafns, eru stafræn afrit af hljómplötum, snældum, geisladiskum og vefútgáfu. Tilgangurinn með Hljóðsafninu er að varðveita íslenska hljóðritaútgáfu til frambúðar og bæta aðgang að hljóðritum safnsins. Hljóðrit sem komin eru úr höfundarrétti eru í opnum aðgangi og hægt er að hlusta á stutt hljóddæmi efnis

sem enn er í höfundarrétti. Öll hljóðritin eru aðgengileg í fullri lengd í tölvu á 4. hæð.

Samið var um aðgang að stafrænni útgáfu sem Alda Music gefur út og dreifir í svonefndri Tunnu. Þetta einfaldar mjög heimtur á stafrænum útgáfum, og skilar sér í fjölgun hljóðskráa í Hljóðsafni umfram fyrri ár. Í árslok voru komnar 51.838 (45.784) hljóðskrár í *hljóðsafn.is* og þar af voru 682 í opnum aðgangi (tónlist komin úr höfundarrétti eða viðtöl úr Miðstöð munnlegrar sögu) og skiptast þær þannig:

Fjöldi hljóðskráa á <i>hljóðsafn.is</i>	2020	2021
Af geisladiskum	36.535	38.825
Af netinu	6.193	9.815
Af 78 snúninga hljómplötum	657	657
Af 45 snúninga hljómplötum	10	15
Af 33 snúninga hljómplötum	96	214
Af snældum	1.889	1.889
Frá Miðstöð munnlegrar sögu	404	403
Samtals	45.784	51.838

Aðföng

Í skylduskilum bárust 304 hljóðrit á ápreifanlegu sniði (geisladiskar, hljómplötur, snældur) og á stafrænu formi 3.622 hljóðskrár/lög.

Alls bárust 412 hljóðrit og 55 mynddiskar að gjöf á árinu og voru þessar gjafir helstar: Frá STEFi bárust 20 stórir hljóðritakassar og voru tekin inn 223 hljóðrit (mest geisladiskar) auk 5 mynddiska. Oddgeir Eysteinnsson gaf 70 hljóðrit og 12 mynddiska. Frá RÚV voru tekin inn 25 hljóðrit og frá Tónlistarsafni Íslands bárust 11 hljóðrit. Hér eru ótalin hljóðrit úr gjöfunum sem send voru í Amtsbókasafnið á Akureyri.

Kjörgripur mánaðarins

Tveir kjörgripa mánaðarins voru hljóðrit úr Hljóðsafni. Í janúar var kjörgripurinn lagið „Nú árið er liðið í aldanna skaut,“ sungið af Einari Markan og í apríl lagið „Vikivaki“ eftir Jón Múla Árnason, í tengslum við sýningu um Jón Múla í tilefni af 100 ára ártíð hans.

Kynningar

Útvarpsmaðurinn Kristján Guðjónsson á RÚV tók viðtal við Bryndísi Vilbergsdóttur um Hljóðsafnið og var það flutt 5. mars á Rás 1, í síðdegisþættinum Lestinni.

Miðstöð munnlegrar sögu

Hlutverk miðstöðvarinnar er að safna munnlegum heimildum um sögu lands og þjóðar, varðveita þær, skrá og gera aðgengilegar. Miðstöðinni er ætlað að efla munnlega sögu sem aðferð í sagnfræði og standa fyrir fræðilegri umræðu um munnlega sögu. Í árslok 2021 voru 168 (161) söfn skráð í safnkost miðstöðvarinnar og höfðu 7 einingar bættust við á árinu.

Af áhugaverðum aðföngum má nefna myndviðtöl við sjö bókasafnsfræðinga sem tekin voru 2015. Upp-

tökunum var ætlað að varpa ljósi á breytingar sem urðu þegar fólk með menntun í upplýsinga- og bókasafnsfræði kom til starfa á bókasöfnum. Einnig má nefna sjö segulbandsspólur frá 1967–1976 hljóðritaðar á fundum og ráðstefnum á vegum Sjálfstæðisflokksins. Af fundarefnum má nefna: „Skipulagshyggja og frjálshyggja,“ „lðnaðarmál“, „Verðbólga“ og „Skattamál“. Auk þess er ómerkt og ódagsett spóla með útvarpsumræðum í aðdraganda borgarstjórnarkosninga í Reykjavík, mögulega frá vorinu 1966.

Jafnhliða daglegum verkefnum er áfram unnið að skráningu safnkosts, afritun eldri aðfanga miðstöðvarinnar og erindum sinnt er varða tæknilega ráðgjöf og tækjalán.

Frumupptökur íslenskrar tónlistar

Vinna við verkefnið *Frumrit íslenskrar tónlistar* hófst í ágúst 2019 þegar Lbs-Hbs tók að sér að varðveita og skrá hljóðritasafn Öldu Music. Stefán Ingólfsson þjóðfræðingur var ráðinn til verksins. Verkefnið felur í sér að safna, skrá og varðveita hljóðversupptökur af íslenskrari tónlist.

Á fyrsta ári verkefnisins 2019 tók Lbs-Hbs, skv. sérstökum samningi, á móti safni Öldu Music sem var í 220 kössum á 32 vörubrettum. Elstu upptökur eru frá því á fimmta áratug síðustu aldar og fram á tuttugustu öld. Gögnin eru á margvíslegu formi: tveggja rása segulböndum (TP), fjölrása spólum (MTR), gagnasegulböndum (DAT / ADAT) og geisladiskum (CD). Undir lok árs 2019 afhenti útgáfufyrirtækið Smekkleysa einnig ýmsar upptökur á tveimur vörubrettum. Á árinu 2020 var tekið við tíu söfnum sem voru öll misstór að vöxtum. Fyrst er að telja ýmsar upptökur er voru í vörslu Ríkisútvarpsins. Þá fjölföldunarmasterar af segulböndum í fjórum kössum frá Hljóðrita í Hafnarfirði sem bárust tón- og myndsafni fyrir árið 2010. Safn Jóhanns G. Jóhannssonar tónlistarmanns af eigin upptökum í sex kössum er barst tón- og myndsafni árið 2017. Hörður Torfason byrjaði að afhenda upptökur af eigin verkum og upptökum af tónleikum. Axel Einarsson afhenti upptökur úr eigin hljóðveri Stúdíó Stöðin, á tveimur vörubrettum. Pjetur Stefánsson afhenti upptökur úr Stúdíó Sýrlandi, hálf tveimur vörubretti. Þá bárust útgefin hljóðrit frá Eypóri Gunnarssyni og Ellen Kristjánsdóttur, sex kassar. Afhending frá Zonet, fimm kassar. Hljóðrit sem voru í geymslum stúdíó Hljóðhamars. Útgáfufyrirtækið Geimsteinn hóf afhendingu á gögnum í þeirra vörslu. Árið 2021 voru 17 afhendingar af ýmsum toga færðar í aðfangabók. Margt af því voru upptökur á ýms konar böndum sem hafa borist tónlistarsafni gegnum árin. Fyrst er að telja frumupptökur af verkum Magnúsar Blöndal Jóhannssonar, einnig upptökur frá Gunnari Reyni Sveinssyni, Helgu Ingólfssdóttur, Tónlistarskóla Reykjavíkur, Tónverkamiðstöð og hljómsveitinni Þey. Einnig var tekið á móti úr tón- og myndsafni ýmsum

upptökum frá útvarpsstöðunni Bylgjunni og Námsgagnastofnun. Þá bárust upptökur frá útgáfu-fyrirtækinu Dimmu.

Safnið er þannig byggt upp, að gögnin eru skráð í geymslu- og staðsetningarskrá og skipað eftir safndeildum og þá gerð. Safndeildirnar eru þrjár. Fyrst er að telja safn Öldu music (AM), þá safn Smekkleysu (SM) og að lokum safn Landsbókasafns (Lbs). Gögnin eru á nokkrum formum og þau helstu eru: tveggja rása segulbönd (TP), fjölrása spólur (MTR), gagnasegulbönd (DAT / ADAT) og geisladiskar (CD).

Í byrjun árs 2022 voru samtals skráð geymslunúmer 10.379 og fjöldi eininga 24.999.

Leikminjasafn

Hlutverk leikminjasafns er að safna, skrá, varðveita og miðla íslenskri sviðslistasögu. Leikminjasafn Íslands var formlega stofnað þann 9. mars 2003 á 170. afmælisdegi Sigurðar Guðmundssonar málara. Eftir rúmlega sextán ára starfsemi þar sem ómetanlegum menningararfi var komið í skjól, voru samtökin formlega lögð niður í sinni gömlu mynd 23. maí 2019. Safnkostur þess var að mestu færður til Þjóðminjasafns Íslands og Lbs-Hbs.

Í lok árs 2020 var auglýst starf sérfræðings, og Sigríður Jónsdóttir var ráðin og hóf störf í janúarlok árið 2021 og þar með hófst formlega starfsemi í Landsbókasafni. Áður hafði verið unnið að ýmsum samstarfsverkefnum milli safnanna tveggja er fólust í skráningu og frágangi á 28 söfnum er Leikminjasafn hafði áður afhent Landsbókasafni.

Aðföng, afhendingar og skráningar

Einkaskjalasöfn í varðveislu leikminjasafns telja um 40 og viðbætur eru stöðugar. Lýsandi samantektir á innihaldi safnanna er að finna á vefnum *leikminjasafn.is*, og eru reglulega uppfærðar.

Árið 2021 voru 17 afhendingar skráðar í aðfangabók. Tvær voru bókaðgjafir frá Þjóðleikhúsi og Leikfélagi Reykjavíkur, og var nokkuð af bókum sem vantaði í safnkost Lbs-Hbs tekinn inn úr þeim gjöfum. Fjórar færslur eru safnfærslur fyrir varðveislu á stafrænum ljósmyndum sem hafa safnast upp í gagnadrifum leikminjasafns í gegnum árin. Ellefu einkaskjalasöfn bárust frá stofnunum, félagasamtökum og einstaklingum, einnig var eitthvað um aðrar gjafir. Umfangsmesta safnið sem var skráð í aðfangabók er sýningasafn Þjóðleikhússins (LMÍ 2021/1) en það hefur að geyma upptökur af viðburðum í Þjóðleikhúsinu frá stofnun þess árið 1950 og fram til 2000. Einnig var sýningasafn Leikfélags Reykjavíkur (LMÍ 2021/4) fært í aðfangabók en það barst tónlistarsafni árið 2019. Safnið hefur að geyma 80 upptökur af leikritum sem hafa verið færðar á stafræn form. Aðrar markverðar afhendingar eru m.a. fyrsta afhending á skjalasafni Leiklistarskóla SÁL (LMÍ 2021/16), afhending á einkaskjalasafni Páls Stein-

grímssonar og Guðrúnar Indriðadóttur (LMÍ 2021/3) og einkaskjalasafn Jóns Múla Árnassonar (LMÍ 2021/10). Þess má geta að lítil sýning var sett upp í tilefni af afhendingunni og þess minnst að eitt hundrað ár voru liðin frá fæðingu Jóns Múla.

Ásamt skráningu og frágangi á gögnum sem voru afhent á árinu var unnið að skráningu og frágangi á eldri afhendingum. Árið 2018 afhenti Þjóðleikhúsið afhenti einkaskjalasafn Indriða Einarssonar (Lbs 2018/20) og var það fullskráð á árinu. Safn Indriða telur 49 öskjur og inniheldur margar gersemar þar á meðal eintak af leikritinu *Víg Kjartans Ólafssonar* eftir Júlíönu Jónsdóttur, en áður var talið að einungis eitt eintak væri varðveitt. Í safni Indriða er að finna eina þekktu eintakið af leikritinu *Stúlkan frá Tungu* sem Indriði skrifaði.

Fyrirspurnir

Fyrirspurnir á árinu voru fjölmargar, aðallega frá innlendum aðilum, en til stendur að skrá þær betur á næsta ári. Fyrirspurnirnar komu frá fjölbreyttum hópi fólks og stofnana, s.s. Þjóðleikhúsinu og Íslensku óperunni, en einnig frá fræðafólki og einstaklingum. Fyrirspurnirnar bárust símleiðis, með tölvupósti og heimsóknunum en spurt var um myndefni, hljóðupptökur, þýðingar og bréfaskriftir svo dæmi séu tekin.

Samstarf, vettvangsferðir og fundir

Á fyrri hluta árs 2021 fundaði sérfræðingur Leikminjasafns með fjölmörgum stofnunum til að skoða grundvöll fyrir frekari samstarfi til framtíðar. Þar má telja Þjóðleikhúsið, Leikfélag Reykjavíkur, Sjálfstæðu leikhúsin, Kvikmyndasafn Íslands og Listaháskóli Íslands. Einnig voru fjölmargar einstaklingsheimsóknir á skrifstofu Leikminjasafns.

Í lok ágúst var samþykkt tilraunasamstarf til tveggja ára milli Listaháskóla Íslands og Leikminjasafns. Stafræn gögn úr sýningasöfnum Þjóðleikhússins og Leikfélags Reykjavíkur voru notuð til kennslu í námskeiðinu Sviðslistasaga 1 og var mikil ánægja með framtakið enda hefur nánast einungis verið notast við erlendar upptökur af leiksýningum í kennslu hingað til. Leikfélag Reykjavíkur óskaði eftir aðkomu leikminjasafns í desembermánuði í tilefni 125 ára afmælis félagsins. En afmælishátíðinni varð því miður að slá á frest sökum Covid-19.

Litla leikhúsið í Vilnius (Litháen), með aðkomu Þjóðleikhússins, óskaði eftir efni tengdu litháenska leikstjóranum Rimas Tuminas í tilefni 70 ára afmælis hans. Allar leiksýningar sem hann leikstýrði fyrir Þjóðleikhúsið voru yfirfærðar á stafrænt form, einnig leikskrár tengdar sýningunum og sömuleiðis handrit. Afritin af leiksýningunum voru síðan sýnd bæði á YouTube og á sýningu í Vilnius. Þessi vinna tók

talsverðan tíma en samstarfið var gjöfult og vakti mikla lukku.

Stafræn endurgerð

Eitt stærsta verkefni leikminjasafnsins árið 2021 var stafræn endurgerð sviðslistaefnis, bæði í hljóð- og myndformi. Stærsta safn slíks efnis er sýningasafn Þjóðleikhússins (LMÍ 2021/1). Einnig er að finna hljóðupptökur Leikfélags Reykjavíkur, ljósmyndir og önnur gögn úr einkaskjalasöfnum. Þetta verkefni er unnið í samvinnu við tónlistarsafn sem hefur bæði sérþekkingu og tækjabúnað til verksins.

Afritun hljóð og myndefnis leikminjasafns	2021
Afritanir alls	239
Leikhús	1
Leikverk	17
Hljóðrit	17
Höfundar	44
Myndbandsupptökur	87
Leikhljóð	73
Tímalengd alls afritaðs efnis	442:35:37
Magn alls afritaðs efnis	44.7 MB

Samhliða endurgerðinni er unnið að skrásetningu á öllum gögnum sýningasafnsins þar sem innihaldsskrá fylgdi ekki með afhendingunni. Um vorið var leikhústónlistarefni á geisladiskum afritað en um haustið var áhersla lögð á myndbönd og spólur sem innihalda upptökur af sýningum, tónlist og hljóðmynd.

Kynningar

Sérfræðingur leikminjasafns tók þátt í fjórum innslögum sem var útvarpað á haustmánuðum í Lestinni á RÚV. Innslögin sneru sérstaklega að safnkosti, þar á meðal gögnum sem tengjast einkaskjalasafni Róberts Arnfinnssonar (Lbs 2019/27 og Lbs 476 NF) og sýningasafni Þjóðleikhússins. Einnig voru haldnir fyrirlestrar um hinsegin leikhús og leikhúsgagnrýni í Háskóla Íslands og um asíkt leikhús í Listaháskóla Íslands. Að auki var kynning á starfsemi leikminjasafns í tilefni 400. stjórnarfundar Lbs-Hbs.

Vefir og samfélagsmiðlar

Leikminjasafn heldur úti vefnum leikminjasafn.is sem þarf að uppfæra og endurhanna. Á vefnum er að finna fjölbreyttan fróðleik um sviðslistasögu Íslands, bæði einstaklinga og staði. Einnig voru birtir pistlar um starfsemina. Lýsandi samantektir um einkaskjalasöfn safnsins eru sömuleiðis birtar á vefnum og bætt verður við á næsta ári. Verðmætasti hluti Leikminjasafnsins er gagnagrunnurinn (leikminjasafn.is/gagnagrunnur) en þar er að finna upplýsingar um sviðslistarsögu Íslands, hvaða leikrit voru sett upp og hverjir stóðu að sýningum. Umsjón með Facebook-síðu Leikminjasafns hófst um mitt sumar. Síðan þá hefur fylgjendum fjölgað töluvert en þeir voru um 900 í árslok. Í samstarfi við samfélagsmiðlahóp Lbs-Hbs var lagt fram efni á Instagram og Facebook-síðum safnsins.



Íslenska myndasögusamfélagið færði safninu myndasögur að gjöf.



Frá uppsetningu sýningarinnar Bibliotek Nordica sem bókverkahópurinn Arkirnar setti upp.

Þjónusta og miðlun

Sviðið ber ábyrgð á þjónustu við notendur, miðlun upplýsinga og safnkosts og samskiptum við Háskóla Íslands. Meginverkefni sviðsins eru útlán, millisafnalán, upplýsingaþjónusta, fræðsla og kynningar, ritakostur og vinnurými, lesherbergi, námsbókasafn, varðveislusöfnin Skemman og Opin vísindi, ritfærni- og endurgjafarhugbúnaðurinn Turnitin, rannsóknupplýsingakerfið IRIS og Landsaðgangur að rafrænum áskriftum. Þjónusta tengd rannsóknum og opnum aðgangi fer vaxandi og á árinu hélt áfram innleiðing upplýsingakerfis fyrir rannsóknir á Íslandi, IRIS. Í lok árs voru starfsmenn sviðsins 22 og ársverk 19.04. Þar af voru fjórir nemar í 2 ársverkum. Alls störfuðu fjórtán konur og átta karlar á sviðinu. Sviðsstjóri er Guðrún Tryggvadóttir.

Þróun í starfseminni er nokkuð sú sama og verið hefur undanfarin ár. Ýmis verkefni sem ætlað var að ná til nýrra notenda þurfti að leggja til hliðar vegna Covid-19, sem setti samskiptum skorður og hafði áhrif á starfsemi sviðsins í ýmsu tilliti.

Heildarfjöldi útlána var svipaður milli árána 2020 og 2021, en heldur dró úr notkun rafræns safnkosts, sem er opin fyrir alla landsmenn. Heildarfjöldi sótttra greina, bókarkafla og bóka í rafræn söfn sem safnið og Háskóli Íslands kaupa áskriftir að, var 657.098 gögn á árinu, sem er heldur minna en árið á undan þegar þau voru 713.565. Kann þetta m.a. að skýrast af því að margir birgjar opnuðu aðgang án endurgjalds að ýmsu efni á árinu 2020 vegna Covid-19.

Þróunin staðfestir þó breytta upplýsingahegðun notenda. Miðlun upplýsinga og safnkosts á rafrænu formi og fræðsla sem miðar að upplýsingalæsi, verður um leið enn mikilvægari í starfsemi sviðsins.

Afgreiðslutími

Hefðbundinn opnunartími safnsins eru 80 tímar á viku yfir vetrartímann. Sumartími gildir jafnan frá 10. maí til 28. ágúst og er safnið þá opið 40 tíma á viku. Lokað er um helgar frá júní, til upphafs kennslumisseris að hausti við Háskóla Íslands. Vegna Covid-19 var opnunartími safnsins takmarkaður í byrjun árs og safnið var alveg lokað frá 25. mars til 7. apríl.

Þjónustuborð

Starfsfólk sviðsins manna fimm þjónustuborð, fjögur í Þjóðarbókhöðu og eitt í Lögbergi. Á 2.h. er almenn afgreiðsla, og sérhæfð upplýsingaþjónusta. Á 3.h. eru veittar upplýsingar um blaða- og tímaritakost safnsins og lokaritgerðir nemenda við HÍ á prenti. Á 4.h. er útlánaþjónusta og þjónusta við notendur hljóð- og myndsafns. Þar er og námsbókasafn í opnu rými, en vinna við námsbókasafn er veigamikill þáttur í starfsemi sviðsins við upphaf nýs kennslumisseris í HÍ, haust og vor. Úr kjallara eru afgreidd rit sem safngestir óska eftir úr geymslum.

Upplýsingaþjónusta og notendafræðsla

Starfsemi upplýsingaþjónustu var með nokkuð hefðbundnu sniði á árinu, ólíkt árinu á undan. Fyrirspurnir og erindi á netfang þjónustunnar voru 432. Þar af var 301 tekin til nánari úrvinnslu en 131 vísað annað. Erindi sem bárust á netspjall voru 402. Samtals bárust því upplýsingaþjónustu 834 erindi árið 2021.

Notendafræðsla

Í upphafi vor- og haustmisseris voru kennarar Háskóla Íslands að venju hvattir til að panta fræðslu og kynningar fyrir nemendur sína. Einkum er um að ræða almennar kynningar fyrir nýnema, grunnkynningar með áherslu á einstök fræðasvið fyrir nemendur á fyrsta námsári, fræðslu í tengslum við verkefnavinnu og hagnýta upprifjun vegna lokaverkefna.

Á haustönn var boðið upp á að fræðsla væri tekin upp og gerð aðgengileg í leiðarvísi námsgreina í Leiðarvísasafninu. Námskeið voru að venju einnig haldin í samstarfi við Ritver HÍ. Auk fræðslu og kynninga fyrir HÍ býður safnið upp á almennar kynningar á safninu fyrir hópa, sem eftir því leita, en þær féllu að mestu niður þetta árið. Fræðsla og kynningar jukust lítillega frá fyrra ári eftir talsverðan samdrátt vegna Covid-19.

Heildarfjöldi fræðslu og kynninga á árinu var 51. Eins og fyrri ár var einstaklingum boðið upp á leiðsögn í heimildaöflun og doktorsnemunum að auki boðin persónuleg aðstoð í notkun heimildaskráningarforritsins EndNote. Samtals nýtti 51 einstaklingur sér aðstoð sérfræðinga sviðsins á árinu 2021.

Ritver og Verkefnavaka í Þjóðarbókhöðu

Ritver Háskóla Íslands er með afgreiðslu í Þjóðarbókhöðu. Þar sinna starfsmenn þess ráðgjöf við fræðileg skrif alla virka daga. Viðvera var regluleg á árinu en viðtöl fóru að mestu fram í gegnum fjarfundabúnað.

Verkefnavaka HÍ, sem haldin var í fyrsta sinn í Þjóðarbókhöðu 2016, féll niður annað árið í röð vegna Covid-19. Verkefnavakan er samstarfsverkefni náms- og starfsráðgjafar, ritvers og bókasafna HÍ.

Leiðarvísar.is

Í upphafi árs var nafni Áttavitans breytt í *Leiðarvísar*. Í leiðarvísasafninu er að finna sérsniðnar upplýsingar um safnkost einstakra námsgreina, auk margvíslegs fræðslu- og kynningarefnis. Leiðarvísasafnið nýttist einkum nemendum og starfsfólki HÍ við heimildavinnu, skil á verkefnum og við gerð annars efnis til birtingar. Einnig nýttist hann starfsfólki safnsins við undirbúning og framkvæmd kynninga og fræðslu. Í árslok 2021 taldi safnið 113 leiðarvísa og bættust 37 leiðarvísar við á árinu, 16 á vegum Lbs-Hbs og 21 á vegum Bókasafns Menntavísindasviðs. Uppflettingar samkvæmt tölum frá kerfissala voru samtals 57.536 og jukust um 4.577 á milli ára. Sjá töflu 2.12.

Ritfærni og endurgjafahugbúnaðurinn Turn-it-in

Samningur um notkun ritfærni- og endurgjafahugbúnaðarins Turnitin fyrir alla íslenska framhalds- og háskóla var endurnýjaður í lok árs 2020 og gildir hann til ársloka 2023. Lbs-Hbs hefur umsjón með verkefninu en aðgangsstýring og tæknileg aðstoð er í höndum Sigurbjargar Jóhannesdóttur, verkefnisstjóra fjarnáms og stafrænnar kennslu í HÍ. Umsjón Lbs-Hbs felst m.a. í því að bjóða upp á fræðslu, útbúa kynningarefni, annast skýrslugerð, skipuleggja og boða til funda í tengslum við heimsóknir frá söluaðila. Vegna Covid-19 höfðu starfsmenn Turnitin ekki tók á að heimsækja safnið á árinu.

Samkvæmt tölum frá söluaðila voru 2.560 kennarar skráðir virkir notendur í kerfinu á árinu, en til samanburðar voru þeir 2.097 árið 2020. Alls voru innlögð verkefni á árinu 195.780 en þau voru 179.326 þúsund árið 2020. Endurgjafir voru 51.175. Notkun hugbúnaðarins heldur því áfram að aukast, en þróun notkunar á Íslandi yfir lengra tímabil kemur fram í töflu 2.12 í Árstölum.

Safnkostur á rafrænu formi og notkun hans

Aðgangur að gögnum á rafrænu formi er ýmist opinn á landsvísu eða bundinn við tölvur á háskólanetinu, þ.e. í séráskrift safnsins og/eða Háskóla Íslands. Sífelld er leitað leiða til að miðla upplýsingum um rafrænan safnkost sem best og auðvelda aðgang að honum. Aukin notkun á rafrænum safnkosti eykur líkur á að hann nýttist til þekkingarsköpunar innan háskólans og aukin notkun tryggir jafnframt góða nýtingu þess fjármagns sem varið er til efniskaupanna.

Árið 2021 sóttu notendur 232.302 greinar og 84.221 bókarkafla/rafbækur í gagnasöfn í séráskriftum HÍ og jókst niðurhal úr þeim söfnum um 20.221 grein og 28.771 bókarkafli milli ára.

Árið 2021 sóttu notendur 289.853 greinar og bókarkafli í rafrænar áskriftir sem Lbs-Hbs og HÍ greiða fyrir í Landsaðgangi sem eru 113.743 færri niðurröl en 2020. Uppfærsla talningarstaðalsins Counter úr útgáfu 4 í útgáfu 5 og breytingar henni tengdar skýra lægri

notkunartölur að einhverju leiti en erfitt er að leggja mat á það. Sjá töflu 2.12.


Heildarfjöldi sótttra greina, bókarkafla og bóka í rafræn söfn sem Lbs-Hbs og HÍ kaupa áskriftir að var 657.098 á árinu 2021.

Útlán og innheimta

Útlán jukust lítillega á milli áráanna 2020 og 2021. Nýskráð útlán voru 19.515 og endurlán 46.187, samtals 65.702, en þau voru 63.682 árið 2020. Skipting útlána milli lánþegahópa er lítið breytt, en þau skiptast svo:

Lánþegahópar	Útlán	Endurlán
Starfsfólk HÍ og safnsins	3.335	17.599
Nemendur við HÍ	10.942	16.704
Aðrir háskólanemar	548	717
Doktorsnemar	1.279	7.234
Nemar í framhaldsskólum	122	50
Fræðimenn	1.088	2.048
Almennir lánþegar	2.000	1.790
Önnur söfn / gestir	201	45
Alls	19.515	46.187

Að venju voru allir nemar HÍ lesnir inn í Gegni úr nemendaskrá eins og áður. Á kökuritinu sjást helstu hópar lánþega og hvernig útlánin skiptast hlutfallslega. Innheimta vanskilagagna gengur vel í samstarfi við Motus á Íslandi.



Bæklingar

Upplýsinga- og leiðbeiningaefni er nánast alfarið birt á rafrænu formi. Þó koma eftirtaldir bæklingar um hagnýt efni reglulega út á prenti, bæði á íslensku og ensku: *Velkomin í Þjóðarbókhöðdu*, *Listaverk í Þjóðarbókhöðdu*, *Lesherbergi*, *Útlán*, *Millisafnalán*, *Geymsluskápar*, *Námsbókasafn* og *Dewey flokkstölur*.

Ritakostur á prenti


Flest rit útlánþjónustu eru í opnu rými á 4.h. en hluti ritakosts er á 3.h., á handbókasal á 2.h., í útibúum, í kjallara og í fjargeymslu í Mjódd. Ekki eru öll rit lánuð út og má þar nefna rit sem gefin voru út fyrir 1915, tímarit, handbækur, barnabækur og smáprent.

Vinnurými safngesta

Í safninu eru um 700 sæti fyrir gesti. Á 3. og 4.h. er almennt lesrými með 408 lessætum við borð, þar af 30 til 35 sæti í hópvinnuherbergjum. Þar eru einnig rúmlega 80 lágsæti. Lesrýmið er mest notað af nemum HÍ og er því nýting eðlilega mest á prófatímum. Einnig er góð nýting yfir skólaárið. Á 2.h. eru 17 borð fyrir smærri og stærri hópa og þar eru nú sæti fyrir 65 gesti, auk 9 lágsæta.

Í safninu eru 26 lesherbergi sem safngestir geta leigt til ákveðins tíma. Lesherbergin eru einkum ætluð nemendum í framhaldsnámi, fræðimönnum og rithöfundum. Tvö lesherbergi eru stærri en önnur og eru þau ætluð fötluðum safngestum til almennrar notkunar. Annað þeirra er einnig nýtt sem tveggja manna hópvinnuherbergi ef það er laust. Alls sóttu 120 um aðstöðu í lesherbergjum, og fengu 80 úthlutað. Þar af voru 6 doktorsnemar (7,5%), 54 nemendur í meistaranámi (67,5%) og 20 safngestir sem unnu að fræðistörfum eða ritstörfum (25,0%).

Herbergin voru leigð út til mismunandi langs tíma en að meðaltali höfðu safngestir afnot af herbergi í þrjú og hálfan mánuð. Fleiri konur en karlar nýttu sér lesherbergin á árinu, nánar tiltekið nýttu karlar lesherbergin í 100 mánuði en konur í 174 mánuði, samtals 274 mánuði. Nýtingarhlutfall var 85,5%



Í safninu eru þrjú hópvinnuherbergi sem gestir bóka sjálfir á vef safnsins. Meðalnýting þeirra árið 2021 var 45%, en ólíkt árinu á undan voru hópvinnuherbergin opin stóran hluta ársins.

Nýting lessæta

Til að fylgjast með nýtingu lessæta hefur fjöldi gesta í opnu rými verið talinn reglulega. Á 3. og 4. hæð á kvöldin, um helgar og að degi til í fyrstu viku hvers mánaðar. Vegna samkomutakmarkana var ekki talið á 2. hæð. Þá daga sem safnið var lokað á árinu var ekki talið, og eins var mikið um fjarvistir starfsfólks vegna sóttkvíar og Covid-19 veikinda, svo talning féll niður. Meðaltalsniðurstöður talninganna koma fram í Árstölum, sjá nánar í töflu 2.10. Tölurnar segja lítið um

notkunina þetta árið vegna títtnefndra lokana og samkomutakmarkana, en segja þó ákveðna sögu. Áfram voru gerðar tilraunir með sjálfvirkan teljara frá Camlytics til að fylgjast með heimsóknum. Stefnt er að markvissari notkun á teljaranum á nýju ári.

Skemman

Skemman er varðveislusafn fyrir lokaverkefni allra íslenskra háskóla. Reksturinn er hjá safninu. Alls var skilað 2.846 lokaverkefnum í Skemmuna á árinu (sjá töflu 3.2.2), og þar af skiluðu nemendur Háskóla Íslands 1.755 verkefnum og skiptist fjöldinn á fræðasvið skólans eins og hér segir:

Lokaritgerðir eftir sviðum HÍ	2020	2021
Félagsvísindasvið	644	732
Heilbrigðisvísindasvið	291	319
Hugvísindasvið	273	250
Menntavísindasvið	318	295
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	140	137
Þverfaglegt nám	16	22
Samtals	1.682	1.755

Millisafnalán

Heildarfjöldi beiðna árið 2021 var 1.440 (1.446), af þeim voru afgreiddar 1.188 (1.185) beiðnir eða 82,5%. Starfsemin hélst nánast óbreytt milli ára, ólíkt sem hefur verið undanfarin ár, þar sem jafnan dró úr þjónustunni. Erfiðleikar tengdir póstsamgöngum sem voru áberandi 2020 voru enn til staðar og orsökuðu áfram nokkrar tafir, sem og aukinn kostnað við þjónustuna.

Úr safnkosti Lbs-Hbs:

Samtals var 451 gagn afgreitt á árinu. Á árinu 2020 voru þau hins vegar 452 og því haldast afgreiddar beiðnir stöðugar milli ára. Alls voru afgreiddar 282 greinar úr ritakosti Lbs-Hbs. Afgreiddum greinum til annarra safna fjölgaði úr 82 í 87, þar af 77 til innlendra safna. Einnig voru afgreiddar 195 greinar í greinaþjónustu til starfsmanna og nemenda HÍ, fyrirtækja og almennra lánþega. Afgreiddar bækur úr ritakosti Lbs-Hbs til annarra safna voru 169, þar af fóru 136 til innlendra safna og 33 til erlendra safna.

Til Lbs-Hbs

Safninu bærust alls 737 gögn á árinu frá öðrum söfnum, þar af voru 352 bækur og 385 greinar. Flestar greinar komu í gegnum OCLC WorldShare eða 244 (36,4%) en 85 (22,1%) frá þýsku greinaþjónustunni Subito. Greinar frá Finnlandi voru 29 (7,5%) en samtals komu 16 (4,1%) greinar frá hinum Norðurlöndunum. Bækur komu að mestu frá Norðurlöndum. 46 bækur (13%) komu frá innlendum söfnum, 77 (21,9) komu frá Danmörku, 99 (28,1%) frá Svíþjóð og 58 (16,5%) frá Noregi. Í 20,5%

tilfella þurfti að leita bóka út fyrir Norðurlöndin og þá var helst leitað til Þýskalands og Bandaríkjanna.

Millisafnalán / greinaþjónusta – eftir kyni	Fjöldi	Hlutfall
Beiðnir frá konum	561	47,2%
Beiðnir frá körlum	515	43,4 %
Ótilgreint	112	9,4%
Samtals	1,188	100%

Námsbókasafn

Námsbókasafn er safn bóka og annars efnis sem kennarar við Háskóla Íslands hafa óskað eftir að sé aðgengilegt nemendum í tilteknum námskeiðum. Námsbókasafnið er í opnu rými á 4. hæð. Samtals nýttu kennarar í 154 námskeiðum þjónustu námsbókasafns árið 2021. Flest voru námskeiðin á Hugvísindasviði 93 og á Félagsvísindasviði 51. Önnur svið nýttu þjónustu námsbókasafnsins í minna mæli, Heilbrigðisvísindasvið 3 námskeið, Verkfræði- og náttúruvísindasvið 4 námskeið og Menntavísindasvið 1 námskeið. Áfram var rafrænum bókum bætt við hefðbundið efni á námsbókasafni á árinu. Kennarar fá sem fyrr upplýsingar um það rafræna efni sem til er fyrir námskeiðin þeirra ásamt krækju í efnið, sem þeir eru hvattir til að deila með nemendum sínum. Heildarfjöldi eintaka í námsbókasafni var 3.470 árið 2021. Fjöldi námskeiða skiptist þannig eftir sviðum við Háskóla Íslands:

Fræðasvið HÍ	Fjöldi námskeiða
Félagsvísindasvið	51
Heilbrigðisvísindasvið	3
Hugvísindasvið	93
Menntavísindasvið	1
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	4
Samtals	154

Landsaðgangur

Landsaðgangur að rafrænum áskriftum er upplýsingaveita fyrir Ísland og veitir öllum sem tengjast Internetinu hjá íslenskri netveitu aðgang að þeim gagnasöfnum og rafrænu tímaritum sem samningar um áskrift gilda um. Landsaðgangur er jafnframt mikilvægur innviður fyrir rannsóknastarf í landinu. Vefurinn *hvar.is* er helsta þjónustuleið Landsaðgangs og þar eru m.a. veittar upplýsingar um gagnasöfnin, aðgang að þeim, samninga við útgefendur og greiðendur. Fimm manna stjórnarnefnd skipuð fulltrúum helstu hagsmunaaðila tekur þátt í stefnumótun og er ráðgefandi um val á efni.

Árið 2021 var stjórnarnefndin þannig skipuð; Anna Sigríður Guðnadóttir, varamaður Magnús Gottfredsson, Anna Sveinsdóttir, ekki búið að skipa varamann, Baldvin Zarióh, varamaður Jenný Bára Jensdóttir, Brjánn Birgisson, varamaður Þóra Sigurbjörnsdóttir,

Sara Stef. Hildardóttir, varamaður Astrid Margrét Magnúsdóttir, Guðrún Tryggvadóttir formaður. Frekari upplýsingar eru í Ársskýrslu Landsaðgangs á *hvar.is*.

Gagnasöfn: Aðgangur var óbreyttur á árinu.

Samsöfn: Áskrift að Ebsco var ekki endurnýjuð fyrir 2021.

Tímaritasöfn: Aðgangur var óbreyttur á árinu.

Rafbókasöfn: Aðgangur óbreyttur á árinu.

Áætlað er að á árinu 2021 hafi verið aðgangur að rúmlega 18.400 vísindatímaritum í fullum texta í landsaðgangi. Í tímaritasöfnum var aðgangur að um 5.802 virkum vísindatímaritum. Aðgangur var að 12.615 virkum vísindatímaritum í fullum aðgangi í gagnasöfnunum EBSCOhost Premier og ProQuest Central þegar búið er að draga frá tímarit í opnum aðgangi.

Auk vísindarita í fullum texta er þar einnig aðgangur að bókræðilegum upplýsingum, öðru efni og tímaritum almenns eðlis. Einhver skörun er á milli tímarita í EBSCOhost og ProQuest og við tímaritasöfn útgefenda. Þá er einnig aðgangur að tæplega 10.000 rafræðum frá Springer.

Kostnaður við áskriftir var 259,3 m.kr., þar af 42,9 m.kr. fyrir gagnasöfn og 216,4 milljónir kr. fyrir tímaritasöfn. Framlag af fjárlögum til Landsaðgangs var 35,5 m.kr. en þar af var 26,3 m.kr. varið til greiðslu á aðgangi, en afgangurinn fór til reksturs verkefnisins. Framlag um 200 greiðenda var um 138,5 m.kr.

Kostaður Landsaðgangur

Fyrir utan hinn eiginlega Landsaðgang er aðgangur að nokkrum gagnasöfnum á öllu landinu fyrir tilstilli aðila sem kosta þau, en það eru aðallega háskólar og rannsóknastofnanir. Þar má nefna *Scopus*, *Journal Citation Reports* og þrjú sérhæfð söfn frá ProQuest.

Megnihluti efnisins í Landsaðgangi er aðgenglegur í *leitir.is* og þar er boðið upp á bX ábendingaþjónustuna sem vísar á skytt efni. Íslenskir háskólar veita aðgang að einstökum titlum í Landsaðgangi og eigin séráskriftum í gegnum skrána *Finna tímarit*, en lýsigögnin liggja í Primo Central Index. Þessi kerfi eru rekin af Landskerfi bókasafna.

Samanlagður fjöldi sótttra greina og rafræðakafla í gagna- og tímaritasöfnum (greinasafn Morgunblaðsins undanskilið), var mjög breytilegur eftir útgefendum. Frekari upplýsingar er að finna í töflu 2.12 og í Ársskýrslu Landsaðgangs á *hvar.is*.

Opinn aðgangur og opin vísindi

Opin vísindi

Opin vísindi er rafrænt varðveislusafn fyrir ritrýndar vísindagreinar og efni sem birtist í opnum aðgangi á vegum allra háskóla á Íslandi. Á árinu bættust 364 verk við safnið sem innihélt við árslok 2.539 verk.

Efni	2020	2021
Doktorsritgerðir	284	382
Vísindagreinar	1.802	2.040
Bækur	28	38
Bókarkaflar	35	44
Ráðstefnugreinar	21	24
Skýrslur	8	11
<i>Samtals</i>	2.175	2.539

DOI númer

DOI númer eru auðkennisnúmer fyrir tímaritagreinar líkt og ISBN fyrir bækur og ISSN fyrir tímarit. Á árinu voru 279 DOI númer búið til fyrir átta íslensk tímarit, þar af voru 131 númer fyrir *Nordicum Mediterraneum* aftur til ársins 2006. Tvö ný tímarit hófu notkun á DOI númerum á árinu, *Icelandic Journal of Engineering* og *Gripla*. Flest tímaritin eru tengd HÍ, eitt er tengt Tannlæknafélaginu, eitt Háskólanum á Akureyri og tvö Náttúrufræðistofnun. Þjónusta vegna DOI númera er án endurgjalds eins og áður.

Opinn aðgangur

Safnið tók þátt í Alþjóðlegri viku Opins aðgangs eins og undanfarin ár í samvinnu við önnur háskólabókasöfn á Íslandi dagana 25.-31. október. Skrifaðar voru tvær greinar sem birtust allar á vefmiðlinum Kjarninn dagana, 25. og 27. okt. Einnig voru birt fimm hlaðvörp, þar sem viðmælendur voru ýmist rannsakendur eða upplýsingafræðingar. Fulltrúar Lbs-Hbs í samstarfinu voru Sigurgeir Finnsson og Margrét Gunnarsdóttir. Margrét tók einnig þátt í tveimur fundum NOAF (Nordic Open Access Forum) í október um málefni Opins aðgangs á Norðurlöndunum og sat ráðstefnurnar *The 15th Berlin Open Access Conference* og *Open Science Fair* í september, *FORCE11* í desember og fræðslufundi á netinu frá OpenAIRE, EOSC og SPARC.

Teknar voru saman tölur frá Scopus og Web of Science um birtingar á Íslandi og hlutfall birtinga í opnum aðgangi 2021. Ekki er um heildarbirtingar að ræða því ekki eru allar birtingar skráðar í þessi gagnasöfn, sér í lagi birtingar í íslenskum tímaritum. Einnig er raunin sú að ekki er alltaf um birtingu í opnum aðgangi að ræða, þó svo að það sé skilgreint svo.

2020	Heildarbirtingar	Í OA	OA%
Scopus	1.525	887	58%
Web of Science	1.511	819	54%
HÍ - Scopus	1.039	606	58%
HÍ - Web of Science	1.033	543	52%

2021	Heildarbirtingar	Í OA	OA%
Scopus	1.710	1.061	62%
Web of Science	1.813	1.110	61%
HÍ - Scopus	1.035	390	38%
HÍ - Web of Science	1.061	490	46%

Vinna við vefinn Opinnadgangur.is/Openaccess.is hélt áfram. Vefurinn og samnefndur Twitter reikningur eru ætlaðir íslensku fræðasamfélagi, upplýsingafræðingum á Íslandi, auk áhugasamra aðila meðal almennings og erlendra aðila sem tengjast málaflokknum. Markmiðið er að vefurinn sé upplýsingavefur fyrir Ísland um opin vísindi og sérstaklega opinn aðgang.

Rannsóknauplýsingakerfið IRIS (Pure)

Sumarið 2019 var undirritaður samningur um kaup á upplýsingakerfi fyrir rannsóknir á Íslandi (Current Research Information System – CRIS). Kerfið er af gerðinni Pure frá fyrirtækinu Elsevier og er notað víða um heim. Hefur það hlotið heitið IRIS (Icelandic Research Information System). Undirbúningur fyrir innleiðingu á kerfinu í háskóla og helstu rannsóknastofnanir hófst í október 2019, en mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Lbs-Hbs að fara fyrir verkefnisstjórn í tengslum við samningagerð, innleiðingu og rekstur kerfisins. Settur var á fót stýrihópur og þrjú verkefnahópar tóku til starfa, skipaðir fulltrúum þeirra 10 stofnana sem fara inn í kerfið í fyrsta áfanga. Innleiðingin hélt áfram 2021 en tafðist af ýmsum ástæðum s.s. Covid-19. Í árslok lét verkefnastjórnin Sigurgeir Finnsson af störfum hjá Lbs-Hbs. Stefnt er að því að opna kerfið sem fyrst á árinu 2021 og verður það á slóðinni www.iris.ra.is.

Evrópuverkefnið OpenAIRE

Lbs-Hbs gerðist gerðist formlegur aðili að OpenAIRE AMKE árið 2020 og heyrir verkefni og fundir því tengt undir sviðið

Viðfangsefni stofnunarinnar eru að veita upplýsingar um opin vísindi almennt, vinna að verkefnum sem styrkja nauðsynlega innviði opinna vísinda í Evrópu og veita vísinda- og fræðimönnum ýmsa þjónustu gegnum upplýsingaborð, svokallað NOAD (National Open Access Desk). Fylgst er með þróun mála hjá stofnuninni OpenAIRE og EOSC samtökunum (European Open Science Cloud) með tilliti til þess hvernig nýta megi vefi þeirra, átaksverkefni og hjálpartól til stuðnings opnum aðgangi á Íslandi. Hlutverk OpenAIRE er að tryggja ótakmarkaðan, hindrunarlausan og ókeypis aðgang að rannsóknafurðum sem styrktar eru af opinberu fé.

Útibú

Safnið starfrækir útibú á Háskólasvæðinu. Einungis afgreiðsla lagabókasafns í Lögbergi er mönnum starfsfólki sviðsins, samtals í 20,5 tíma á viku. Í öðrum útibúum er aðeins um að ræða umsjón sem felst í eftirlitsferðum eftir þörfum. Sú meginsteftna hefur verið mörkuð að útibúin eru handbókasöfn og ritakostur þar ekki til útláns. Þau skulu einkum þjóna kennurum og sérfræðingum en stúdentum verði fremur beint í Þjóðarboðhlöðu. Í árslok voru eftirfarandi útibú starfrækt:

Bókastofa stærðfræði og eðlisfræði, Tæknigarði. Lokað handbókasafn kennara og nemenda í framhaldsnámi í raunvísindadeild.

Bókasafn lagadeildar, Lögbergi. Opið daglega.

Bókastofa Raunvísindastofnunar, Dunhaga 3. Handbóka- og tímaritasafn starfsmanna.



Frá opnun sýningarinnar Fortíðarraddir. Handrit, prent og persónulegar heimildir.

Árstölur

Í lok árs eru birtar tölur um starfsemi safnsins. Árlega eru gerðar einhverjar breytingar á framsetningu tölfræðinnar í takt við breytta starfsemi. Höfð er hliðsjón af staðlinum *International Library Statistics, ISO 2789:2013*. Númer á töflunum samsvara númerum í staðlinum. Þá eru teknar inn tölur um safnkost sem unnar eru af Landskerfi bókasafna úr Gegni og dregin út kynbundin tölfræði.

1. STARFSSTÖÐVAR OG ÚTIBÚ

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er þjóðbókasafn Íslendinga, sem voru 368,792 þann 1. janúar 2021 skv. tölum frá Hagstofu Íslands, en safnið þjónar einnig öðrum sem til þess leita. Það er jafnframt bókasafn Háskóla Íslands en þar voru skráðir 15,258 nemendur á haustönn árið 2021.¹ Safnið er ein stjórnunareining, en starfsemi og safnkostur er á eftirtöldum stöðum:

Þjóðarbókhlaða, Arngrímögötu 3 í Reykjavík	1
Útibú og lesstofur í Háskóla Íslands	3
Varaeintakasafn í Reykholti í Borgarfirði	1
Skylduskilaeintök í Amtsbókasafninu á Akureyri	1
Geymsla í Mjódd í Reykjavík	1
Gagnageymsla hjá Verne Global í Keflavík	1
Gagnaský hjá Endor á Suðurlandi	1
Gagnaský Advania	1
Amazon Web Services – Glacier	1
Alls	11

2. ÞJÓNUSTA OG NOTKUN

Notendur safnsins eru bæði þeir sem koma í safnið og þeir sem nýta sér þjónustu þess á netinu. Gestir á lessal handritasafns og Íslandssafns eru taldir. Ekki hefur verið hægt að telja alla þá sem koma í safnið, en notendur á opnum rýmum 3. og 4. hæðar hafa verið taldir að degi til, á kvöldin og um helgar fyrstu viku hvers mánaðar (sjá Árstölur 2.10). Á virkum degi á próftíma eru allt að 300-350 notendur á bæði 3. og 4.h. þegar flest er. Síðla árs 2019 var í tilraunaskyni tekinn í notkun teljari í anddyri frá fyrirtækinu Camlytics til að fylgjast betur með fjölda gesta. Á síðasta ári og þessu voru tölur ekki marktækar vegna vegna samgöngutakmarkana og lokana af völdum Covid-19. Unnið er að því að birta tölur úr því á næsta ári. Heimsóknir og flettingar á vef má sjá í töflu 2.13.

2.2 Skráðir lánþegar – unnið úr Gegni (skýrsla L02 lánþegategund)

	2018	2019	2020	2021
Nemar HÍ ²	11.572	13.194	14.992	14.539
Starfsfólk HÍ og Lbs-Hbs	782	786	772	552
Nemar utan HÍ	210	112	75	53
Aðrir lánþegar	510	364	743	37
Samtals	13.074	14.093	16.582	15.181

¹ Lykiltölur Háskóla Íslands <https://www.hi.is/kynningarefni/nemendur>.

² Allir nemar við HÍ eru lesnir inn í bókasafnskerfið Gegni úr nemendaskrá skólans. Ekki er hægt að aðskilja virka og óvirka lánþega.

2.3 Útlán³ (skýrsla U03)

	2018	2019	2020	2021
Útlán – Þjóðarþókklaða og útibú				
Stúdentar HÍ	19.218	16.024	11.232	10.942
Starfsfólk HÍ og Lbs-Hbs	4.711	3.903	3.572	3.335
Nemar utan HÍ	950	931	826	548
Aðrir lánþegar	4.491	5.757	4.541	4.690
Endurnýjanir ⁴	49.410	50.626	43.511	46.187
Samtals	78.780	77.241	63.682	65.702
Íslandssafn - efni lánað á lestrarsal	2.855	2.372	1.724	1.991
Handritasafn - efni lánað á lestrarsal	5.602	3.460	2.856	3.312
Lögberg	4.527	4.200	3.133	2.579
Kvinnasögusafn – efni lánað á lestrarsal	47	172	88	125
Tón- og myndsafn				
Hljóðrit – útlán	25	13	9	7
Myndefni – útlán	262	305	276	243
Tölvugögn – útlán	9	9	3	4
Nótur – útlán	55	67	64	85
Hljóðrit – hlustun ⁵	9	12	501	215
Myndefni – áhorf	40	28	24	20
Samtals	13.431	10.638	8.678	8.581
Heildarútlán	92.211	87.879	72.360	74.283

2.4 Millisafnalán og greinapjónusta

	2018	2019	2020	2021
Til bókasafnsins				
Bækur o.fl.	601	572	399	352
Greinar - ljósrit	502	431	334	385
Frá bókasafninu				
Bækur o.fl.	262	223	179	169
Greinar - ljósrit	244	252	273	282
Samtals	1.609	1.478	1.185	1.188
Millisafnalán til handritasafns	4	18	5	29
Millisafnalán frá handritasafni	17	70	17	4
Samtals í handritasafni	21	88	22	33
Millisafnalán í heild	1.630	1.566	1.207	1.221

³ Tölur um útlán eru útlánatölur af vef Landskerfis bókasafna. Talsverð fækkun varð á útlánum 2020 og 2021 vegna Covid-19.

⁴ Endurnýjanir eru fleiri en útlán.

⁵ Breytt talning á hlustun, nú er einnig talin hlustun í gestatölvu Hljóðsafns á 4. hæð.

2.5 Upplýsingaþjónusta - fyrirspurnir afgreiddar

	2018	2019	2020	2021
Upplýsingaþjónusta				
Tölvupóstur í landsbokasafn@landsbokasafn.is ⁶	293	381	172	131
Tölvupóstur afgreidd erindi	403	408	547	301
Í síma eða á staðnum	96	72	67	38
Netspjall	165	371	668	402
Gæðastjórn Gagnis	168	228	168	170
Tón- og myndasafn	15	9	14	14
Tónlistarsafn	15	20	9	46
Íslandssafn	33	40	25	25
Kvennasögusafn	221	152	131	146
Miðstöð munnlegrar sögu	20	19	15	20
Leikminjasafn				23
Samtals	1.444	1.700	1.816	1.316

2.6 Prentun, ljósritun og skönnun safngesta⁷

Fjöldi blaðsíðna	2018	2019	2020	2021
Prentun	9.493	4.321	29	3.423
Ljósritun	24.365	11.534	11.505	12.662
Skönnun	16.265	11.987	11.942	7.602

2.9 Viðburðir

	2018	2019	2020	2021
Sýningar	9	9	10	11
Málþing, fyrirlestrar, dagskrár og kynningar	28	20	18	15
Samtals	32	29	28	26

2.10 Lestrarsalur handritasafns og Íslandssafns 1.h.

Fjöldi gesta	2018	2019	2020	2021
Samtals	3.892	3.444	2.002	2.811


2.10 Nýting lesherbergja og hópvinuherbergja

	2018	2019	2020	2021
Leiga lesherbergja (fjöldi mánaða)	287	305	193	247
Nýting hópvinuherbergja yfir árið (hlutfall)	59%	60%	51%	45%


⁶ Erindi sem berast í pósthólfíð landsbokasafn@landsbokasafn.is og framsend annað til afgreiðslu. Taflan hefur verið leiðrétt.

⁷ Reiknistofnun HÍ þjónustar nú tölvur fyrir nemendur skólans, og því er ekki talin prentun og skönnun stúdenta HÍ. Ljósritun og skönnun almennra safngesta og starfsfólks jókst aftur á móti.

2.10 Fjöldi gesta á 3. og 4. hæð, samanburður 2020 til 2021⁸



2.10 Fjöldi gesta á 3. og 4. hæð, samanburður 2020 til 2021



Safnið var alveg lokað hluta ársins vegna Covid-19, en annars var haldið opnu að degi til á virkum dögum, en lokað á kvöldin og um helgar. Vegna samkomutakmarkana var ekki talið á 2. hæð, enda rýmið sjaldan opið.

⁸ Til að fylgjast með nýtingu lessæta á 3. og 4. hæð er fjöldi gesta talinn reglulega, þ.e. á kvöldin, um helgar og að degi til í fyrstu viku hvers mánaðar. Safnið var lokað á kvöldin og um helgar nær allt árið og því ekki talið.

2.11 Fræðsla og kynningar⁹

	2018	2019	2020	2021
HÍ – Almenn kynning	36	45	18	19
HÍ - Grunnkynning	13	22	8	9
HÍ - Endnote	6	12	6	5
HÍ – Fræðsla í tengslum við verkefnavinnu			1	5
HÍ – Hagnýt upprifjun í tengslum við lokaverkefni			4	1
Doktorsnemar – EndNote, kynning		14	1	2
Doktorsnemar – Heimildaleit, kynning			1	4
Ritver - EndNote	2	4	1	2
Ritver - Heimildaleit	1	2	1	3
Verkefnavaka	1	1	0	0
Almennar kynningar og heimsóknir	8	6	5	0
Annað (t.d. nýnemakynning fræðasviða)				1
Samtals	67	106	46	51
Einstaklingsaðstoð:				
Leiðsögn í heimildaleit		2	37	43
Doktorsnemar - EndNote		14	5	6
Doktorsnemar - Heimildavinna				2
Samtals		16	42	51

2.12 Notkun á rafrænum gögnum og þjónustu

	2018	2019	2020	2021
Sóttar greinar og bókarkafar í Landsaðgangi ¹⁰	1.514.617	1.656.084	2.142.257	1.677.154
Sóttar greinar í gagnasafn Morgunblaðsins	2.767.619	2.870.173	3.563.278	2.967.219
Sóttar greinar í séráskriftum HÍ ¹¹	118.922	164.334	212.081	232.302
Sóttir titlar/bókarkafar í séráskriftum HÍ		26.395	55.450	84.221
Sóttir leiðarvísar í Leiðarvísasafnið ¹²	33.194	42.834	52.959	57.536
Sóttar greinar í GOA (gylltum opnum aðgangi)	21.185	23.672	42.438	50.722
Samtals sóttar greinar og bókarkafar	4.446.061	4.769.525	6.068.463	5.096.154

2.12 Scopus¹³

	2018	2019	2020	2021
Leitir (Regular Search)	29.598	30.841	29.729	6.789
Klíkk á tengla í leitarniðurst.(Total Item Investigation)	22.687	28.445	33.792	104.930
Sóttir úrdrættir eða greinar (Record Views)	42.337	34.418	39.163	50.508

2.12 Turnitin – Notkun háskóla og framhaldsskóla¹⁴

	2018	2019	2020	2021
Innlögð verkefni	58.283	101.937	179.326	195.780
Endurgjafir	17.558	34.652	52.694	51.175
Virkir kennarar	913	1.261	2.097	2.560

⁹ Töflunni breytt 2020, vegna breyttra áherslna í fræðslu. Kynningar og fræðsla féllu þó að miklu leyti niður það ár vegna Covid-19.

¹⁰ Tölurnar hafa verið uppfærðar milli ára. Í ársskýrslu Landsaðgangs á *hvar.is* er að finna nánari upplýsingar um notkun á stafrænu söfnunum.

¹¹ Erfitt er að nálgast tölur um notkun á sumum séráskriftum HÍ og gögnin eru óstöðug. Átak hefur verið gert í að fá betri tölur um notkun á séráskriftum HÍ, auk þess sem söfnin hafa verið gerð sýnilegri í Leiðarvísasafninu.

¹² Nafninu var breytt úr Áttavitinn í Leiðarvísasafnið. Leiðréttar tölur.

¹³ Breytt talning skv. Counter Compliant version 5. Fjöldi notenda dregst saman milli ára, en þeir virðast skoða tengla mikið meira en áður.

¹⁴ Tölur úr stöðuskýrslu um Turnitin Feedback Studio.

2.13 Heimsóknir og síðuflettingar á vefjum safnsins

	Heimsóknir		Síðuflettingar	
	2020	2021	2020	2021
timarit.is	3.560.461	3.255.744	11.265.608	10.640.209
skemman.is	1.880.393	1.803.186	6.187.068	5.749.012
baekur.is	150.112	122.368	345.936	371.303
ismus.is	92.914	114.203	447.794	373.340
handrit.is	88.174	79.875	441.415	429.271
inngangur.landsbokasafn.is	32.425	34.769	73.238	83.787
landsbokasafn.is	38.716	34.439	222.838	222.534
vefsafn.is	86.531	99.308	40.363	41.689
rafhladan.is	47.220	58.202	140.260	133.342
hvar.is (Landsaðgangur)	25.714	12.378	50.401	54.950
hljodsafn.is	16.445	17.761	179.820	140.813
hask.landsbokasafn.is (Handbók skrásetjara)	72.502	54.571	48.621	40.440
opinvisindi.is	14.481	11.969	123.295	88.878
jonashallgrimsson.is	10.641	12.607	60.824	47.738
Áttavitinn	21.263	30.068	65.561	75.337
islandskort.is	22.484	27.211	42.612	41.254
kvennasogusafn.is	8.107	7.245	32.736	28.436
einkaskjol.is	9.457	7.229	21.179	16.362
Lykilskrá	7.438	7.118	29.519	28.122
sagas.landsbokasafn.is	5.446	5.958	12.279	13.786
doktor.landsbokasafn.is	5.124	5.440	16.726	16.896
konurogstjornmal.is	4.020	3.548	7.546	6.747
utgafuskra.is	9.660	10.968	9.015	10.747
leikminjasafn.is	3.926	2.865	9.465	16.566
munlegsaga.is	1.686	1.122	4.161	2.066
bokaskra.landsbokasafn.is	1.154	3.556	2.694	1.669
openaccess.is	2.218	3.335	2.460	6.194
hallgrimurpetursson.is	1.483	504	6.521	4.807
Samtals 28 vefir	6.220.195	5.827.547	19.899.188	18.681.746

2.15 Samfélagsmiðlar – fjöldi færslna og fjöldi fylgjenda¹⁵

	Færslur 2020	Færslur 2021	Fylgjendur 2020	Fylgjendur 2021
Fésbók - Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	219	159	3.018	3.117
Fésbók - Handritasafn	72	50	1.527	1.595
Fésbók - Hljóð- og myndsafn	15	Lokað	928	Lokað
Fésbók - Kvennasögusafn	91	85	2.199	2.363
Fésbók - Konur og stjórnmál	0	Lokað	354	Lokað
Fésbók - Jónas Hallgrímsson	0	Lokað	150	Lokað
Fésbók - Tónlistarsafn	2	Lokað	1.042	Lokað
Fésbók - Ísmús	5	0	2.241	2.261
Twitter - Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	1	Lokað	250	Lokað
Twitter - Openaccess.is	136	29	256	262
Twitter - Kvennasögusafn	117	165	495	583
YouTube - Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	3	0	38	48
YouTube - Tónlistarsafn	0	0	93	106
Instagram - Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	0	66	0	331
Samtals	661	488	12.591	10.666

¹⁵ Notkun samfélagsmiðla hefur verið tilraunakennd, en hún útheimtir talsverða vinnu, og þeim hefur verið fækkað. Tölur eru endurskoðaðar milli ára. Instagram reikningurinn var stofnaður 1. sept. 2021.

3.0 SAFNKOSTUR

3.2 Skráður eintakafjöldi eftir efnistegund 2021 – unnið úr Gegni (skýrsla E01)

Efnistegund	Handrita safn	Lbs-Hbs	Íslands safn	Lögberg	Kvennasögusafn	Vara eintök	Rannsóknasetur HÍ	Alls 2021	Alls 2020
Blu-ray mynddiskur		384	82	1				467	419
Bók	2.262	432.088	226.455	10.707		118.233	6.782	796.527	795.650
Gagnasett		10	9			8		27	27
Geisladiskur CD		678	9.380	3		6.957		17.018	16.521
Geisladiskur-hljóðbók		575	1.241			819		2.635	2.590
Handrit	16.662			1	913			17.576	17.246
Hljómplata		4	3.982			3.249		7.235	6.981
Hljómplata-hljóðbók		2	87			71		160	159
Innbundin tímarit	17	8.544	7.331	193		338		16.423	16.673
Kort		46	1.480			24		1.550	1.547
MP3-hljóðbók		18	225			196		439	411
Myndband		1.165	992	1		15		2.173	2.170
Mynddiskur		3.920	1.452			57		5.429	5.323
Nótur		4.447	2.836			2.202		9.485	9.411
Skyggjur		5	22			7		34	31
Smáprent			1.075					1.075	
Snælda		122	1.227			783		2.132	2.100
Snælda-hljóðbók		100	724			558		1.382	1.376
Spil		7	61			29		97	87
Tímaritshefti	22	26.505	20.784	1.098		17.324		65.733	63.938
Tæki		3	1					4	4
Tölvugögn		794	433	4		246	2	1.479	1.468
Annað			4			1		5	667
Samtals	18.963	479.417	279.883	12.008	913	151.117	6.784	949.085	944.799

3.2.1 Safneign deilt niður á safneiningar – unnið úr Gegni (skýrsla E09)¹⁶

Heildarfjöldi titla	2018	2019	2020	2021
Handritasafn	2.386	16.162	16.178	16.187
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	403.017	374.175	368.507	400.359
Íslandssafn	168.356	175.483	178.999	181.474
Kvennasögusafn		51	102	187
Lögberg	9.331	9.368	9.130	9.034
Varaeintakasafn	104.207	108.296	111.523	115.482
Rannsóknasetur HÍ	5.372	5.433	5.497	5.577
Alls	692.685	688.968	689.936	728.300
Heildarfjöldi eintaka				
Handritasafn	18.885	18.930	18.948	18.963
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	498.401	498.626	485.997	479.417
Íslandssafn og sérsöfn	265.520	270.236	275.653	279.883
Kvennasögusafn		276	583	913
Lögberg	12.463	12.314	11.991	12.008
Varaeintakasafn	135.741	139.505	144.844	151.117
Rannsóknasetur HÍ	6.723	6.723	6.783	6.784
Alls	937.749	946.610	944.799	949.085

¹⁶ Tölur frá Landskerfi bókasafna. Talsverð grisjun átti sér stað á erlendum bókum og tímaritum á 4. hæð og í geymslum.

3.2.2 Aðföng

Skulduskil ¹⁷	2018	2019	2020	2021
Bækur (rit skráð sem bækur)	4.540	4.758	4.529	4.341
Tímarit (hefti)	3.513	5.248	3.635	4.303
Blöð (tölublöð)	6.144	5.850	5.223	3.579
Ársskýrslur	361	215	239	89
Veggspjöld	64	40	36	0
Landakort	8	3	2	4
Smælki (einingar)	5.660	5.023	7.510	3.275
Hljóðrit ¹⁸	339	267	233	304
Mynddiskar ¹⁹	15	4	11	1
Hljóðbækur rafrænt	25	138	306	1.919
Hljóðbækur á disk			55	46
Prentaðar nótur	9	238	21	37
Stafrænt efni í Skemmuni (fjöldi verka)	2.702	2.572	2.625	2.846
Stafrænt efni í Opin vísindi (fjöldi verka)	468	446	893	364
Stafrænt efni í Rafhlöðunni (fjöldi skráa)	2.552	1.204	7.637 ²⁰	1.267
Stafrænt efni í Hljóðsafni (fjöldi verka)	4.480	4.685	3.161	6.054
Vefsöfnun – fjöldi skjala í þúsundum	2018	2019	2020	2021
Heildarsafnanir	311.044	291.193	289.352	251.810
Vikulegar safnanir	92.723	86.665	63.702	78.961
Atburðasafnanir (RSS)	24.137	3.042	2.991	2.764
Sérsöfnun vegna Covid-19			58.947	60.275
Samtals fjöldi skjala í þúsundum	427.904	380.900	414.992	393.810
Önnur aðföng	2018	2019	2020	2021
Bækur, keyptar fyrir Þjónustusvið	362	297	180	235
Bækur, keyptar fyrir Íslandssafn	384	300	303	370
Bækur, keyptar fyrir HÍ fræðasvið og deildir	790	640	525	512
Bækur, gjafir/ritaskipti	6.100	5.206	4.471	4.560
Erlend tímarit, keypt í Lbs.-Hbs.	196	195	184	159
Erlend tímarit, keypt af HÍ	354	356	347	346
Erlend tímarit, keypt af stofnunum HÍ	2	2	1	1
Erlend tímarit, gjafir/ritaskipti	190	160	140	110
Eldri árgangar tímarita, gjafir	183	92	106	15
Íslensk tímarit, keypt	83	99	98	83
Íslensk tímarit, gjafir	20	25	25	25
Hljóðrit, keypt fyrir Íslandssafn	201	263	75	109
Hljóðrit, gjafir	331	548	1.083	412
Mynddiskar keyptir fyrir Þjónustusvið	59	19	19	29
Mynddiskar keyptir fyrir Íslandssafn	37	46	29	36
Mynddiskar keyptir fyrir HÍ fræðasvið og deildir	15	3	15	0
Mynddiskar, gjafir	239	135	159	55
Hljóðbækur, gjafir	23	18	42	24
Prentaðar nótur, gjafir	98	22	58	46
Ársskýrslur, gjafir	21	68	2	86
Tölvugögn, gjafir	2	32	43	18
Gagnagrunnar, keyptir fyrir Lbs.-Hbs., HÍ o.fl. ²¹	29	27	23	25
Aðföng handritasafns (einingar)	65	94	76	83
Aðföng kvennasögusafns (einingar)	21	16	13	29

¹⁷ Talin eru þau þrjú eintök sem varðveitt eru í Lbs.-Hbs. af bókum, dagblöðum, hljóðbókum og margmiðlunardiskum en tvö eintök eru varðveitt af smælki og veggspjöldum. Tölur um smælki eru áætlaðar.

¹⁸ Talin eru eintök af útgefnum hljóðritum sem varðveitt eru í Lbs.-Hbs. Einnig eiginútgáfa einstaklinga, kóra og hljómsveita.

¹⁹ Þ.e. titlar.

²⁰ Mikil aukning varð árið 2020 í skilum í Rafhlöðuna, en margar stofnanir nýttu ástandið í Covid-19 til að senda inn efni.

²¹ Safnið greiddi fyrir eða tók þátt í kaupum á 8 gagnasöfnum og svið og deildir HÍ greiddu fyrir önnur gagnasöfn.

Aðföng miðstöðvar munnlegar sögu (einingar)	4	10	7	7
Aðföng tónlistarsafns (einingar)		11	13	19
Frumupptökur íslenskrar tónlistar - hillumetrar		220	360	17
Aðföng leikminjasafns			1	17

3.2.3 Afskráning – Unnið úr Gegni (skýrsla E08)

Fjöldi afskráðra eintaka	2018	2019	2020	2021
Handritasafn	51	43	0	4
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	12.531	18.465	24.280	15.222
Íslandssafn	2.685	4.005	1.003	1.638
Lögberg	490	402	616	28
VR II	1.644	0	0	0
Varaeintakasafn	1.988	2.828	647	1.301
Rannsóknasetur HÍ	15	45	14	3
Alls	19.404	25.788	26.560	18.196

4. AÐGANGUR OG AÐSTAÐA

Vetrartími - afgreiðslutími í klukkustundum pr. viku ²²	80
Sumartími - afgreiðslutími í klukkustundum pr. viku	40-44
Prófatími – afgreiðslutími lengist í sex vikur	86
Fjöldi daga sem er opið í venjulegu árferði	320
Sæti	700
Lesherbergi fyrir einstaklinga	26
Hópvinnuherbergi	4
Hópvinnuborð	17
Fjöldi tölva fyrir notendur - tölvur og kiosk þjónustur	24
Fjöldi titla í samskrá – Gegnir ²³	1.269.424
Fjöldi eintaka í samskrá – Gegnir	5.847.255
Fjöldi færsla í leitarvél – Leitir (titlar og efni í rafrænum aðgangi)	2.630.000
Ljósritunarvélur, prentarar og skannar	16
Rými í fermetrum	
- Þjóðarbókhlaða	13.000.00
- Reykholt	851.40
- Geymsla í Mjódd	428.00

5. STJÓRNUN OG REKSTUR

5.1 Skjalastjórn

	2018	2019	2020	2021
Fjöldi nýrra mála í skjalakerfi	190	164	150	371

5.3 Útgáfa

	2018	2019	2020	2021
Kynningarefni				
Endurútgáfa bæklinga	8	8	8	8
Nýir leiðarvísar í Áttavitanum ²⁴	16	13	12	37
Sýningarskrár	1	2	2	1
Bæklingar	7	3	3	4
Samtals	32	27	25	50

²² Afgreiðslutími var mjög takmarkaður á árinu vegna Covid-19.

²³ Tiltæktir bókasafna í Gegni og Leitum vegna fyrirhugaðra kerfisfiska 2022, gera það að verkum að titlum og eintökum fækkar.

²⁴ 21 leiðarvísir kom frá bókasafni Menntavísindasviðs HÍ.

5.4 Forvarsla og bókbönd

	2018	2019	2020	2021
Bókbandsverk - einingar	22.586	25.698	16.100	16.078

5.5 Stafræn endurgerð – árleg viðbót

Prentað efni (fjöldi blaðsíðna)	2018	2019	2020	2021
Blöð og tímarit	64.277	73.409	115.323	100.969
Bækur	8.344	36.915	28.941	30.488
Handrit	21.014	37.493	31.235	39.436
Íslandskort	0	0	0	0
Gjörðabækur Alþingis				29.150
Fylgiefni fyrir Hljóðsafn	5.657	5.926	999	0
Einkaskjöl	1.487	0	200	1.223
Rafhlaðan	0	0	0	624
Samtals fjöldi blaðsíðna	100.770	152.743	176.698	201.890
Hljóðefni (fjöldi hljóðskráa)				
Hljóðskrár – tónlist	4.480	4.685	3.400	5.815
Hljóðskrár – viðtöl	253	843	0	0
Hljóðskrár - leikminjasafn				239
Samtals fjöldi hljóðskráa	4.733	5.528	3.400	6.054

5.6 Alþjóðleg númer

ISSN - tímaritsnúmer	2018	2019	2020	2021
Fjöldi stakra númera	79	124	202	134
ISBN - bóknúmer				
Fjöldi forlagsraða	48	77	74	81
Fjöldi stakra númera	193	173	222	219
ISMN - nótnúmer				
Fjöldi númeraraða	6	1	2	5
Fjöldi stakra númera	3	8	7	14
DOI - númer fyrir tímaritsgreinar ²⁵				
Fjöldi stakra númera		230	494	279

6. TEKJUR OG GJÖLD

6.2 Rekstrargjöld (í þús. króna)

	2018	2019	2020	2021
Laun	644.286	686.367	708.962	726.517
Ritakaup og aðgangur að rafrænum gögnum	274.154	325.259	345.283	361.024
Önnur gjöld	319.619	367.834	376.887	379.589
Samtals	1.238.000	1.379.460	1.431.132	1.467.130
	2018	2019	2020	2021
Laun	52.1	49.8	49.6	49,5
Ritakaup	22.1	23.6	24.1	24,5
Önnur gjöld	25.8	25.8	26.3	25,9

²⁵ Úthlutun DOI númera er ný þjónusta sem safnið veitir, en safnið er jafnframt aðili að CrossRef.

6.2 Skipting útgjalda milli sviða

Svið	2018	2019	2020	2021
Aðföng og skráning	20.0%	20.0%	15.5%	20,1%
Rekstur og upplýsingatækni	34.5%	34.5%	33.2%	31,7%
Varðveisla og stafræn endurgerð	15.9%	15,2%	16.5%	16,1%
Þjónusta og miðlun	29.6%	29.6%	34.8%	32,1%
Samtals	100%	100%	100%	100%

6.3 Rekstrarreikningur (í þús. króna)

Tekjur	2018	2019	2020	2021
Framlag Háskóla Íslands til ritakaupa	41.018	36.340	34.969	39.281
Innheimt vegna Landsaðgangs	128.652	123.841	145.644	134.049
Aðrar tekjur	82.997	113.558	141.301	155.498
Af fjárlögum	1.032.145	1.088.233	1.070.900	1.070.700
Samtals	1.284.812	1.361.972	1.392.805	1.399.528
Gjöld				
Laun	644.286	686.367	708.962	726.517
Rekstur húsnæðis	165.009	175.926	182.997	188.563
Ritakaup og aðgangur að rafrænu efni	76.916	98.837	103.290	106.198
Landsaðgangur að rafrænum áskriftum	197.238	226.422	241.992	254.826
Kostnaður vegna bókasafnskerfa (Landskerfi)	26.514	27.175	29.500	30.658
Rekstur tölvu- og tækjabúnaðar	40.124	45.640	46.840	44.120
Önnur gjöld	87.972	118.093	117.551	116.248
Samtals	1.238.059	1.379.460	1.431.132	1.467.130
Rekstrarafgangur / - halli	46.753	-17.488	-23.294	-67.602

7. STARFSFÓLK

7.2 Yfirlit yfir ársverk skipt á svið og eftir menntun

Ársverk skipt á starfseiningar	2018	2019	2020	2021
Aðföng og skráning	21.30	20.75	20.35	20.65
Rekstur og upplýsingatækni	12.80	13.60	12.80	12.80
Varðveisla og stafræn endurgerð	19.43	18.63	18.33	19.52
Þjónusta og miðlun	18.60	18.20	18.10	19.04
Samtals ársverk	72.13	71.18	69.58	72.01
Flokkun starfsmanna (ársverk)				
Bókasafnsfræðingar	28.25	28.00	26.90	26.90
Aðrir háskólamenntaðir	22.90	24.15	23.95	24.80
Aðrir bókaverðir	9.00	9.50	9.50	10.58
Aðstoðar- og skrifstofufólk	4,08	3,08	3,08	3,58
Iðnmenntaðir	7.90	6.45	6.15	6.15
Samtals ársverk	72.13	71.18	69.58	72.01

Kynbundin tölfræði

Starfsfólk	2018	2019	2020	2021
Karlar	32	30	28	30
Konur	47	48	49	49
Samtals	79	78	77	79
Starfsfólk - ársverk				
Karlar	29.80	28.65	26.65	27.87
Konur	42.33	42.53	42.93	44.14
Samtals	72.13	71.18	69.58	72.01
Starfsfólk – greidd námskeið / ráðstefnur				
Karlar			2	1
Konur			16	3
Samtals			18	4
Skráðir lánþegar (L01)				
Karlar	4.547	4.785	6.618	4.944
Konur	8.394	9.176	13.149	10.122
Ótilgreint, stofnanir, fyrirtæki	133	122	130	105
Samtals	13.074	14.083	19.897	15.171
Millisafnalán og greinabjónusta				
Karlar	570	618	512	515
Konur	807	697	559	561
Ótilgreint, stofnanir, fyrirtæki	232	163	136	112
Samtals	1.609	1.478	1.207	1.188
Gestir á lestrarsal 1.h.				
Karlar	2.766	2.376	1.473	1.997
Konur	1.126	1.068	529	814
Samtals	3.892	3.444	2.002	2.811
Leiga lesherbergja (mánuðir)				
Karlar	112	115	65	100
Konur	175	189	128	174
Samtals	287	304	193	274
Umfjöllunarefni sýninga				
Karlar	1	4	3	4
Konur	3	3	3	2
Ótilgreint, hlutir, stofnanir, fyrirtæki	5	2	4	5
Samtals	9	9	10	11
Erindi á málþingum og fundum				
Karlar	19	8	3	8
Konur	22	20	7	8
Samtals	41	28	10	16
Kjörgripur mánaðarins				
Karlar	5	7	7	6
Konur	2	2	3	4
Ótilgreint	5	3	1	2
Samtals	12	12	11	12



The National Union Catalog of Serials and Supplements
 522
 015
 597
 967
 501
 502
 508
 506
 482
 498
 480
 611
 607
 595
 580
 579
 547
 546
 565
 551